JENS ÓLAFSSON
Tók ástfóstri við jakka afa síns og alnafna
tíska jól
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON
Sátt í Klaufamálinu
Útvarpsstjóri lofar Rás 2 auknum fjármunum
FÓLK 60

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

20. desember 2007 — 346. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Umdeild erótík

Skiptar skoðanir eru á auglýsingu fyrir glæpasögu Þórunnar Erlu-Valdimarsdóttur.
FÓLK 74

Samheldni, kærleikur og gleði

Kvenfélagið Gefn í Garði er 90 ára.
TÍMAMÓT 44

Bækur halda sjó

„Nær öll hátekjulönd nema Bandaríkin gefa nú út fleiri bækur á mann en áður," skrifar Þorvaldur Gylfason.
Í DAG 36

Ágúst tekur við stelpunum



Ágúst Björgvinsson var í gær ráðinn landsliðsþjálfari kvenna í körfubolta.
ÍÞRÓTTIR 66

VEÐRIÐ Í DAG



ÞURRT FYRIR AUSTAN - Í dag verður sunnan strekkingur. Rigning og síðar skúrir en þurrt austan til á landinu. Hiti 5-12 stig.
VEÐUR 4

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

TILBÚNIR AÐ SLÁTRA AÐ HÆTTI ABRAHAMS Í gær var tíundi dagur Dihijja-mánaðar samkvæmt dagatali múslima en þá er venjan að slátra lömbum og skal viðhöfð aðferð Abrahams líkt og þegar hann fórnaði lambinu sem guð færði honum forðum daga og þakkaði honum þannig trúfestuna. Þetta getur reynst örðugt á Íslandi en þessir ellefu trúbræður fengu öll leyfi til að gera þetta líkt og hefð kveður á um í sláturhúsinu á Selfossi.
Sjá síðu 22

Miðbærinn stendur af sér vonda veðrið

Óveður hefur ekki áhrif á sölu í miðbænum. Sú hefð að versla í miðbænum á Þorláksmessu á síður en svo undir högg að sækja. Það sem af er desember hefur aðsókn og verslun verið meiri í Kringlunni og Smáralind en á sama tíma í fyrra.

VERSLUN „Óveðrið hefur greinilega ekki komið að sök því þeir verslunarmenn sem ég hef heyrt frá úr miðbænum eru gríðarlega ánægðir með jólasöluna og segja að síðustu þrír laugardagar hafi verið á við góða Þorláksmessu," segir Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóri Miðborgar Reykjavíkur.

Hákon Jónsson, framkvæmdastjóri Jóns og Óskars, sem er með verslun við Laugaveg, tekur í sama streng. „Það hefur verið mjög mikið að gera þótt vissulega hafi verið rólegt þegar allra verst viðraði en þá hefur bara verið þeim mun meira að gera þegar veður gengur niður."

Sigrún segir því ljóst að stóru verslunarmiðstöðvarnar séu síður en svo að ganga af verslun í miðbænum dauðri. „Síður en svo enda hafa allir lagst á eitt að gera þetta sem skemmtilegast sem vilja halda í þessa hefð að versla í miðbænum fyrir jólin. Til dæmis hefur Hjálpræðisherinn og Norræna félagið boðið vegfarendum upp á kakó, veitingahúsaeigendur hafa síðan verið með tilboð og Bílastæðasjóður hefur komið til móts við okkur með því að hafa bílastæðahúsin opin lengur. Að ógleymdum jólasveinunum sem hafa glatt marga með fjöri og góðgæti í poka."

Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að undanfarin ár hafi aðsókn í miðbænum á Þorláksmessu aukist. „Að jafnaði eru um 12 til 15 þúsund manns á Laugaveginum og í miðbæjarkvosinni á Þorláksmessu," segir hann. „Þetta geta orðið 20 þúsund manns þegar mest er. Og aðsóknin eykst frekar með árunum en hitt."

Á LAUGAVEGINUM Þó illa hafi viðrað að undanförnu lætur landinn það lítið á sig fá og leggur í verslunarleiðangur í miðbæinn. Kaupmenn eru kampakátir með aðsóknina það sem af er desembermánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

En þrátt fyrir góða aðsókn í miðbænum virðist ekkert lát vera á aðsókninni í Kringluna og Smáralind. „Jólin í fyrra voru algjört met og er aðsókn og verslun það sem af er desember meiri en í fyrra," segir Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar. „Við eigum svo von á því að þetta nái hámarki um næstu helgi." Hann segir að um 50 þúsund manns hafi komið í Kringluna á Þorláksmessu í fyrra.

Kristinn Jóhannesson, rekstrarstjóri Smáralindar, segir einnig aðsóknina meiri nú en á sama tíma í fyrra.
- jse

Verslun 10-11 í Grímsbæ:

Kylfum beitt í vopnuðu ráni

LÖGREGLUMÁL **Tveir unglingsdrengir vopnaðir kylfum rændu verslun 10-11 í Grímsbæ við Bústaðaveg um klukkan átta í gærkvöldi. Þeir komust undan með peninga og tóbak en náðust skömmu síðar. Enginn slasaðist.**

Samkvæmt lögreglu vaknaði grunur um hverjir voru að verki þegar starfsfólk lýsti útliti ræningjanna, sem voru grímuklæddir. Lögregluþjónar fóru heim til annars þeirra og fundu þar fyrir drengina og góssið. - sþs

SPURNING DAGSINS

Árni, er þetta byggt á veikum forsendum?

Það virðist vera einhver vírus í þessu, að minnsta kosti ganga menn ekki á öllum.“

Atvinnurekendur skylda starfsmenn til að hringja bæði í yfirmann sinn og sérstakt skráningarfyrirtæki til að tilkynna veikindi. Árni St. Jónsson, formaður SFR, segir þetta stríða gegn kjarasamningi.

Verðkönnun ASÍ á jólamatnum í sex verslunum á höfuðborgarsvæðinu:

Krónan og Bónus nær samstiga

VERÐKÖNNUN Mikill verðmunur er á einstökum vörum og verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er niðurstaða verðkönnunar sem ASÍ gerði á neysluvörum sem vinsælar eru fyrir jólin.

Til dæmis kostar Fitty samlokubrauð 289 krónur í Samkaupum en 122 krónur í Bónus. Munurinn er um 137 prósent. Yfir 100 prósent munur var á kílóverði á mandarínum sem er 119 krónur í Bónus en 239 krónur í Samkaupum. Í krónum talið var munurinn mestur 709 krónur, á SS birkireyktu hangilæri. Kílóverðið er 2.598 í Fjarðarkaupum en 1.889 í Krónunni og Bónus.

VERSLAÐ Verðmunur á brauði, baunum og mandarínum reyndist yfir 100 prósentum í verðkönnun ASÍ.

Það vekur athygli að af 28 vörum sem kannaðar voru í báðum verslunum reyndist verðmunur hjá Bónus og Krónunni vera innan við 4 krónur í 23 tilfellum. Bónus var með flestar vörurnar á lægsta verði en Samkaup var oftast með hæsta verðið.

Könnunin fór þannig fram að starfsmenn ASÍ tíndu vörurnar í körfu án þess að gera grein fyrir því að um verðkönnun væri að ræða þar til búið var að skanna allar vörurnar og gefa upp verð. Þá var óskað eftir því að fá verðstrimla til að vinna úr en í tveimur verslunum var því synjað. Það var í verslunum Hagkaupa í Skeifunni og Nóatúns við Hringbraut. Þær verslanir voru því ekki með í könnuninni. **- jse**

Íkveikja á Hverfisgötu:

Borinn eldur að þremur hæðum

LÖGREGLUMÁL Eldur var borinn að öllum þremur hæðum tóms húss við Hverfisgötu á ellefta tímanum í gærmorgun. Slökkviliðið segir öruggt að um íkveikju hafi verið að ræða.

Greiðlega gekk að slökkva þann litla eld sem logaði þegar slökkviliðið bar að. Brennuvargurinn hafði sópað saman rusli til að brenna á öllum hæðum hússins, að sögn varðstjóra slökkviliðs.

Níels Pálmar Benediktsson, framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Festa, sem á húsið, segir að húsið hafi verið autt í rúma tvo mánuði og bíði niðurrifs. **- sgj**

Kattaníðingur dæmdur:

Skildi kisulórur eftir á víðavangi

DÓMSMÁL 26 ára karlmaður var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að hafa skilið tvo ketti eftir á víðavangi. Maðurinn þarf að greiða 40 þúsund króna sekt eða sæta fjögurra daga fangelsisvist.

Í dómnum segir að maðurinn hafi vanrækt að sjá köttunum fyrir viðunandi vistarverum og fullnægjandi fóðri, drykk og umhirðu með því að skilja þá eftir í lok febrúar eða byrjun mars við hesthús á Hólmsheiði. Þar fundust kettirnir 3. mars. **- sgj**

Í HÓPI SLÖKKVILIÐSMANNA Bush og Cheney sýndu þakklæti sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldsvoði í Washington:

Bush þakkaði slökkviliðinu

BANDARÍKIN, AP **Eldur kom í gær upp í Eisenhower-byggingunni, stjórnsýsluhúsi sem er við hliðina á Hvíta húsinu í Washington. Þar hefur varaforseti Bandaríkjanna aðstöðu.**

Talið er að kviknað hafi í út frá rafmagni. Það tók slökkvilið ekki nema hálftíma að slökkva eldinn, en nokkrar skemmdir urðu á skrifstofum varaforsetans.

Dick Cheney varaforseti var þó staddur í Hvíta húsinu, þar sem hann hefur einnig skrifstofu. Hann brá sér út fyrir ásamt George W. Bush forseta til að þakka slökkviliðinu fyrir vel unnin störf. - gb

Íhugar málshöfðun eftir niðurlægingu

Íslensk kona sem þola mátti niðurlægjandi meðferð við komuna til Bandaríkjanna nýverið hefur fengið afsökunarbeiðni bandarískra stjórnvalda. Þau segja að starfsreglur verði endurskoðaðar í kjölfar atviksins en viðurkenna ekki mistök.

UTANRÍKISMÁL Erla Ósk Arnardóttir Lilliendahl íhugar nú málsókn á hendur bandarískum stjórnvöldum vegna ómannúðlegrar meðferðar við komu hennar til New York hinn 9. desember.

„Bandarískir lögfræðingar hafa sett sig í samband við mig og boðið mér að skoða málið. Við erum að skoða þetta í rólegheitum,“ segir Erla Ósk. Hún segir ekki langt að bíða þess að hún taki endanlega ákvörðun um málshöfðun.

Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna, fór með bréf frá heimavarnarráðuneyti Bandaríkjanna til ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins í gær.

Þar kemur fram að heimavarnarráðuneytið harmi atvikið, málið hefði átt að meðhöndla á annan og mildilegri hátt. Meðal annars af þessu tilefni verði starfsreglur ráðuneytisins vegna komu erlendra farþega til Bandaríkjanna og um meðferð á fólki sem bíður brottvísunar endurskoðaðar og úrbóta leitað.

Undir bréfið ritar Stewart Baker, aðstoðarráðherra í heimavarnarráðuneytinu. Hann stendur næstur Michael Chertoff, ráðherra heimavarna, að völdum í málum tengdum stefnumörkun.

Erla fór til New York með vinkonum sínum, en við komuna til Bandaríkjanna var hún hneppt í varðhald í um sólarhring og meðal annars leidd í hlekkjum að landgangi flugvélar sem flutti hana úr landi eftir brottvísun. Ástæðan var sögð sú að fyrir 12 árum dvaldi hún nokkrum vikum lengur í landinu en hún hafði heimild til.

HEIMAVARNIR Michael Chertoff, ráðherra heimavarna í Bandaríkjunum (fyrir miðju), fylgist með þegar nýr búnaður til að taka fingraför er tekinn í notkun á bandarískum flugvelli. Stjórnvöld ætla að endurskoða starfsreglur meðal annars í kjölfar kvartana íslenskrar konu. NORDICPHOTOS/AFP

AFSKAPLEGA ÁNÆGJULEGAR LYKTIR

„Ég er afskaplega ánægð með þau viðbrögð sem við fengum frá heimavarnarráðuneyti Bandaríkjanna, og fagna því að þeir skuli bregðast svo vel við þessum umkvörtunum hennar og okkar,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

„Þetta eru afskaplega ánægjulegar lyktir, ekki síst vegna þess að í bréfinu kemur fram að ráðuneytið telur ástæðu til þess að nota þetta mál til að fara yfir þá verkferla sem eru notaðir í Bandaríkjunum við móttöku á ferðamönnum,“ segir Ingibjörg.

„Mér líst vel á þessa niðurstöðu,“ segir Erla Ósk. „Ég er ánægð með að málið hafi verið tekið föstum tökum, og að þetta skuli leiða til þess að ef til vill lendi ekki fleiri í svipuðum aðstæðum.“

Erla Ósk segist líta á bréf heimavarnarráðuneytisins sem afsökunarbeiðni, en þar viðurkenni þeir þó ekki að mistök hafi verið gerð.

Hún ræddi við van Voorst vegna málsins í gær. Hyggist Erla Ósk fara aftur til Bandaríkjanna verður hún að fá vegabréfsáritun.

brjann@frettabladid.is

IMAD KANOUNI ÁSAMT LÖGMANNI Einn frönsku fanganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Guantanamo-fangar:

Hlutu dóm í Frakklandi

FRAKKLAND, AP **Fimm franskir ríkisborgarar, sem Bandaríkjaher hafði haft árum saman í haldi í Guantanamo á Kúbu, voru í gær sakfelldir af frönskum dómstól fyrir þátttöku í hryðjuverkastarfsemi.**

Þeir þurfa þó ekki að afplána neinn fangelsisdóm í Frakklandi.

Í gær voru enn fremur látnir lausir þrír breskir ríkisborgarar, sem hafa verið í haldi í Guantanamo árum saman. Samtals hafa þá tólf breskir ríkisborgarar verið látnir lausir, en enn eru tveir eftir í Guantanamo. - gb

Jólasveinninn í Lapplandi:

Vestræn börn vilja leikföng

FINNLAND Vestræn börn senda jólasveininum í Lapplandi langa og nákvæma óskalista yfir rándýr leikföng. Tónninn í bréfum sem koma frá börnum í löndum austan við Finnland er hins vegar annar.

Taina Ollila, aðalsveinka í pósthúsi jólasveinsins, segir að börn í austurvegi segi fyrst frá sjálfum sér og fjölskyldu sinni, óski jólasveininum langs lífs og góðrar heilsu og síðan komi þau með hófsamar óskir sínar. **- ghs**

Eimskipafélagið greiði 310 milljónir í sekt fyrir gróf brot á samkeppnislögum:

Reyndi að kafsigla Samskip

SAMKEPPNI Samkeppniseftirlitið (SE) hefur gert Eimskipafélaginu hf. að greiða 310 milljónir í sekt fyrir að hafa misnotað gróflega stöðu sína á sjóflutningamarkaði á árunum 2001 til 2002. Það er langhæsta sekt sem SE hefur lagt á fyrirtæki fyrir slíkt brot.

ÁSBJÖRN GÍSLASON

Brotin beindust gegn Samskipum og í tölvupóstssamskiptum sín á milli ræddu æðstu menn Eimskips fjálglega um að gera „árás“ á Samskip og setja það „á hælana“. Í ákvörðun SE segir að brot Eimskips séu mjög alvarleg og Samskip hefðu líklega hrökklast af markaði hefðu áætlanir Eimskips að fullu náð fram að ganga.

SJÓFLUTNINGAR Eimskip gerði viðskiptavinum meðal annars einkakaupsamninga, sem er ólöglegt ef fyrirtæki er ráðandi á markaði. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Forsvarsmenn Eimskipafélagsins segja málið sér í raun óviðkomandi og hafa áfrýjað. Eimskipafélagið sé í dag allt annað fyrirtæki en það sem bar sama nafn fyrir fimm árum og ábyrgðin hafi flust annað eftir miklar skipulags- og eignarhaldsbreytingar.

Rannsóknin hófst eftir kæru Samskipa en Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, segist þó hissa á alvarleika brotanna. „Við kvörtuðum yfir óeðlilegum viðskiptaháttum en við gerðum okkur raunverulega ekki grein fyrir því hversu skipulögð og umfangsmikil þessi aðför var að Samskipum og frjálsri samkeppni í landinu.“

Hann segir að skoðað verði hvort grundvöllur sé fyrir bótakröfu á hendur Eimskipafélaginu. **- sh / sjá síðu 24**

BÆKUR ÁRSINS!

Bókmenntaverðlaun 2007 Starfsfólk bókaverslana

SKÁLDSAGA ÁRSINS!

JÓN KALMAN

„VÁ! Mikið óskaplega er þetta góður skáldskapur."
– **Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan**

„Jón Kalman er kominn í röð okkar mestu og mikilvægustu höfunda."
– **Páll Baldvin, Fréttablaðið** ★★★★★

„Sagan er því stórkostleg samblanda af sögulegum fróðleik og listilegum skáldskap."
– **Ingi Björn Guðnason, bokmenntir.is**

„Þetta er frábær skáldsaga ... Það eru kaflar í þessari bók sem eru með magnaðri prósa sem skrifaður hefur verið á íslensku undanfarna áratugi."
– **Jón Yngvi, Ísland í dag** ★★★★

LJÓÐABÓK ÁRSINS!

KRISTÍN SVAVA TÓMASDÓTTIR

„bæði bítur og slær"
– **Jón Yngvi, Ísland í dag**

„Hún er köld, írónísk, æðrulaus en líka sjóðandi heit og fyndin."
– **Þröstur Helgason, Lesbók Morgunblaðsins.**

★★★★
– **Sigurður Hróarsson, Fréttablaðið.**

Bókmenntaverðlaun 2007 Starfsfólk bókaverslana



DYNAMO REYKJAVÍK



ÞÝDD BARNABÓK ÁRSINS!

Það kemur fáum á óvart að síðasta bókin um galdrastrákinn **Harry Potter** skuli vera valin **þýdd barnabók ársins**. Frá því fyrsta bókin kom út hefur sagan setið í efsta sæti á metsölulistum um allan heim. Á Íslandi hefur Harry Potter selst í yfir **100.000** eintökum. Nú er komið að lokum ævintýrisins og aðdáendur bíða spenntir eftir sögulokum. **Tryggðu þér eintak áður en hún hverfur.**

Bókmenntaverðlaun 2007 Starfsfólk bókaverslana

BJARTUR

GENGIÐ 19.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,14	63,44
Sterlingspund	126,68	127,3
Evra	90,86	91,36
Dönsk króna	12,174	12,246
Norsk króna	11,279	11,345
Sænsk króna	9,591	9,647
Japanskt jen	0,5588	0,562
SDR	98,84	99,42

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,7373
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarformaður Landsvirkjunar telur engan vafa á að heimild sé fyrir útrásararmi:

Könnuðu ekki lagaheimildir

ORKUMÁL Ekki var kannað sérstaklega í stjórn Landsvirkjunar hvort lagaheimildir væru til staðar fyrir stofnun Landsvirkjun Power og tilfærslu verkefna inn í fyrirtækið. Páll Magnússon, stjórnarformaður Landsvirkjunar, segist telja að Landsvirkjun hafi fulla heimild til að stofna félög og eiga í félögum.

„Það hafa engar efasemdir komið fram um þetta, hvorki þegar Landsvirkjun Invest var stofnað, eða þegar nafninu var breytt í Landsvirkjun Power og framkvæmda- og verkfræðisvið Landsvirkjunar voru færð þangað inn," segir hann. „Ég tel engan vafa á því að þetta sé heimilt."

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að lagaheimildir séu óljósar fyrir þeirri breytingu sem varð á starfsemi Landsvirkjunar þegar Landsvirkjun Power var stofnað og hluti verkefna Landsvirkjunar færðist þangað inn.

Landsvirkjun Power er hlutafélag, og tekur til starfa um áramótin. Eigið fé þess verður átta milljarðar króna, sem koma frá Landsvirkjun. Þar af eru allt að fimm milljarðar sem ætlaðir eru sem hlutafé í HydroKraft Invest, en Landsvirkjun Power mun eiga það fyrirtæki til helminga við Landsbankann. - sþs

Gamlir fengu sínu framgengt:

Orðin óma á ný eftir áramótin

ÚTVARP Dagskrárliðurinn Orð kvöldsins, sem var á dagskrá Rásar 1 þar til fyrir rúmum þremur mánuðum, hefst á ný 7. janúar á næsta ári. Þetta staðfestir Páll Magnússon útvarpsstjóri.

Þátturinn var tekinn af dagskrá vegna afkáralegar tímasetningar, en hann var síðasti dagskrárliður fyrir kvöldfréttir. Í honum var farið með stutta kvöldbæn.

Eldri borgarar brugðust við með því að funda með Páli og óska eftir að þátturinn yrði aftur settur á dagskrá. Ákveðið var að verða við þeirri ósk, en færa þáttinn eftir kvöldfréttirnar klukkan tíu. - sþs

Tímaritið Time:

Pútín valinn maður ársins

BANDARÍKIN, AP Bandaríska fréttatímaritið Time hefur valið Vladimír Pútín Rússlandsforseta sem mann ársins 2007.

VLADIMÍR PÚTÍN

„Hann er nýi keisarinn í Rússlandi og hann er hættulegur að því leyti sem hann lætur sér borgararéttindi og málfrelsi í léttu rúmi liggja," segir Richard Stengel, ritstjóri Time.

Áður hafa meðal annarra Adolf Hitler, Mahatma Gandhi, flestir leiðtogar Sovétríkjanna og flestir Bandaríkjaforsetar undanfarna hálfa öld verið menn ársins hjá Time. - gb

Umsátrið í Mosfellsdal:

Ekki jafn alvarlegt og talið var

LÖGREGLUMÁL Umsátursástandið sem skapaðist í Mosfellsdal á mánudagsmorgun var ekki eins alvarlegt og haldið var í fyrstu.

Lögreglan, ásamt sérsveitarmönnum og samningamönnum, sat um húsið í um eina og hálfa klukkustund en að því loknu kom maðurinn út. Var hann þá ekki vopnaður eins og talið var en undir áhrifum vímuefna. Málið er komið til rannsóknar hjá ofbeldisbrotadeild lögreglunnar en maðurinn hefur ekki verið ákærður. - ovd

PAKISTAN

Lest fór út af sporinu

Að minnsta kosti 58 létust og 150 slösuðust þegar lest með 900 manns innanborðs fór út af sporinu í 400 kílómetra fjarlægð frá borginni Karachi í Pakistan í gær. Mannskæð lestarslys eru tíð í Pakistan.

Skattamálin stóðu í ríkisstjórninni

Litlu munaði að kjaraviðræðurnar færu í loft upp í gær þegar forysta verkalýðshreyfingarinnar taldi sig skynja áhugaleysi hjá ríkisstjórninni. Forsætisráðherra ætlar að láta reikna út kostnað við kröfurnar. Viðræður halda áfram á nýju ári.

VINNUMARKAÐUR Ríkisstjórnin hefur ákveðið að „setja fólk til verka" til að fara yfir kröfugerð Alþýðusambands Íslands gagnvart ríkisstjórninni og verður viðræðum haldið áfram eftir hátíðarnar, að sögn Ingibjargar R. Guðmundsdóttur, varaforseta ASÍ.

Litlu munaði að kjaraviðræðurnar færu í loft upp í gær þar sem forysta ASÍ taldi sig skynja áhugaleysi hjá stjórnvöldum. Krafa um sérstakan persónuafslátt stóð í ríkisstjórninni.

Forysta ASÍ hitti Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra á miðvikudagskvöldið til að ræða kröfugerð samtakanna. Formenn landssambandanna hittust svo í gærmorgun og fóru yfir stöðuna. Á þeim fundi kom í ljós að formennirnir töldu ríkisstjórnina áhugalausa um aðkomu að samningunum. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, vill ekki gera mikið úr því en segir að auðvitað geti kveikurinn stundum verið stuttur hjá mönnum.

Eftir símtal varaforseta ASÍ og forsætisráðherra síðdegis í gær varð hins vegar ljóst að ríkisstjórnin vildi setja menn í útreikninga á kröfum og ræða málið betur. Þær viðræður hefjast eftir hátíðarnar. Varaforseti ASÍ segir að verkalýðsforystan hafi verið að bíða eftir svari frá ríkisstjórninni við áherslum ASÍ. „Við höfum verið að gera bæði ríkisstjórn og öðrum skýra grein fyrir því að aðkoma ríkisstjórnarinnar með þeim hætti sem við höfum verið að leggja upp sé forsenda fyrir því að við náum kjarasamningum," segir hún.

„Við vorum orðin töluvert áhyggjufull og fólk var farið að setja sig í þær stellingar að reyna nýjar leiðir þegar við heyrðum frá forsætisráðherra. Ríkisstjórnin er tilbúin til að setja fólk til verka með okkur strax eftir hátíðar við að fara yfir þetta og reyna að finna ásættanlegar lausnir. Við vorum nánast komin að þeirri niðurstöðu að það væri ekki vilji til að gera neitt í málinu en förum nú vonbetri inn í jólin," segir Ingibjörg.

Starfsgreinasambandið hefur afboðað samningafund sem átti að vera í dag. Kristján segir að hinkrað verði fram yfir jól og áramót enda fáist ekki skýrt svar. Ekki sé hægt að halda áfram viðræðum fyrr en fréttir fáist af þeirri mikilvægu forsendu sem aðkoma ríkisstjórnarinnar sé. ghs@frettabladid.is

VILL SKOÐA MÁLIÐ BETUR Verkalýðshreyfingin var „nánast komin að þeirri niðurstöðu að ekki væri vilji til að gera neitt í málinu en förum nú vonbetri inn í jólin," segir Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, en hún og forsætisráðherra ræddu saman í síma í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FÓLK SETT TIL VERKA „Ríkisstjórnin er tilbúin til að setja fólk til verka með okkur," segir Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ.

ORÐIN LANGEYG Verkalýðsforystan var orðin langeyg eftir svari frá ríkisstjórninni, að mati Kristjáns Gunnarssonar, formanns Starfsgreinasambandsins.

Viðræður Tyrkja og ESB:

Stefnt verði að fullri aðild

BRUSSEL, AP Utanríkisráðherra Tyrklands skoraði í gær á ríkisstjórnir Evrópusambandslandanna að standa við gefin fyrirheit um að viðræður þær sem sambandið á nú í við Tyrki miðuðu að því að þeir fengju fulla aðild að sambandinu.

ALI BABACAN

Hvatti tyrkneski ráðherrann, Ali Babacan, á blaðamannafundi í Brussel ráðamenn ESB-ríkjanna til að láta Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta ekki fá því framgengt að ESB breyti samningsmarkmiðinu í að Tyrkir fái viðaminni samning um náin tengsl við sambandið í stað fullrar aðildar. Sagði hann slíka viðleitni „óábyrga". - aa

Í hættu vegna olíuborana:

Hvalir lögsækja olíufyrirtæki

FILIPPSEYJAR Hvalir og höfrungar eru meðal þeirra sjávardýra sem eru á lista yfir kærendur í lögbannsmáli gegn olíufyrirtæki á Filippseyjum. Dýrin eru skjólstæðingar tveggja umhverfissinnaðra lögfræðinga sem segjast vera ráðsmenn hinna lægra settu dýrategunda.

Samkvæmt filippeyska fréttavefnum Inquirer leggjast lögfræðingarnir gegn áformum fyrirtækisins Japex um olíuboranir í Tanonsundi, sem liggur á milli eyjanna Negros og Cabu. Þeir vilja að hæstiréttur landsins tryggi öryggi þeirra dýra sem halda til á svæðinu. - sþs

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ÁFRAM VÆTUSAMT

Kort næstu daga eru blaut. Núna með morgninum er víða einhver væta síst þó austan til. Eftir hádegi dregur töluvert úr vætu á landinu sunnan- og suðvestanverðu en þó má búast við skúraveðri þar áfram í dag. Á morgun er enn ein lægðin í spilinu með vætu all víða, einkum þó sunnan og vestan til. Þessa daga verður milt. Um helgina dregur úr mestu hlýindunum.

REYKJAVÍK Í DAG

Sunnan strekkingur. Rigning í fyrstu og síðar skúrir. Milt.

um hádegi »



» *á morgun*



» *laugardagur*


Hæg, suðlæg eða breytileg átt.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	5°C heiðskírt	London	7°C heiðskírt	Friedrichshafen	9°C heiðskírt
Billund	4°C heiðskírt	París	3°C heiðskírt	Lúxemborg	4°C heiðskírt
Osló	-1°C hálfskýjað	Amsterdam	6°C heiðskírt	Alicante	18°C skúrir
Stokkhólmur	3°C hálfskýjað	Frankfurt	5°C heiðskírt	Róm	11°C heiðskírt
Gautaborg	5°C heiðskírt	Berlín	3°C heiðskírt	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

NOKIA 6267 - 3G

Léttkaupsútborgun:

900 kr.

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð 24.900 kr.

Tónlist, myndsímtal og háhraða-nettenging í símanum þínum.

SONY ERICSSON Z310i

Léttkaupsútborgun:

1.900 kr.

750 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð 10.900 kr.

Léttur og lipur samlokusími
með myndavél.

SONY ERICSSON K810i - 3G

Léttkaupsútborgun:

5.900 kr.

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð 29.900 kr.

Sjónvarp, tónlist, myndsímtal og
háhraðanettenging í símanum þínum.

Harðir pakkar

Símabúðirnar eru fullar af frábærum jólatilboðum í desember. Þar færðu jólagjöfina í harða pakkann ásamt skemmtun og afþreyingu til að lífga upp á jólaundirbúninginn.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**

Sími

Netið

Sjónvarp

KJÖRKASSINN

Ert þú búin(n) að setja upp jólaskraut?

Já	72%
Nei	28%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér rétt að hafa auglýsingahlé í miðju áramótaskaupinu?

Segðu skoðun þína á visir.is

Ágreiningur um aðstæður á slysstað þegar stúlka missti fingur:

Deilt um viðvörunarskilti

SLYS „Við höfum ekkert ósatt sagt," segir Ásgeir Sigurðsson, staðgengill forstöðumanns Laugardalslaugarinnar, um ágreining sem kominn er upp um aðstæður á slysstað þegar ung stúlka missti fingur við laugina.

Forstöðumaðurinn sagði í Fréttablaðinu á þriðjudag, að stúlkan hefði fest fingurinn í vírlykkju á viðvörunarskilti á bakka grunnu laugarinnar, sem hafi verið fjarlægt eftir slysið.

Þetta segir Ragnar Karl Ingason, sem var á staðnum þegar slysið átti sér stað, alrangt. Þar hafi ekkert skilti verið, einungis vírlykkjan. Ragnar Karl og unnusta hans voru í lauginni og var umrædd stúlka í för með þeim.

DEILUR UM SKILTI Deilt er um hvort viðvörunarskilti hafi verið á bakka laugarinnar þegar stúlka missti fingur eða einungis festingin.

„Vírinn var mjór, sterklegur og um fjórir sentimetrar í þvermál en skiltið hafði verið fjarlægt," segir Ragnar Karl.

„Stúlkan var á leið inn í búningsherbergi og þar sem það var hált studdi hún sig við handriðið. Svo virðist sem vísifingur hægri handar hafi smogið inn í vírlykkjuna og hún við það misst jafnvægið og dottið.

Ég benti tveimur starfsmönnum Laugardalslaugar á vírlykkjuna og þeir brugðust skjótt við og klipptu vírinn," segir Ragnar Karl Ingason. **- jss**

Fjöldi bifreiða varð fyrir tjóni:

Þrír bílar brunnu í bifreiðaskemmu

LÖGREGLUMÁL Eldur kom upp í stórri skemmu við Gufunesveg í nótt og var slökkvilið kallað út um átta leytið í gærmorgun. Þrjár fólksbifreiðar brunnu í eldinum. Þær voru allar númerslausar, en þó nothæfar.

Upptök eldsins eru ókunn og virðist hann hafa slökknað af sjálfsdáðum, mögulega vegna súrefnisskorts í geymslunni. Enginn varð eldsins var um nóttina. Málið er í rannsókn.

Að sögn varðstjóra slökkviliðs var fjöldi bifreiða í skemmunni, þar á meðal húsbílar, tjaldvagnar og rútur. Urðu margar bifreiðanna fyrir tjóni vegna sóts og reyks. **- sgj**

AFHENDING Ásgerður Jóna Flosadóttir hjá Fjölskylduhjálp Íslands og Linda Pétursdóttir hjá Iceland Spa & Fitness.

Líkamsræktarkort gefin:

Efnalitlir unglingar fá gjöf

FÓLK Linda Pétursdóttir afhendi í gær Fjölskylduhjálp Íslands 100 mánaðarkort í líkamsræktarstöðvar Iceland Spa & Fitness.

Gjöfin er ætluð efnalitlum unglingum sem oft gleymast þar sem gjafir mannúðarsamtaka eru frekar hugsaðar fyrir börn. Gjöfin til unglinganna kemur í stað jólagjafar fyrirtækisins til starfsmanna sinna. - ovd

Lögreglustjóri kveðst ekki sjá bresti í liðinu

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir sameiningu lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu hafa skilað tilætluðum árangri. Stefán Eiríksson lögreglustjóri tekur ekki undir fullyrðingar um bresti í lögregluliðinu vegna álags.

LÖGREGLUMÁL „Við skynjum ekki stöðuna þannig," segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, um þá fullyrðingu ritstjóra Lögreglublaðsins að of mikið álag og léleg kjör valdi bresti í lögregluliðinu.

„Þó að álagið sé vissulega mikið á menn þá er þetta ákaflega samheldinn og góður hópur. Þegar gefur á bátinn þá þjappa menn sér saman á okkar vinnustað eins og öðrum," segir lögreglustjóri.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að frá því ríkislögreglustjóri tók saman í byrjun september greinargerð um lögreglumenn hafi staðan ekki versnað. Í úttektinni kom fram að lögreglumenn á landinu öllu væru 710, eða sami fjöldi og árið 2006. Þá hafi nemum í lögregluskólanum fjölgað.

Dómsmálaráðherra segir niðurstöðu úttektar á nýskipan lögreglumála verða birta snemma á næsta ári. „Sameiningin hefur gengið mjög vel hér á höfuðborgarsvæðinu og skilað þeim árangri, sem að var stefnt," segir Björn.

Að sögn dómsmálaráðherra leggur hann höfuðáherslu á að efla löggæslu í landinu. „Innri skipan einstakra embætta er í höndum lögreglustjóra. Stefán Eiríksson hefur mikinn metnað fyrir embætti sitt og liðsmenn þess. Hann hefur markað skýra stefnu og fylgt henni fram af þunga og fyrir opnum tjöldum," segir ráðherra.

Spurður um þá fullyrðingu ritstjóra Lögreglublaðsins að nemar og afleysingamenn séu saman á lögreglubílum og takist á við verkefni sem séu of krefjandi og vandasöm fyrir aðra en faglærða lögreglumenn svarar dómsmálaráðherra: „Yfirstjórn lögreglu tekur ákvarðanir um skipan manna í bifreiðar og treysti ég mati hennar í því efni."

Stefán Eiríksson segir að upp hafi komið einstaka slík tilfelli. „Við gerum þetta ekki nema í ítrustu neyð þegar við höfum ekki menntaða lögreglumenn til að manna alla bíla," segir Stefán sem kveður nú um 30 lögreglunema fylla stöður menntaðra lögreglumanna. Ástandið batni á næsta ári þegar um 80 manns útskrifist úr lögregluskólanum.

Þá segir Stefán að vandinn hafi verið ljós fyrir nokkrum mánuðum og að gripið hafa verið til ráðstafana, meðal annars þeirra að taka upp tímabundnar álagsgreiðslur til allra starfandi lögreglumanna. „Við höfum að minnsta kosti náð að stöðva þá þróun sem blasti við og í einhverjum tilvikum náð mönnum til baka," segir lögreglustjóri.

gar@frettabladid.is

BJÖRN BJARNASON OG STEFÁN EIRÍKSSON Dómsmálaráðherra og lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

G. JÖKULL GÍSLASON Ritstjóri Lögreglublaðsins.

BROSTIN STJARNA Forsvarsmenn Lögreglublaðsins létu brostna lögreglustjörnu skreyta forsíðu nýjasta blaðsins og segja það tákn um ástandið hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

Gæsluvarðhald yfir þremur Pólstjörnumönnum framlengt um sex vikur:

Rannsókn skútumáls að ljúka

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á stóra fíkniefnamálinu sem kom upp í Fáskrúðsfjarðarhöfn í haust er nánast lokið. Aðeins er eftir að ganga frá gögnum og senda þau í ákærumeðferð hjá embætti ríkissaksóknara. Er gert ráð fyrir að það verði á allra næstu dögum, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Rannsóknin hefur verið mjög umfangsmikil en gengið vel," segir Karl Steinar.

Þrem af fimm sakborningum sem sitja undir lás og slá hér á landi vegna málsins var í fyrradag gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi í sex vikur. Einn til viðbótar situr í gæsluvarðhaldi, en sá fimmti hefur hafið afplánun vegna annarra afbrota.

Þá situr Íslendingur í gæsluvarðhaldi í Færeyjum í tengslum við málið. Hann reyndist hafa í fórum sínum tæpt kíló af e-töfludufti og um það bil 800 grömm af amfetamíni.

Rétt um þrír mánuðir eru liðnir síðan málið kom upp þegar lögreglan tók um fjörutíu kíló af fíkniefnum í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn. Um var að ræða amfetamín, e-töfluduft og e-töflur. **- jss**

VARÐSKIPIÐ ÆGIR OG SMYGLSKÚTAN Rétt um þrír mánuðir eru síðan lögreglan tók um 40 kíló af fíkniefnum í skútunni.

TÖLVUVERSLUN með þjónustuna í lagi

Erum fluttir að Suðurlandsbraut 26

Sama góða þjónustan!

BORÐTÖLVUTILBOÐ / FARTÖLVUTILBOÐ

MIKIÐ ÚRVAL JAÐARTÆKJA OG AUKABÚNAÐAR

ALHLIÐA TÖLVUVERSLUN og TÖLVUÞJÓNUSTA þar sem fyrirtæki og einstaklingar fá faglega ráðgjöf, tölvuvörur, tölvuþjónustu og viðgerðir. Hafðu samband, skoðaðu ítarlegan vef okkar á www.takkar.is eða líttu við í verslun okkar.

Við veitum hraða og vandaða þjónustu!



SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SUÐURLANDSBRAUT 26 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

1 gjafabréf – 3 ferðaskrifstofur!

Þú getur valið úr fjölbreyttu úrvali ferða hjá þremur ferðaskrifstofum. Allt í einu gjafabréfi.

Úrval-Útsýn: 585 4000
Sumarferðir: 514 1400
Plúsferðir: 535 2100

ÚRVAL-ÚTSÝN SUMARFERÐIR plús FERÐIR

30-90 % afsláttur

af vinsælum bókum

OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla

Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 500 titlar

67%* afsláttur

TILBOÐ 499 kr
Almennt verð 1.499,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.830 kr
Bókatíðindaverð 5.480,-

35%* afsláttur

TILBOÐ 2.780 kr
Bókatíðindaverð 4.280,-



TILBOÐ 9.980 kr
Bókatíðindaverð 12.980,-
frá 1. janúar 2008

35%* afsláttur

TILBOÐ 2.900 kr
Bókatíðindaverð 4.480,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 1.050 kr
Bókatíðindaverð 1.500,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 1.530 kr
Bókatíðindaverð 2.190,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.280 kr
Bókatíðindaverð 4.690,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.130 kr
Bókatíðindaverð 4.480,-

35%* afsláttur

TILBOÐ 2.260 kr
Bókatíðindaverð 3.490,-



90%* afsláttur

TILBOÐ 199 kr
Almennt verð 1.999,-

35%* afsláttur

TILBOÐ 3.230 kr
Bókatíðindaverð 4.980,-



30%* afsláttur

TILBOÐ 5.580 kr
Bókatíðindaverð 7.980,-

36%* afsláttur

TILBOÐ 1.600 kr
Bókatíðindaverð 2.490,-

Allir titlar til í Smáralind, Kringlu og Skeifu, minna í öðrum búðum

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.

Gildir til og með 21. desember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða íslenski spéfugl mun leika á móti John Cleese í nýrri auglýsingu Kaupþings?*
2. *Hver er nýr forsætisráðherra Úkraínu?*
3. *Hver var kosin knattspyrnukona ársins á dögunum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 74

Velta á fasteignamarkaði í nóvember 52 prósentum hærri en í nóvember 2006:

Sýsl með stórar eignir hluti skýringa

FASTEIGNAMARKAÐUR Mikil umsvif voru á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu í síðastliðnum nóvembermánuði. Heildarvelta viðskipta nam 26,2 milljörðum króna í samtals 768 þinglýstum samningum.

INGIBJÖRG ÞÓRÐARDÓTTIR

Veltan er um fimm milljörðum króna lægri en í október en um níu milljörðum króna hærri en í nóvember í fyrra.

Ingibjörg Þórðardóttir, fasteignasali á Híbýli og formaður Félags fasteignasala, segir að vissulega hafi fasteignaverð hækkað á heilu ári og telur fimmtán prósenta hækkun ekki fjarri lagi. Hluti skýringar á stóraukinni veltu á milli ára liggi þar.

VELTA Á FASTEIGNAMARKAÐI

á höfuðborgarsvæðinu (tölur eru í milljörðum króna)

	Nóv. 2007	Okt. 2007	Des. 2006	Nóv. 2006	Okt. 2006
Fjölbýli	15.845	19.400	10.297	10.589	8.746
Sérbýli	5.513	7.036	4.072	3.755	3.750
Aðrar eignir	4.878	4.812	4.149	2.881	4.017
Samtals	26.236	31.248	18.518	17.225	16.513

Heimild: Fasteignamat ríkisins

En þar með er ekki öll sagan sögð. Stórar eignir eru oft seldar í tví- eða þrígang áður en þær fara í almenna sölu. Þegar verktakar og fjárfestar eiga viðskipti með fjölbýlishús er samningi fyrir hverja íbúð þinglýst sem aftur birtist í tölum Fasteignamatsins um fjölda samninga og fjárhæðir þeirra. „Það er töluvert um að eignir fari í stórum pökkum á milli fjárfesta," segir Ingibjörg og telur slíkt hafa verið uppi á teningunum í nóvember og eiga sinn þátt í veltuaukningu milli ára.

- bþs

Útilíf Smáralind, Kringlunni og Glæsibæ // Markið // Intersport // Hreysti
Afreksvörur // Fitness Sport // Hlaup.is // Halldór úrsmiður Glerártorgi

P. ÓLAFSSON ehf.
Trönuhrauni 6 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 565 1533 • Fax: 565 3258

Leikfangasalar með gagnrýni á báða bóga

Verslunarstjóri Toys R Us kallar auglýsingar og markaðsbrellur Just4Kids siðlausar. Framkvæmdastjóri Just4Kids segir að gagnrýnin sé kjánaleg.

NEYTENDUR Lögmenn leikfangaverslunarinnar Toys R Us hafa sent framkvæmdastjóra Just4Kids bréf þar sem búðin er sökuð um ólögmæta viðskiptahætti. „Ef hann hættir ekki, þá förum við í mál," segir Guðrún Kristín Kolbeinsdóttir, verslunarstjóri Toys R Us.

Málið varðar auglýsingar Just4Kids um að búðin bjóði lægsta verðið á leikföngum, „miklu, miklu lægra en í Toys R Us". Í auglýsingunum er borið saman verð á vörum í búðunum og lýst yfir „verðstríði". Í sumum þeirra er vísað í verðkönnun Fréttablaðsins frá nóvember.

„Hann gefur upp rangt verð hjá okkur og segir að við seljum vörur sem við seljum ekki," segir Guðrún. „Helmingurinn af vörunum sem hann bar saman hefur aldrei verið til hjá okkur."

Elías Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Just4Kids, vísar ásökunum Guðrúnar á bug. „Þarna er í öllum tilfellum vitnað í verð og vörur sem Toys R Us auglýsa sjálf á þeim tíma," segir Elías.

„Við höfum sent fólk með verðkannanir til þeirra reglulega, en höfum ekki séð að þau lækki verð á móti okkur," segir Elías. „Þess vegna finnst okkur þetta kjánaleg gagnrýni." Hann bætir við að eðlilegt sé að auglýsa það þegar ein búð lækkar verð umfram aðra.

Guðrún gagnrýnir einnig að Just4Kids hafi staðsett auglýsingabíl á Reykjanesbrautinni við fráreinina að verslun Toys R Us. Þar eru vegfarendur beðnir um að beygja ekki og þeim bent á að Just4Kids sé fram undan.

„Okkur finnst þetta óheiðarlegt og siðlaust, bæði að gefa upp rangt verð og svo að reyna að beina viðskiptavinum frá búðinni okkar," segir Guðrún. Just4Kids fjarlægði bílinn að ósk Toys R Us.

„Reykjanesbrautin getur aldrei talist tilheyra þeim. Bíllinn var staðsettur mörg hundruð metrum frá búðinni þeirra," segir Elías. „Við höfum orðið vör við það að fólk geri sér ekki grein fyrir hvar búðin okkar er staðsett. Margir héldu að við værum þar sem Toys R Us er. Við vildum bara benda fólki á að Just4Kids væri fram undan, en ekki til hægri."

steindor@frettabladid.is

VERÐSTRÍÐ Í auglýsingum Just4Kids er lýst yfir verðstríði. Framkvæmdastjóri Just4Kids segir Toys R Us ekki lækka verð á móti, heldur einungis hóta lögfræðiaðgerðum.

TOYS R US Verslunarstjóri Toys R Us segir Just4Kids fara með rangt mál í auglýsingum. Gefið sé upp rangt verð og vörur auglýstar sem ekki fást í búð þeirra.

Einn lést og annar slasaðist í lestarslysi í Frakklandi:

Vörubíll lenti framan á lest

FRAKKLAND, AP Hraðlest og vörubíll skullu saman í Frakklandi í gær. Vörubílstjórinn lést í árekstrinum og lestarstjórinn slasaðist alvarlega.

Áreksturinn varð á gatnamótum skammt frá bænum Tossiat í austurhluta Frakklands. Orsök slyssins er óljós. Tálmarnir við gatnamótin voru í heilu lagi og engin merki um að vörubíllinn hafi farið í gegnum þá.

34 lestarfarþegar fengu minni háttar meiðsli í árekstrinum og fengu meðhöndlun á staðnum.

AÐSTÆÐUR KANNAÐAR Nokkrir farþegar fengu lost í árekstrinum að sögn yfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lestarstjórinn var fluttur á nálægt sjúkrahús.

- sdg

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF

JÓLAVÖRUÚTSALA

50%

AFSLÁTTUR VIÐ KASSA AF ÖLLU JÓLASKRAUTI!

„CORAL" BAÐSLOPPUR

Einstaklega mjúkur og þægilegur.

1.990,-

„BANGSÍMON" & „PRINCESS" BAÐSLOPPAR

Virkilega fallegir, þykkir og mjúkir baðsloppar úr flísefni. Litir: Bleikur og blár. Stærðir: 2 - 8 ára.

1.990,-

HVERGI BETRA VERÐ!

„TEMPRAKON" HEILSUKODDI

VERÐ ÁÐUR: 6.990,-

5.490,-

VERÐ ÁÐUR: 22.900,-

19.900,-

„TEMPRAKON" GÆSADÚNSÆNG

Nýjar dúnsængur með byltingarkenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina. Sængin er fyllt með 90% hvítum gæsadún og 10% smágerðu fiðri. Stærð: 135 x 200 sm. Þolir þvott við 60°C. Sængin er astma- og ofnæmisprófuð.

2.490,-

„EXIDO" KAFFIKANNA

10 bolla vél úr stáli og svörtu plasti. Tekur 1,4 lítra.

„EXIDO" KETILL

Ketill úr stáli og svörtu plasti. Tekur 1,5 lítra. Hæð: 20,5 sm. 2000 vött.

1.990,-

990,-

„FOCUS" HITAKANNA

Fín hitakanna úr stáli og svörtu plasti. Tekur 1 líter.

2.990,-

„MACAL" VELOUR ÁBREIÐA

Vandaðar og fallegar ábreiður úr 65% bómull og 35% akrýl. Fást í nokkrum litum. Stærð: 145 x 200 sm.

690,-

MYNDAHANDKLÆÐI

Ný sending af vinsælu myndahandklæðunum okkar. Komdu og skoðaðu úrvalið. Stærð: 72 x 150 sm.

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

1.490,-

„SCULL" SÆNGURVERASETT

Töff „Scull" sængurverasett fyrir stelpur og stráka. Litir: Svartur og hvítur. Stærð: 140 x 200 sm.

LEIFSSTÖÐ Tveir Pólverjar hafa rofið farbann undanfarnar vikur og látið sig hverfa af landi brott. Myndin er úr myndasafni og er ekki viðkomandi fréttinni.

Leitaðir uppi og handteknir

Þeir sem eru í farbanni á höfuðborgarsvæðinu verða að tilkynna sig á lögreglustöð einu sinni eða oftar á sólarhring, ella eru þeir handteknir.

LÖGREGLUMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gerir mönnum sem eru í farbanni vegna meintra afbrota hér á landi að tilkynna sig að minnsta kosti einu sinni á sólarhring, eða oftar, á lögreglustöð. Ef þeir mæta ekki eru þeir leitaðir uppi og handteknir, að sögn Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra. Hafi þeir sýnt tilburði að fara úr landi er gerð krafa um gæsluvarðhald yfir þeim.

Mikið hefur verið rætt um farbann sem úrræði, gagnsemi þess og gagnsleysi, að undanförnu eftir að uppvíst varð um tvo Pólverja sem voru í farbanni ef yfirgáfu landið með skömmu millibili. Þeir eru nú eftirlýstir á Schengensvæðinu.

„Í fyrsta lagi tökum við vegabréf og ferðaskilríki af viðkomandi,“segir Stefán. „Síðan er um að ræða útfærslu á tilkynningaskyldu viðkomandi á lögreglustöð meðal annars með tilliti til mats á því hvort sá sem sætir farbanni muni reyna að koma sér úr landi. Eftir því sem tengsl viðkomandi við landið eru minni, þeim mun ríkari kröfur gerum við um tilkynningaskyldu.“

Stefán segir að með ofangreindum hætti beiti embættið á höfuðborgarsvæðinu þeim heimildum sem séu fyrir hendi til að marka farbanninu og þeim sem þar eiga í hlut ákveðin skilyrði.

„Hafi menn einhverjar athugasemdir við þau skilyrði sem við setjum þá geta þeir borið þau undir dómara,“ segir útskýrir lögreglustjóri.

Samtals 28 manns hafa verið úrskurðaðir í farbann það sem af er þessu ári. 14 manns sæta farbanni nú, þar af sjö á höfuðborgarsvæðinu. Farbann yfir sex þeirra sem allir eru í litháíska þjófagenginu, rennur út í dag, en jafnframt fellur dómur í máli þeirra.

jss@frettabladid.is

Gluggaþvottamaður í NYC:

Lifði af 47 hæða fall af háhýsi

BANDARÍKIN Alcides Moreno, 37 ára gluggaþvottamaður frá New York, er á lífi þrátt fyrir að hafa hrapað niður 47 hæðir af skýjakljúfi. Hann dvelur þó enn á sjúkrahúsi og er líðan hans slæm.

Starfsfólk sjúkrahússins grunar að Alcides hafi náð að halda sér í planka á leiðinni niður, sem hafi nýst honum sem nokkurs konar svifbretti. „Ef maður hrapar af tíundu eða elleftu hæð er nokkuð öruggt að hann láti lífið," sagði læknir á sjúkrahúsinu. „Þessi maður hefði átt að látast við fallið."

Bróðir mannsins, Edgar, hrapaði einnig í sama slysi og lést. - sgj

27 ára karlmaður fékk þriggja og hálfs árs dóm fyrir glæpaferðir sínar um landið:

Rændi, reykti og kveikti í húsi

DÓMSMÁL Guðmundur Freyr Magnússon, 27 ára síbrotamaður, var í gær dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir fjölda hegningar-, umferðar- og fíkinefnabrota, meðal annars íkveikju í Þorlákshöfn í janúar.

Fyrstu brotin áttu sér stað 19. september 2006. Þá reyndi Guðmundur grímuklæddur að ræna söluturninn Leifasjoppu í Reykjavík, með hníf að vopni. Afgreiðslumaðurinn flúði út um bakdyrnar, Guðmundur elti með hnífinn á lofti en gafst upp á eftirförinni.

Seinna um kvöldið fór Guðmundur til Selfoss og stal þar bifreið og ók henni til borgarinnar,

FJÖLDI AFBROTA Guðmundur rændi íbúð í Þorlákshöfn og kveikti svo í henni til að fela fingraför.

þrátt fyrir að hafa verið sviptur ökuréttindum. Lögregla stöðvaði Guðmund á Höfðabakka. Var hann undir áhrifum fíkniefna og fundust 0,56 grömm af kannabis á honum.

Hin brotin áttu sér stað 20. janúar í ár. Guðmundur braust inn í parhús í Þorlákshöfn og stal þaðan rafmagnsgítar, myndbandsupptökuvél, myndavél, sjónvarpsflakkara, fartölvu, minnislykli og greiðslukorti. Kortið notaði hann til að greiða fyrir þjónustu á hjólbarðaverkstæði.

Til að fela fingraför sín í húsinu sótti Guðmundur sér bensínbrúsa, hellti úr honum innanhúss og kveikti í. Íbúðin kolbrann að innan og reyk lagði yfir í næstu íbúð, þar sem kona og tvö börn sváfu. Þetta kvöld var hann einnig undir áhrifum fíkniefna og stýrði ökutæki.

Guðmundur játaði sök. Hann á að baki ellefu ára sakaferil og var síðast dæmdur til sextán mánaða fangelsis í febrúar. Héraðsdómur

Fékk mánaðar skilorð:

Kýldi lögreglu og reif lak í klefa

DÓMSMÁL 43 ára karlmaður var í gær dæmdur í mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa skemmt áklæði í fangaklefa á Eskifirði í júlí, veist að tveimur lögreglumönnum, kýlt annan í andlitið og sparkað í maga hins. Maðurinn réðst á lögregluþjónana þegar þeir höfðu afskipti af honum í klefanum. Sá sem hann kýldi hlaut mar á vinstra kinnbein vegna höggsins.

Maðurinn játaði brot sitt og þar sem hann hafði aldrei komist í kast við lögin ákvað dómari að veita honum mildan dóm. Hann greiddi jafnframt fyrir allan skaða sem hann varð valdur að. - sgj

JON S. CORZINE Ríkisstjóri New Jersey undirritar lög um afnám dauðarefsingar.
NORDICPHOTOS/AFP

New Jersey í Bandaríkjunum:

Dauðarefsing afnumin

BANDARÍKIN, AP Dauðarefsing var á mánudag afnumin í New Jersey, er ríkisstjórinn undirritaði lög þar að lútandi sem samþykkt voru á ríkisþinginu í síðustu viku. New Jersey varð þar með fyrsta ríkið í Bandaríkjunum til þess að afnema dauðarefsingu lögformlega síðan hæstiréttur landsins heimilaði hana á ný árið 1976.

Í New Jersey hafa átta fangar beðið eftir fullnustu dauðarefsingar, en þeir fá allir sjálfkrafa í staðinn ævilangan fangelsisdóm án áfrýjunarheimildar.

Enginn hefur verið líflátinn í New Jersey síðan árið 1963, þrátt fyrir að dauðarefsing hafi verið leidd þar í lög á ný árið 1982. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók á umferðarskilti

Bifreið var ekið á umferðarskilti á gatnamótum Biskupstungnabrautar og Laugarvatnsvegar laust fyrir klukkan níu í gærmorgun. Ökumaður var einn í bílnum og slasaðist minni háttar á baki.

Krækti sér í veski

Þjófur stal veski úr heimahúsi í miðborginni í gær. Til þess notaði hann kústskaft sem fest var á skrúfjárn, og krækti í veskið inn um glugga á jarðhæð. Í veskinu voru meðal annars peningar og greiðslukort. Þjófurinn er ófundinn.

designSmykker™
by bræmer denmark
Fáanlegt í setti
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

TOYS"R"US
COLOR kids
DACKO
FRJÁLST VAL
4.899,-
ÞÚ SPARAR 2.100,-
181271
DACKO JUNGLE
Fjarstýrð. Sexföld fjöðrun.
Með rafhlöðum og hleðslutæki.
43 sm. 7 aðgerðir. 9 km/t. 1:12. 27 MHz.
Venjulegt lágvöruverð er 6.999,00
181283
DACKO RESCUE
Fjarstýring. Sexföld fjöðrun.
Raflhlöður og hleðslutæki fylgja.
36 sm. 7 aðgerðir. 14 km/t. 1:14. 40 MHz.
Venjulegt lágvöruverð er 6.999,00
4.999,-
ÞÚ SPARAR 1.000,-
106010
COLOR KIDS TEIKNITRÖNUR
Segulmögnuð hvít tafla og pappírsrúlla á öðrum megin og segulmögnuð tafla hinum megin.
Auðvelt að setja saman. Hæð: 105 sm.
Venjulegt lágvöruverð er 5.999,00
MY Dough
TOOL BOX
1.999,-
ÞÚ SPARAR 500,-
450428
MY DOUGH VERKFÆRATASKA
Með 4 herbergjum. Innifalið: 4 ílát af 150 g mótunarvaxi, leikdúkur og verkfæri.Venjulegt lágvöruverð er 2.499,00
3.999,-
ÞÚ SPARAR 500,-
116468
CARS BUMLE-GÖNGUBÍLL
Með vélhljóði. Bumle hreyfir augun í takt við tónlistina og er rúmgóður undir sætinu. Fyrir 12 ára og eldri.
Notar 2 C-rafhlöður.
Venjulegt lágvöruverð er 4.499,00
5.499,-
ÞÚ SPARAR 1.000,-
089262
BABY BORN DÚKKA
Opnar og lokar augum. 43 sm.
Venjulegt lágvöruverð er 4.899,00
Nærstum því eins og alvöru barn með fullt af möguleikum
Er einnig hægt að finna sem dökk dúkka
BABY born
089245
BABY BORN BARNAÆFINGAGALLI
Venjulegt lágvöruverð er 6.499,00
2.899,-
ÞÚ SPARAR 2.000,-
ÞAÐ ER OPIÐ ENN LENGUR EN VENJULEGA Í DESEMBER. KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.TOYSRUS.IS
Tilboðin gildir til og með 31.12.2007 og aðeins í Smáratorg. Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð.
SMÁRATORG 3, 200 KÓPAVOGUR. SÍMI 5500 800

Í 500 METRA HÆÐ Austurríkismaðurinn Felix Baumgartner virðist svífa í loftinu rétt áður en þyngdaraflið tekur við. Fallhlífin á baki hans bjargaði honum þó frá bráðum dauða þar sem Baumgartner kaus að stökkva fram af hæstu fullkláruðu byggingu heims, 101 Turninum í Taívan, sem er 509 metra hár. NORDICPHOTOS/AFP

Árlegur kvótaákvörðunarfundur sjávarútvegsráðherra Evrópusambandsins:

Ekki farið að ráði fiskifræðinga

BRUSSEL, AP Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandsríkjanna ákváðu í fyrrinótt að heimila á næsta fiskveiðiári mun meiri veiði á fisktegundum sem eru hætt komnar í lögsögu þeirra, svo sem á þorski, en fiskifræðingar höfðu mælt með.

Samkvæmt samkomulaginu, sem var barið saman á maraþonfundi sem stóð langt fram á nótt, er heildarkvótinn fyrir Norðursjávarþorsk aukinn um ellefu prósent, en það er í fyrsta sinn í mörg ár sem þorskveiðiheimildir þar eru ekki skornar niður. Niðurskurður veiðiheimilda úr öðrum stofnum var minni en fiskifræðingar mæltu með.

„Ákvörðun dagsins í dag viðheldur þriggja áratuga hefð ráðherravangetu sem er að draga fiskimið Evrópu niður á óendurkræft stig," var það sem Saskia Richartz, talsmaður grænfriðunga, hafði um niðurstöðuna að segja.

Meðal ráðstafana í ráðherrasamkomulaginu eru nýjar aðgerðir gegn brottkasti. Gagnrýnt er þó að hluti af þeim ráðstöfunum byggir á því að útgerðarmenn fiskiskipa velji sjálfviljugir að taka þátt í þeim. **- aa**

MÓTMÆLI Grænfriðungar spöruðu ekki mótmælin gegn ofveiði í ESB-lögsögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísindaveiðar Japana á hval:

Vopnað eftirlit með veiðum

ÁSTRALÍA, AP Áströlsk stjórnvöld munu hugsanlega senda skip í einkaeigu vopnað vélbyssum og öflugum myndavélabúnaði til að hafa eftirlit með árlegum hvalveiðum Japana á suðurheimskautssvæðinu, að því er ástralska blaðið The Sydney Morning Herald greindi frá.

Nýkjörinn forsætisráðherra Ástralíu, Kevin Rudd, hyggst tilkynna stefnu stjórnar sinnar gegn hvalveiðum í þessari viku. Hann hefur ekki útilokað að beita herskipum við eftirlit.

Mikil andstaða er í Ástralíu við vísindaveiðar Japana sem eru í ár þær umfangsmestu hingað til. - sdg

GIRNILEG JÓL
Þorláksmessuskata
Stór humar
Humarsúpa prinsinns
OPIÐ ALLA HELGINA 8-19
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
HAFID FISKIPRINSINN
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

Allskonar jólagjafir

Útvarpsönd
Gerir baðferðina skemmtilegri.

Pennar
Vandaðir og glæsilegir.

Töskur
Gerðar til að ferðast. Margar stærðir og gerðir.
eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

Ríkisstjórnin vinnur gegn Seðlabankanum

Hækkun ríkisútgjalda í fjárlögum 2008 vinnur gegn því að verðbólgumarkmið Seðlabankans náist segir þingmaður Framsóknarflokks. Vandinn er veikt tæki Seðlabankans og þrískiptur lánamarkaður segir þingmaður Sjálfstæðisflokks.

EFNAHAGSMÁL Nýsamþykkt fjárlög fela í sér um 18 prósenta hækkun á ríkisútgjöldum milli ára. Með þessari efnahagsstefnu vinnur ríkisstjórnin gegn Seðlabankanum, sem reynir að koma verðbólgu undir sett markmið, segir Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins.

Þingmenn flokksins hafa gagnrýnt aukin ríkisútgjöld í umræðum um fjárlögin, og segja þau hafa bein áhrif á hagstjórnina, sem byggi á því að Seðlabankinn viðhaldi lágri verðbólgu.

„Ég er á því að þetta kerfi eigi að geta virkað, en það byggir á því að menn vinni samhent í því að ná þessu markmiði. Við erum alls ekki sáttir við stöðuna þar eins og stendur," segir Magnús.

Ríkisstjórnin og Seðlabankinn komust að samkomulagi vorið 2001 um að halda verðbólgu innan við 2,5 prósent. Í dag stendur verðbólgan í 5,9 prósentum, og hefur ekki verið innan markmiðanna síðan í apríl 2004, fyrir tæplega fjórum árum.

„Við höfum haft ríkisstjórn sem hefur verið óábyrg við stjórn efnahagsmála. Það hefur komið í veg fyrir að verðbólgumarkmið Seðlabankans, sem hann er þrátt fyrir allt að beita sér fyrir, nái fram að ganga," segir Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna.

Hann segir Seðlabankann hafa tvö tæki í baráttu við verðbólguna. Áherslan hafi verið á stýrivextina, og þeir hækkaðir of mikið. Seðlabankinn hafi reynt of lítið að beita fortölum við ríkisstjórnina, sem megi kalla hitt tæki bankans.

„Vandinn er sá að við erum með þrískiptan lánamarkað á Íslandi," segir Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis. Það séu óverðtryggð lán í krónum, verðtryggð lán í krónum, og lán í erlendri mynt.

Gallinn við verðbólgumarkmið Seðlabankans er að stýrivaxtahækkanir bankans hafa áhrif á óverðtryggðu lánin, en aðeins takmörkuð áhrif á löngum tíma á verðtryggðu lánin, og engin áhrif á þau erlendu, segir Pétur.

Það að verðbólgumarkmiðið hafi ekki náðst er ekki merki um að kerfið virki ekki, segir Pétur. Vandinn hafi verið óvenjulegar aðstæður á húsnæðismarkaði undanfarin ár, lækkandi vextir og aukin þensla.

„Heilt yfir hefur gengið illa að ná verðbólgumarkmiðinu, en menn hljóta frekar að líta til efnahagslífsins í heild, hvort við séum á réttri leið," segir Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar.

brjann@frettabladid.is

SEÐLABANKINN Verðbólgan var síðast innan verðbólgumarkmiðs Seðlabankans í apríl 2004. Vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans er í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Við höfum haft ríkisstjórn sem hefur verið óábyrg við stjórn efnahagsmála.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> ÞINGFLOKKSFORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

Stöðugt fleiri dýr eru notuð í tilraunaskyni í Svíþjóð:

Músin oftast notuð í tilraunir

SVÍÞJÓÐ Stöðugt fleiri dýr eru notuð í tilraunaskyni í Svíþjóð. Í fyrra var rúmlega hálf milljón dýra notuð í tilraunir en þá hafði dýratilraunum fjölgað um fimm prósent milli áranna 2005-2006 og nítján prósent 2004-2005. Algengast er að tilraunir séu gerðar á músum. Þetta gildir bara um Svíþjóð.

Sænska landbúnaðarstofnunin hefur skoðað tilraunir á dýrum og segir að aukningin sé að hluta til vegna þess að fiskur sé tekinn með í tölfræðinni síðustu árin. „Þetta endurspeglar vísindastarfsemina að miklu leyti. Við höfum miklar og góðar lyfja- og háskólatilraunir," hefur sænska dagblaðið Dagens Nyheter eftir John Brautigam, dýralækni og deildarstjóra við landbúnaðarstofnunina.

Um leið og dýratilraunum fjölgar fara stöðugt meiri peningar í lífrænar rannsóknir. Í réttu hlutfalli við aukið fjármagn er fjölgun tilraunadýra aðeins lítil, að hans sögn. „Við viljum gjarnan halda og vonum að tilraunir til að finna öðruvísi aðferðir gefi góðan árangur," segir hann.

Algengasta tilraunadýrið er músin. Fjöldi tilraunamúsa eykst ár frá ári meðan fjöldi rottna, naggrísa og kanína minnkar. „Þýðing músarinnar fyrir rannsóknirnar eykst stöðugt og það er vegna þeirra genarannsókna sem hægt er að gera á músum," segir Dagens Nyheter. **- ghs**

ALGENGASTA TILRAUNADÝRIÐ Algengasta tilraunadýrið í Svíþjóð er músin. Sífellt fleiri mýs eru notaðar í tilraunum meðan rottum, naggrísum og kanínum fækkar.

Heimastjórnin á Grænlandi:

Endurskipulag án uppsagna

GRÆNLAND Grænlenska landstjórnin sendi nýverið frá sér fréttatilkynningu þess efnis að engar uppsagnir myndu fylgja endurskipulagi á stjórnsýslunni sem gengur í gildi eftir áramót. Þetta kom fram á vef grænlenska dagblaðsins Sermitsiak. Stefnt er að því að endurskipulagið hafi í för með sér talsverða einföldun á starfsháttum grænlensku heimastjórnarinnar. Einföldun stendur jafnframt til á fleiri sviðum grænlenskrar stjórnsýslu þar sem sveitarfélögum landsins verður á komandi ári fækkað talsvert með samruna og þannig dregið úr rekstrarkostnaði. **- vþ**

Mikil spenna enn í röðum andstæðra fylkinga í Suður-Afríku:

Reynt að bera klæði á vopnin

SUÐUR-AFRÍKA, AP Andstæðar fylkingar stuðningsmanna Jacobs Zuma og Thabo Mbeki reyna nú að bera vopn á klæðin og ná fram sáttum eftir hatramma kosningabaráttu fyrir leiðtogakjör í Afríska þjóðarráðinu, ANC.

Sigurvegarinn, Jacob Zuma, hefur lengi verið einn umdeildasti stjórnmálamaður Suður-Afríku. Hann er sagður siðspilltur og skorta dómgreind, vera hálfgerður trúður jafnvel: Hláturmildur og fyrirferðarmikill maður sem gjarnan klæðir sig í hlébarðaskinn að hætti Zúlúmanna, á nokkrar eiginkonur og hefur ekki tölu á barnafjölda sínum.

Hann hefur verið ákærður fyrir nauðgun og enn eru spillingarmál á hendur honum óútkljáð fyrir dómstólum. Helsta siðgæðisrödd þjóðarinnar, Desmond Tutu erkibiskup, hvatti flokksfélaga sína á föstudaginn til þess að kjósa ekki Zuma, mann sem „flest okkar myndu skammast sín fyrir“.

Þrátt fyrir allt þetta nýtur hann mikilla vinsælda, einkum meðal ungs fólks og í dreifbýlinu. Hann þykir hlýrri persónuleiki en Mbeki, og hefur lagt áherslu á að styðja við bakið á fátæklingum.

Hinar miklu vinsældir hans skiluðu sér í því að á flokksþingi ANC hlaut hann 2.329 atkvæði en mótherjinn Mbeki aðeins 1.505. Zuma tekur því við af Mbeki sem leiðtogi flokksins og þykir þá nokkuð öruggur um að verða forseti Suður-Afríku að loknum kosningum árið 2009. **- gb**

ÁNÆGÐUR MEÐ SIGURINN Sigurvegarar leiðtogakjörsins, þeir Jacob Zuma og Kgalema Motlanthe, sem verður varaformaður ANC.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

JÓLAGLEÐIN ER AÐ GEFA ÖÐRUM Matarkörfur útbúnar af sjálfboðaliðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Starfsmenn SPRON hjálpa:

Sælla að gefa en þiggja

FÓLK Sjötíu starfsmenn SPRON vinna nú sem sjálfboðaliðar við að útbúa körfur með mat og fleiru sem síðan er úthlutað til þeirra sem ekki sjá sér fært að kaupa jólamat.

Verkefnið er unnið fyrir Rauða kross Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar sem hafa yfirumsjón með verkinu en þessir aðilar úthluta sameiginlega slíkum jólaglaðningum fyrir jólin.

Að sögn Jónu Pétursdóttur, forstöðumanns almannatengsla hjá SPRON, eru allir starfsmenn SPRON í varaliði Rauða kross Íslands sem þýðir að til þeirra er leitað ef mannskap þarf í verkefni sem þetta. **- ovd**

SVÍÞJÓÐ

Sprengja í gengjastríði

Sprengjusveit frá lögreglunni í Malmö í Suður-Svíþjóð gerði á sunnudag óvirka sprengju sem hafði verið komið fyrir við verslun í bænum Andersberg. Að sögn lögreglu eiga tvö gengi af ólíkum kynþáttum í erjum í Andersberg.

FINNLAND

Tveir látnir

Talið er að tveir hafi látist í bænum Nokia í Finnlandi þegar frárennslisvatn blandaðist saman við kranavatnið nýlega. Helmingur bæjarbúa veiktist í mengunarslysinu.

ENNEMM / SÍA / NM30938

Afgreiðslutímar í vínbúðunum

á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og í Keflavík um jól og áramót 2007

Fimmtudagur 20. desember
Opið kl. 11.00 - 20.00
Vínbúðirnar Dalvegi & Skeifunni opna kl. 09.00

Föstudagur 21. desember
Opið kl. 11.00 - 20.00
Vínbúðirnar Dalvegi & Skeifunni opna kl. 09.00

Laugardagur 22. desember
Opið kl. 11.00 - 22.00
2 dagar til jóla!

Sunnudagur 23. desember
ÞORLÁKSMESSA
LOKAÐ*

Mánudagur 24. desember
Opið kl. 09.00 - 13.00
Vínbúðirnar Kringlunni & Smáralind opna kl. 10.00

Fimmtudagur 27. desember
ALMENNUR AFGREIÐSLUTÍMI

Föstudagur 28. desember
Opið kl. 11.00 - 20.00
Vínbúðirnar Dalvegi & Skeifunni opna kl. 09.00

Laugardagur 29. desember
Opið kl. 11.00 - 20.00
2008 nálgast!

Sunnudagur 30. desember
LOKAÐ*

Mánudagur 31. desember
Opið kl. 09.00 - 14.00
Vínbúðirnar Kringlunni & Smáralind opna kl. 10.00

Afgreiðslutíma vínbúða um allt land má sjá á www.vinbud.is

VÍNBÚÐ lifum, lærum & njótum

* Skv. áfengislögum er óheimilt að hafa opið á sunnudögum.

Betra verð!

200-250sm Normannsþinur

4990

HÚSASMIÐJAN

Stærri jólatré betra verð

OPIÐ í Skútuvogi til kl 22:00 fram til jóla

Hýasinta

10 kr

aðeins í dag!

(2 stk á mann)

Leiðisgreinar Leiðiskross

1990 kr/stk

10 stk Jólatúlípanar

1199

Rafrænt gjafakort

Þægileg og einföld gjöf!

30-60%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG JÓLALJÓSUM
Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI TIL JÓLA

Flíspeysa
Herra, rauð, Cesil
5860822-7
2.999 ~~4.999~~

Flíspeysa
Dömu
5860755-9
6.999

Harðir pakkar í Húsasmiðjunni

Kaffivél
Russell Hobbs, 1300W, 3 í einni, filter, espresso, latte/cappuchino, 1,2 ltr vatnstankur, 10 bollar filterkaffi, 4 bollar espresso, öryggisventill á þrýstingi, gufustútur
1807504
8.999

Pressukanna
2000301
999

Vöflujárn Bomann, Estate
1840842
2.299 ~~2.800~~

blómaval

Frábært verð
7.999

Verkfærasett, Bauker
Borvél, 650W m. höggi
Stingsög, 650W, stillanlegur hraði og framkast
Juðari, 180W
Vinnuborð
5244908

Bleikt verkfærasett
í fallegri bleikri tösku
5000464
3.499

óträlegt verð
1.499

Skrúfvél, Bauker
3.6V, Led ljós, bitar og beltisvasi
5244907

Fyrrverandi bílaframleiðandi verður næsti forseti Suður-Kóreu:

Einbeitir sér að efnahagnum

SUÐUR-KÓREA, AP Lee Myung-bak, frambjóðandi Íhaldsflokksins, vann yfirburðasigur í forsetakosningunum í Suður-Kóreu í gær. Hann hefur lagt áherslu á efnahagsmálin í kosningabaráttu sinni.

Lee hlaut hann tæplega 49 prósent atkvæða. Næstur í röðinni varð Chung Dong-young, frambjóðandi frjálslyndra, með rúm 26 prósent atkvæða, og þar á eftir kom Lee Hoi-chang, sem er óháður frambjóðandi og hlaut 13,5 prósent samkvæmt útgönguspánni.

Lee er fyrrverandi framkvæmdastjóri Hyundai-bifreiðaverksmiðjanna og var um tíma borgarstjóri í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu. Kjósendur binda vonir við að honum takist að rétta við efnahag landsins og virðast láta sér í léttu rúmi liggja þótt ásakanir hafi heyrst um kosningasvindl.

SIGRI FAGNAÐ Lee Myun-bak fagnar sigri ásamt eiginkonu sinni, Kim Soon-ok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Undanfarinn áratug hafa stjórnmálamenn úr Frjálslynda flokknum gegnt forsetaembætti í Suður-Kóreu.

Fáeinum dögum fyrir kosningar samþykkti þing Suður-Kóreu að óháð nefnd skyldi rannsaka ásakanir um að Lee hefði stundað óeðlileg viðskipti með hlutabréf. Rannsókninni á að ljúka fyrir 25. febrúar, þegar hann á að sverja embættiseið sinn.

- gb

Reikna með þátttöku ríkisvaldsins

Kópavogsbær, Íslenska óperan og fjárfestar ætla að hefja byggingu óperuhúss snemma á næsta ári. Samningur ríkis og Óperunnar upp á 176 milljóna króna árlegan styrk heldur hvar sem Óperan er, að sögn menntamálaráðherra.

KÓPAVOGUR „Íslenska óperan er sjálfseignarstofnun með samning við ríkisvaldið upp á 176 milljónir á ári," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Hún segir ennfremur að á sínum tíma hafi verið ákveðið að Óperan færi ekki í nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið, nema kannski með ákveðnar stærri uppfærslur. „Ef Kópavogsbær er tilbúinn að sjá Óperunni fyrir húsnæði þá heldur samningur ríkis og Óperu auðvitað," segir Þorgerður Katrín.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segist hafa rætt málið við mennta-, fjármála- og forsætisráðherra. „Engar formlegar umræður hafa átt sér stað en þeir hafa tekið þessum hugmyndum vel, sérstaklega menntamálaráðherra," segir Gunnar.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti samhljóða á fundi sínum á þriðjudaginn viljayfirlýsingu um byggingu óperuhúss í Kópavogi. Í yfirlýsingunni segir meðal annars að bærinn styðji stofnun einkahlutafélags með þátttöku Kópavogsbæjar, fjárfesta og Íslensku óperunnar um byggingu óperuhúss í Kópavogi. Þá er gert ráð fyrir að óperuhúsið verði boðið út sem einkaframkvæmd en nýja félagið sjái um undirbúning verksins sem og taki við störfum undirbúningsnefndar, þar með talda samkeppni um hönnun hússins.

SYNGJANDI GLAÐUR BÆJARSTJÓRI Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, getur kannski hlýtt á Hamraborgina í nýja óperuhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki er gert ráð fyrir að Kópavogsbær komi að rekstri hússins heldur verði hann í höndum Íslensku óperunnar með stuðningi ríkisvaldsins en Íslenska óperan er meðal annars rekin með ríkisstyrkjum. Að sögn Stefáns Baldurssonar óperustjóra hafa engar umræður farið fram um hvort Óperan fái aukið fjármagn vegna verkefnisins. Hins vegar sé ljóst að núverandi húsnæði sé það lítið að tap sé á rekstri sýninga, jafnvel þótt það sé uppselt í öll 450 sæti Óperunnar.

Er þá gert ráð fyrir að Óperan flytji starfsemi sína í Kópavog en eins og kunnugt er standa nú yfir framkvæmdir við byggingu nýs tónlistarhúss í Reykjavík.

„Því miður hefur Íslensku óperunni aldrei staðið til boða að fá aðstöðu í tónlistarhúsinu," segir Stefán en hann segir frumkvæði að byggingu óperuhúss koma frá Kópavogsbæ.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við byggingu hússins verði um tveir og hálfur milljarður. Til stendur að salurinn rúmi átta hundruð gesti og þar verði tvennar svalir. Er áætlað að framkvæmdir geti hafist snemma árs 2008 og að húsið verði tilbúið til notkunar síðla árs 2010.

olav@frettabladid.is

Hlýjar jólatáslur
Jólainniskór í fjólubláum eða gráum lit.
Fást í stærðunum 37-41 og kosta 400 krónur.

Pabbi enn í ógnarbasli á með bindið sitt ...
æi, nei, það var víst flibbinn – en hvernig væri að gefa honum nýtt bindi og ermahnappa í stíl? Askjan kostar 800 krónur.

Hér þarf ekki pelahitara
Þetta er nefnilega vasapeli fyrir fullorðna og það er drykkurinn sjálfur sem yljar manni. Tilvalinn fyrir veiðimenn og útivistarfólk. 400 krónur.

Látum sönginn hljóma hátt ...
MP3-hátalarar fyrir MP3-spilara. Nú er hægt að skrúfa upp í græjunum ... Hátalararnir eru 10 cm háir og það er hægt að stinga þeim í samband við rafmagn eða nota rafhlöður. 800 krónur.

Tíminn líður
Og við fylgjumst með. Fullorðinsúr með leðuról á 400 krónur.

TIGER
Villidýr á verði
Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF

DYNAMO REYKJAVÍK

LÁN ÁN ÁBYRGÐARMANNA*

FRÍTT DEBETKORT

HÆRRI INNLÁNSVEXTIR

LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR

AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM

SÉRKJÖR Á BÍLAFJÁRMÖGNUN*

NÁMSKEIÐ OG RÁÐGJÖF Í FJÁRMÁLUM

Fáðu BYR undir báða vængi

Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fáir alltaf það besta sem er í boði.

Með því að vera með allt á sama stað færð þú betri kjör og meiri fríðindi

BYR
SPARISJÓÐUR

*Útlán eru háð lánareglum.

BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

JÓL Í KÍNA Hvergi hefur verið til sparað í ljósaseríum við þetta bílastæði í Peking, höfuðborg Kína, þar sem hvert einasta tré er uppljómað og stærðarinnar jólatré skreytt upp í topp. Jólahald nýtur sífellt meiri vinsælda meðal Kínverja.

NORDICPHOTOS/AFP

Sigurður Guðmundsson landlæknir um málefni dvalarheimilisins á Hvolsvelli:

Liðsauki hefur borist frá LSH

HEILBRIGÐISMÁL Starfsmenn landlæknisembættisins eru að fara yfir málefni hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols á Hvolsvelli vegna misklíðar sem þar hefur komið upp milli starfsmanna, að sögn Sigurðar Guðmundssonar landlæknis. Heimilinu hefur borist liðsauki frá LSH.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að tveir sjúkraliðar væru hættir störfum á Kirkjuhvoli og einn hjúkrunarfræðingur sömuleiðis. Í fundargerð kemur fram að sjúkraliðarnir hafi lýst bréflega yfir til stjórnar heimilisins að þeir treystu sér ekki til að starfa undir stjórn hjúkrunarfræðingsins sem hefði verið ráðinn hjúkrunarforstjóri.

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

„Við erum að meta þetta mál," segir Sigurður og kveðst ekkert geta sagt um það hvenær niðurstaðan liggi fyrir. „Þetta tekur einhvern tíma. Við erum að tala við fólk og erum að afla okkur upplýsinga."

Spurður um hvernig stofnunin standi þegar svo margir faglærðir eru hættir segir hann að sú hætta sé alltaf fyrir hendi að „misklíðin komi niður á þeim sem síst skyldi, það er sjúklingum. Eitt af okkar hlutverkum er að fara ofan í saumana á málum þar sem möguleikar eru á slíku en ég er ekki að segja að það sé þannig í þessu tilviki. Þetta er krítíska spurningin en liðsauki hefur fengist frá Landspítalanum. Núna er starfsemin eins og hægt er að ætlast til þannig að ekki er uppi nein örvænting. Eigi að síður er það áhyggjuefni þegar svona gerist," segir hann. - ghs

Lögreglumál í Noregi:

Fjórir verðir á hverja löggu

NOREGUR Norski dómsmálaráðherrann Knut Storberget telur að fleiri lögreglumenn vanti í borginni, að sögn norska ríkisútvarpsins NRK, því að einungis þeir hafi heimild til að sýna vald sitt. Því hafa fleiri nemar verið teknir inn í norska lögregluskólann.

Í Osló eru nú um 6.500 öryggisverðir og hefur þeim fjölgað um 1.500 á þremur árum. Lögreglumennirnir eru 1.680 talsins og hefur aðeins fjölgað um 30. Í norsku höfuðborginni eru því næstum fjórir verðir fyrir hvern lögreglumann. - ghs

Lissabon-sáttmáli ESB:

Ungverjar fullgilda fyrstir

BRUSSEL, AP **Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hrósað stjórnvöldum í Ungverjalandi fyrir að vera fyrst til að fullgilda hinn nýja Lissabon-sáttmála sambandsins. Hvatti hún hin ESB-ríkin 26 til að ganga rösklega fram við að fullgilda sáttmálann svo hann geti tekið gildi samkvæmt áætlun árið 2009.**

JOSE MANUEL BARROSO

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, sagði atkvæðagreiðsluna í ungverska þinginu hafa snúist um „skilvirkara, lýðræðislegra, gegnsærra og sterkara Evrópusamband."

Írar eru að óbreyttu eina ESB-þjóðin sem mun greiða þjóðaratkvæði um fullgildinguna. - aa

Danskur landsréttur snýr við úrskurði héraðsdóms:

Pókermót eru ólögleg

DÓMSMÁL Pókermót eru fjárhættuspil og þar með ólögleg, samkvæmt úrskurði landsréttar í Danmörku. Rétturinn sneri við úrskurði héraðsdóms, sem komst að þeirri niðurstöðu í júlí að póker snerist um hæfni og slík mót væru því ekki fjárhættuspil. Úrskurðinum hefur verið áfrýjað til hæstaréttar í Danmörku.

Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og talsmaður Pókersambands Íslands, sagðist hafa frétt af úrskurðinum þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Niðurstaðan komi honum á óvart.

„Ég er ekki alveg með á hreinu hversu lík lagaákvæðin eru hér og í Danmörku, þannig að það er ekki víst hvort þetta hafi áhrif á mál vegna pókermóta hér á landi," segir hann. „Ef ákvæðin eru eins eða mjög svipuð þá geta menn notað þetta sem hjálpargagn, en úrskurðurinn hefur ekki beinlínis fordæmisgildi."

SPIL Úrskurðurinn hefur ekki beinlínis fordæmisgildi á Íslandi, segir Sveinn Andri Sveinsson.

Ekki náðist í Karl Inga Vilbergsson, fulltrúa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, vegna málsins í gær. - sþs

Ferðafrelsissvæði Evrópu stækkar

Aðild níu nýrra ríkja að Schengen-svæðinu gengur í gildi á morgun. Þar með nær það frá Íslandi til Karpatafjalla og Finnmörku til Gíbraltarsunds.

EVRÓPUMÁL Schengen-svæðið svonefnda stækkar á miðnætti í kvöld úr 15 löndum í 24. Þar með færast ytri landamæri svæðisins austur að landamærum Rússlands, Hvíta-Rússlands og Úkraínu, en hefðbundið landamæraeftirlit fellur niður á innri landamærunum, svo sem milli Póllands og Þýskalands.

„Næsta ótrúlegur hlutur hefur gerst – á mörgum sviðum er Evrópa að verða að einu ríki," sagði Lech Walesa af þessu tilefni í samtali við AP-fréttastofuna, en hann er fyrrverandi forseti Póllands og átti á níunda áratugnum virkan þátt í að fella járntjaldið í hlutverki sínu sem leiðtogi verkalýðshreyfingarinnar Samstöðu.

Til að búa sig undir þessi tímamót hafa yfirvöld í fyrrverandi austantjalds- og núverandi ESB-löndunum í Mið- og Austur-Evrópu lagt sig fram um að sýna og sanna að þau séu því verkefni vaxin að annast eftirlit á hinum nýju ytri landamærum svæðisins. Síðan þessi lönd – Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvakía, Ungverjaland, Tékkland og Slóvenía – gengu til liðs við Evrópusambandið árið 2004 hefur það varið umtalsverðum fjárhæðum í að styðja ríkin í þessum undirbúningi, til kaupa á fullkomnasta gæslubúnaði, þjálfun landamæravarða og svo framvegis.

Þessi breyting hefur í för með sér, að komist einhver óvelkominn yfir hin nýju ytri landamæri – svo sem eiturlyfjasmyglari eða hryðjuverkamaður – getur hann ferðast óhindrað alla leið til München eða Madrídar. Þetta veldur hinni miklu áherslu sem lögð er á að vel sé staðið að eftirliti þar eystra.

„Þrýstingurinn er mikill," hefur AP eftir Waldemar Skarbek, yfirmanni landamæragæslusveitar með bækistöðvar í austur-pólska bænum Przemysl. „En Pólland er reiðubúið; það er búið að koma miklu í verk."

Hið eina þeirra tíu ríkja, sem gengu í ESB vorið 2004 sem að eigin ósk gengur að sinni ekki til liðs við Schengen-svæðið er Kýpur. Það gerir hins vegar hitt Miðjarðarhafs-ESB-eyríkið Malta. Bið verður á því enn um sinn að nýjustu ESB-aðildarríkin Rúmenía og Búlgaría fái aðild.

Til að bjarga norræna vegabréfasambandinu fengu bæði Ísland og Noregur aðild að Schengen árið 2001, um leið og hin Norðurlöndin sem eru í ESB.

audunn@frettabladid.is

GJAFAVÖRUR
FYRIR JÓLIN

DIMMT ÚTI, BJART INNI

Ekkert heimili má verða saltlaust:
Gefðu gjafabréf frá Saltfélaginu.

Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga.
Jólatími: 15. des. **11-18** / 16 des. **12-18** / 17. - 22. des. **10-22** / 23. des. **10-23**

ENNEMM / SÍA / NM51391

Frábært verð á

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.

14.990kr
GOTT VERÐ

Panasonic myndavél DMCLS60
- Stafræn myndavél með 6,0 milljón punkta upplausn
- Venus Engine II
- MEGA OIS hristivörn í linsu
- LUMIX DC Vario - linsa
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 5.8 - 17.4mm (35mm Samb. 35 - 105mm)
- ISO 100-1250
- 22 Scene Programmes
- 2.0" LCD skjár (86.000 pixlar)
- Hágæða hreyfimyndataka (Hámarksupplausn: 16:9 848x480 - 30fps)
- Rauf fyrir SD/SDHC kort
- Notar AA rafhlöður
- Hugbúnaður fylgir

15.990kr
GOTT VERÐ

Olympus myndavél FE270
- 7.1 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD Skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 15 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- 6,9MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 9,02x6,35x3,07
- Þyngd: 122g (án rafhlöðu og korts)

19.990kr
Verð áður 24.990,-

Casio myndavél EXZ77
- Stafræn myndavél með 7.2 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 2.0
- BESTSHOT 41 myndstillingar
- Face Detection function
- Anti-Shake DSP - Hristivörn
- 2.6" LCD Skjár (114.960 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- You Tube™ Capture Mode
- Hágæða hreyfimyndataka (hámarksupplausn 848x480 - 7Mbps - 30fps)
- 11.4MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC/MMC/MMCplus kort
- Rafhlaða endist í allt að 190 skot
- Hleðslutæki, hleðslurafhlaða og hugbúnaður fylgja

JVC myndatökuvél GRD740
- 1/6" Upptökuflaga með 800.000 punkta upplausn
- 520 lína upplausn
- 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
- 2.7" LCD breiðskjár
- Digital Color NightScope
- Snapshot möguleiki
- Titringsdeyfir
- DV útgangur
- Fylgihlutir : Spennubreytir, rafhlaða og kaplar

24.990kr
GOTT VERÐ

49.990kr
GOTT VERÐ

JVC myndatökuvél GZMG130
- Ótrúlega nett digital media tökuvél
- 30GB harður diskur (allt að 37,5 tíma upptaka)
- 1/6" upptökuflaga með 800.000 Pixela upplausn
- 2,7" LCD breiðskjár
- Tekur SD/SDHC kort
- 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
- Innbyggð kyrrmyndavél
- Tekur hljóð upp í Dolby Digital
- CyberLink DVD Solution klippi- og afspilunarforrit fylgja
- Titringsdeyfir
- USB 2.0 tenging við tölvu
- Fylgihlutir : Spennubreytir, rafhlaða, hugbúnaður (PC) og kaplar
- Stærð í cm (bxhxd): 6.6x7.1x11

14.490kr
Verð áður 19.490,-

Nordica bjórdæla OBH6502
- Þín eigin bjórdæla!
- Notar 5 lítra kúta
- Einalt að skipta um kúta
- Heldur bjórnum köldum
- Bjórinn endist í 21 dag eftir að kúturinn hefur verið opnaður
- Dælan hefur enga slöngu - Einfalt og hreinlegt!
- Kúturinn leggst saman við minnkandi innihald
- Handhægu PET umbúðirnar er hægt að láta endurvinna sem harðplast
- Kútar fylgja ekki dælunni - Fást í næstu Vínbúð
- Dropabakki fylgir
- 1,3m kapall
- Stærð í cm (bxh): 51,5x48
- Þyngd: 6,8kg

3.490kr
GOTT VERÐ

Philips hárklippur QC5010
- Hárklippur fyrir rafmagn
- SteelWave sjálfbrýnandi hnífar
- 8 stillingar (1-21mm)
- Klippibreidd 32mm

3.990kr
GOTT VERÐ

Philips hár sett HP4696
- 8 í einu - Allt fyrir hárið!
- Glæsilegt gjafasett með 8 hausum, m.a. krullujárn, krullubursti, sléttu/vöfflujárn og slöngulokkum

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.

raftækjum

OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla

Dantax DVD ferðaspilari DVDP7
- Fjölkerfa DVD spilari
- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- Heyrnartólstengi
- Coaxal útgangur
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og fjarstýring fylgja

14.990kr
Verð áður 16.990,-

39.990kr
GOTT VERÐ

Dantax 15" LCD sjónvarp 15LCDDVDP1
- 15" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 3,5ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi
- Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5

19.990kr
GOTT VERÐ

Philips DVD ferðaspilari PET716
- Fjölkerfa DVD spilari
- 7" LCD breiðtjaldsskjár með 480x234 pixela upplausn
- Hristivörn
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir sem endist í allt að 2 klukkutíma
- Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgir
- Fjarstýring fylgir

Philips heimabíókerfi HTS3154
- Fyrirferðalítið og nett heimabíókerfi
- 300w (4x37.5w og 2x75w RMS) digital magnari
- Fjölkerfa DivX DVD Spilari
- 5 litlir hátalarar og bassabox
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM útvarp með 40 stöðvaminnum
- SCART (með RGB)
- USB tengi
- Fjarstýring

17.990kr
Verð áður 24.990,-

39.990kr
GOTT VERÐ

Panasonic heimabíókerfi SCPT450
- Nett heimabíókerfi • 1000w (4x125w og 2x250w RMS) digital magnari • DVD spilari
- Video Upscaling í 720p/1080i/1080p • 12bit/108MHz Video DAC • Progressive scan
- 5 hátalarar og bassabox • Viera Link • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM útvarp með stöðvaminni • Tónjafnari • Hljóðinngangur (RCA)
- Scart, HDMI og Component tengi • Fjarstýring

1.990kr
GOTT VERÐ

Melissa krullujárn 635073
- 500w
- 2 hraðastillingar og 1 köld
- 110 og 220v

3.990kr
GOTT VERÐ

Philips hárblásari HP4981
- 2000w hárblásari
- 6 hita- og hraðastillingar
- 1,8m kapall

1.990kr
GOTT VERÐ

Melissa hárblásari 635075
- 2000w
- 2 hraðastillingar
- Kaldur blástur
- Með Ion tækni - Aframagnar hárið
- Ofhitunarvörn
- 2 hausar fylgja

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

„ORÐRÉTT“

Bí bí og blaka

„Ég lít á þetta sem vinarbragð frá Össuri.“

BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA UM NAFNGIFT ÖSSURAR SKARPHÉÐINSSONAR IÐNAÐARRÁÐHERRA Á BLOGGSÍÐU ÞESS SÍÐARNEFNDA, ÞAR SEM HANN FJALLAR UM ÚTRÁSARVERKEFNI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR OG LANDSVIRKJUNAR.

Fréttablaðið 19. desember

Eiginkona fann blaðbera

„Konan mín hafði samband við lögregluna því henni var hætt að lítast á blikuna. En svo fundu þeir mig, blessaðir drengirnir, en þá átti ég örfá hús eftir...“

SVERRIR JÚLÍUSSON, 78 ÁRA BLAÐBERI LÉT EKKI ÓVEÐUR HAFA ÁHRIF, Á ÞAÐ HVORT HANN BÆRI ÚT AÐ VENJU. HANN VAR FIMM KLUKKUTÍMA AÐ BERA ÚT UM MORGUNINN.

Morgunblaðið 19. desember

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? LENA ÓSK MATTHÍASDÓTTIR, PRESTUR Í GRAFARVOGSKIRKJU

Sleppur við jólaundirbúning vegna vinnu

„Það er dásamlegt hvað er mikið að gera um jólin,“ segir Lena Ósk Matthíasdóttir, prestur í Grafarvogskirkju. „Fleiri hundruð eða þúsund manns renna í gegnum Grafarvogskirkju svo að maður er í því að segja „gleðileg jól“ alla daga. Ég tek á móti fólki í kirkjunni frá morgni til kvölds. Við tökum á móti öllum bekkjum í Grafarvogi og hér eru alveg átta grunnskólar, fyrir utan alla leikskólana. Ég er þessa dagana í því að segja jólasögur og ævintýri upp á hvern einasta dag.“

Lena sér um fjórar messur yfir jólin. „Þetta er svo stórt hverfi að fólk sem býr í kring fer oft frekar þangað en í kirkjuna,“ segir Lena. „Þessi messa er þægileg að því leytinu til að það er hentugt fyrir barnafjölskyldur að koma, börnin fá litabækur og liti, þannig að þetta er öðruvísi en guðsþjónustan í kirkjunni. Það verður mikill hátíðleiki og jólablær yfir þessu.“ Hún heldur einnig guðsþjónustu á jóladag og á gamlárskvöld.

Lena segir jólahald sitt vera nokkuð hefðbundið. „Fjölskyldan borðar jólamatinn saman, sem reyndar eiginmaðurinn eldar,“ segir Lena. „Við eigum fjögur börn svo að það fer mikill tími í að opna pakkana. Þegar börnin eru komin í ból setjumst við hjónin og lesum jólakortin í rólegheitunum yfir konfektmola.“

Desember er annasamasti mánuður ársins fyrir presta, að sögn Lenu. „Þetta er svolítið þannig að ég stekk úr hempunni í sparifötin og þá er bara allt tilbúið heima hjá mér. Áður en ég varð prestur var ég meira í undirbúningnum, en jólin hafa breyst hjá manninum mínum eftir það. Hann sér um alla eldamennsku og að skreyta heimilið. Ég er frá allan mánuðinn,“ segir Lena.

GRÍSK HEFÐ:

NÚ ÓLÖGLEGT AÐ BRJÓTA DISKA

Eins og fróðir menn vita var hefð fyrir því á Grikklandi að fleygja diskum í gólfið meðan sungið var og dansað á skemmtistöðum. Þá var það ekki tekið út með sældinni að vera grísk poppstjarna á balli því þær máttu eiga von á því að fjörmiklir gestir mölvuðu diska við lappir þeirra. Þessi hefð hefur þó átt verulega undir högg að sækja þar í landi enda brugðust yfirvöld við á 8. áratugnum og refsuðu fyrir athæfi sem þessi. Grikkland er því sennilegast eina landið þar sem bannað er með lögum að brjóta diska.

Slátrað að hætti Abrahams

Mikil lambahátíð gekk í garð í gær hjá múslimum um allan heim en henni eru samfara margar hefðir sem erfitt getur verið að fylgja eftir hér á landi. Ellefu trúbræður áttu þó ekki í vandræðum með að fá slátrað lömbum með þeim hætti sem hefð gerir ráð fyrir.

Í gær var tíundi dagur Dihijja-mánaðar samkvæmt dagatali múslima. Það er enginn venjulegur dagur því þá fagna múslimar því að Guð færði Abraham lamb þegar hann ætlaði að fórna syni sínum Ísmael til að sanna trúfestu sína. Eins og biblíufróðir menn vita var lambinu fórnað í stað Ísmaels.

Í gær fóru ellefu múslimar búsettir á Íslandi í Sláturhúsið frá Selfossi með leyfi frá landbúnaðarráðuneytinu upp á vasann til að láta slátra nokkrum lömbum með svipuðum hætti og Abraham gerði á sínum tíma. „Þetta er í raun ekki svo ólíkt því sem Íslendingar eru vanir nema hvað að meðan að verið er að slátra segjum við hver eigi lambið og þökkum guði fyrir og slátrum lambinu í hans nafni,“ segir Redouane Adam, einn trúbræðranna. „Svo verður það að fá að hanga í tvo daga.“

En ekki má rífa allt kjötið í sig loks þegar dagarnir tveir eru liðnir því hefðin segir einnig til um það hvernig því skuli skipt. „Við verðum að láta fátæka hafa vissan hluta af kjötinu og við erum nú þegar búnir að ákveða að láta múslimska flóttamenn fá nokkurn hluta en þeir búa í húsnæði í Njarðvík á vegum Félagsþjónustunnar í Reykjanesbæ. Og svo fæ ég mér að sjálfsögðu kjöt með fjölskyldunni minni.“

Hann segir matseldina þá sömu og hjá Íslendingum. En hvernig bragðast íslenska lambið? „Það er svolítið feitt en annars bara nokkuð gott,“ segir Adam sem er frá Marokkó.

jse@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HVER Á HVAÐA LAMB? Hver og einn á sitt lamb sem er honum merkt en svo verður hann að skipta því þar sem bágstaddir verða að fá ríkulegan skerf. Redouane Adam er fremstur og bendir á sitt lamb.

KOMNIR Í SLÁTURGALLANN Hér eru tveir kátir trúbræður komnir í gallann og tilbúnir að slátra.

BÆNASTUND Áður en lagt var af stað austur yfir fjall komu þeir við í moskunni í Ármúla og fóru með bænirnar en eins og flestir vita verða múslimar að leggjast á bæn fimm sinnum á dag svo vel sé.

Fyrirtækið Vatnsvirkinn borgar jólahald í Kvennaathvarfinu:

Hugsa um bágstadda en gleyma ekki kúnnunum

„Við ætlum bara að sjá til þess að konurnar í Kvennaathvarfinu geti haldið vegleg jól,“ segir Anna Lind Magnúsdóttir, einn af eigendum Vatnsvirkjans, en þar er ýmislegt í pípunum.

„Við borgum jólamatinn, gjafir svo þær geti gefið börnum sínum og svo fá þær gjafakort í Kringluna. Undanfarin ár höfum við gefið viðskiptavinum okkar eitt og annað en að þessu sinni höfum við ákveðið að bjóða þeim í mat en láta konurnar fá gjafirnar sem verulega hafa þörf fyrir þær. Þetta er sennilega ekki slæm hugmynd fyrir bankana sem gefa þeim heil ósköp sem nóg hafa fyrir. En mikill vill meira svo það er betra að gleðja með því að gefa þangað þar sem þörfin er til staðar.“

Vatnsvirkinn er þjónustufyrirtæki fyrir pípulagningamenn, vatnsveitur og almenna neytendur. Matarveislan er aðeins fyrir pípulagningamennina en það eru um 200 munnar.

Anna Linda segir að níu konur búi nú í Kvennaathvarfinu í þremur herbergjum en fleiri konur fá notið gjafa Vatnsvirkjamanna. Anna Linda nefnir þennan þrönga kost sem enn eina af ástæðunum sem þeir geta borið fyrir sig sem kjósa að gefa þeim sem eru í neyð frekar en þeim sem ærið nóg hafa.

- jse

ANNA LINDA MAGNÚSDÓTTIR Eigendur Vatnsvirkjans ætla að sjá til þess að konurnar í Kvennaathvarfinu geti haldið vegleg jól en þeir gleyma heldur ekki viðskiptavinunum sem er boðið í mat.

Háskerpa gerir gæfumuninn

Verð 1.299.900 kr.

Panasonic TH-65PZ700

PLASMA sjónvarp Full HD **Skjástærð:** 65" (165 sm) 16:9 **Myndtækni:** G10 Progressive HD Plasma Display Panel **Upplausn:** 1920x1080 Full HD **Skerpa:** 10.000:1 **Sjónvarpsmóttakari:** Analog og digital (DVB) **HDMI tengi:** 3

Verð 189.900 kr.

Hisense PDH5039EU

PLASMA sjónvarp HD Ready **Skjástærð:** 50" (124 sm) **Upplausn** 1366x768 **Skerpa** 15.000:1 **Textavarp** 1.000 síður í minni **HDMI tengi:** 1

Verð 369.900 kr.

Panasonic TH-50PZ70E

PLASMA sjónvarp Full HD **Skjástærð:** 50" (127 sm) 16:9 **Myndtækni:** G10 Progressive HD **Upplausn:** 1920x1080 Full HD **Skerpa:** 10.000:1 **Sjónvarpsmóttakari:** Analog og digital (DVB) **HDMI tengi:** 2

Verð 139.900 kr.

Hisense LHD4233DEU

LCD sjónvarp HD Ready **Skjástærð:** 42" (103 sm) **Upplausn:** 1366x768 **Skerpa:** 5.000:1 **Svartími** 5ms **Textavarp:** 1.000 síður í minni **Stafrænn móttakari:** DVB-T **HDMI tengi:** 2

Verð 259.900 kr.

Panasonic TH-42PZ70

PLASMA sjónvarp Full HD **Skjástærð:** 42" (113 sm) **Upplausn:** 1920x1080 **Skerpa:** 10.000:1 68 milljarðar lita **HDMI tengi:** 2 **Stafrænn móttakari:** Innbyggður

Verð 79.900 kr.

Hisense LHD3233NEU

LCD sjónvarp HD Ready **Skjástærð:** 32" (81 sm) **Upplausn:** 1366x768 **Skerpa:** 5.000:1 **Svartími:** 6ms **Textavarp:** 1.000 síður í minni **Stafrænn móttakari:** DVB-T **HDMI tengi:** 2

Laserklukka
Vekjaraklukka sem varpar tíma á vegg eða loft. Sillanlegur geisli.

4.990 kr.

Laserklukka
Vekjaraklukka sem varpar tíma á vegg eða loft.

4.990 kr.

Laserklukka
Vekjaraklukka sem varpar tíma og útihita á vegg eða loft.

11.900 kr.

Eico heildarlausn í sjónvarpsmálum!

eico

Skútuvogi 6 - Sími 570 4700 - Opið 08-18 - laugard. 10-20 - sunnud. 11-20 - www.eico.is

Svona erum við

Fjöldi einnefna og tvínefna í þjóðskrá eftir aldri frá árinu 2004.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: STARFSMENN TILKYNNI VEIKINDI TIL YFIRMANNS OG SKRÁNINGARFYRIRTÆKIS

Kallar á meiri skýrleika kjarasamninga

Sífellt færist í vöxt að stjórnendur fyrirtækja geri þá kröfu til starfsmanna að þeir hringi bæði í yfirmann sinn og sérstakt skráningarfyrirtæki til að tilkynna veikindi sín og fjarveru frá vinnu af þeim orsökum. Margir krefjast þess að starfsmennirnir hringi daglega í yfirmanninn. Verkalýðshreyfingin telur að semja þurfi sérstaklega um þetta og vill taka það fyrir í kjarasamningaviðræðunum.

Hvað segir í kjarasamningum um veikindatilkynningar?

Í kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ segir að tilkynna beri atvinnurekanda um veikindi og hefur það verið skilið þannig að tilkynna beri til næsta yfirmanns. Í Kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur er skýrt kveðið á um þetta. Þar segir: „Ef starfsmaður verður óvinnufær

vegna veikinda eða slyss, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar."

Þar segir jafnframt: „Skylt er starfsmanni sem er óvinnufær vegna veikinda eða slyss að gangast undir hverja þá venjulega og viðurkennda læknisrannsókn sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því hvort forföll séu lögmæt, enda sé kostnaður vegna viðtals við lækni og nauðsynlegra læknisrannsókna greidd af vinnuveitanda."

Hvað segir verkalýðshreyfingin?

Í sameiginlegri kröfugerð aðildarfélaga ASÍ segir að þessi þróun kalli á meiri skýrleika kjarasamninga og vísað til persónuverndar starfsmanna. Starfsmanni sé ekki skylt að gefa neinum upplýsingar um veikindi sín nema það sem hann sjálfur kýs. Ef beðið sé um læknisvottorð þá eigi starfsmaðurinn að leita til þess læknis sem hann sjálfur treystir. Í heildina sé um íþyngjandi frávik frá kjarasamningi sé að ræða.

SPURT & SVARAÐ
VASAÞJÓFAR HERJA Á LANDANN

Vel skipulagð-ur þjófnaður

GEIR JÓN ÞÓRISSON Yfirlögregluþjónn

Vasaþjófar stálu veski úr hliðartösku konu í verslun á Laugaveginum á þriðjudag. Hún varð ekki vör við þjófnaðinn. Afar sjaldgæft er að vasaþjófnaður sé stundaður hér á landi, þó eitthvað sé um að töskur séu hrifsaðar af fólki með valdi. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

Leikur grunur á því að erlendir ríkisborgarar komi hingað gagngert til að fremja glæpi?

Það hefur ekki verið sannað, en það eru grunsemdir um það. Það eru dæmi um menn sem hafa verið teknir sem hafa komið hingað til þess að stela, en það hefur ekki verið sannað nema í nokkrum tilvikum.

Hvernig er hægt að bregðast við vasaþjófum?

Þetta virðist vera betur skipulagður vasaþjófnaður en við höfum upplifað hér í einhverjum mæli. Lögreglan bendir fólki á að gæta að verðmætum sínum og gæta þess að komast ekki í þannig aðstöðu að það sé þrengt að því og hægt að komast að verðmætum, eða vera með veski í rassvasa. Það er ekki auðvelt fyrir lögregluna að verða vitni að svona brotum, og það verður að standa menn að verki eða taka þá með þýfið til að upplýsa svona mál.

SJÓFLUTNINGAR Flóknar skipulagsbreytingar og eigendaskipti á Eimskipafélaginu gera það að verkum að ágreiningur er um hvar ábyrgð á brotunum liggur.

Hugðust setja Samskip „á hælana"

Samkeppniseftirlitið hefur sektað Eimskipafélag Íslands um 310 milljónir króna fyrir að misnota ráðandi stöðu sína á sjóflutningamarkaði á árunum 2001 til 2002. Forsvarsmenn Eimskipafélagsins vísa ábyrgðinni á brotunum frá sér þar sem félagið sé í dag allt annað fyrirtæki en það sem bar sama nafn fyrir fimm árum.

Samkeppniseftirlitið (SE) gerði húsleit hjá Eimskipafélagi Íslands 4. september 2002 í kjölfar kæru frá Samskipum. SE birti ákvörðun sína í gær eftir rannsókn sem staðið hefur í rúman hálfan áratug. Niðurstaðan er að félaginu er gert að greiða 310 milljónir í stjórnvaldssekt, langhæstu upphæð sem SE hefur lagt á fyrirtæki fyrir sambærilegt brot.

Alvarleg lögbrot

Í ákvörðun SE segir að Eimskip hafi gerst brotlegt við samkeppnislög með tvennum hætti. Annars vegar hafi félagið með markvissum aðgerðum reynt að bola helsta samkeppnisaðila sínum í sjóflutningum, Samskipum, út af markaðnum. Hins vegar hafi það gert fjölmarga svokallaða einkakaupsamninga, og er þar átt við samninga sem skuldbundu viðskiptavini til að skipta einungis við Eimskip. Það er ólöglegt ef fyrirtæki hefur markaðsráðandi stöðu.

SE segir brotin hafa verið „alvarleg og til þess fallin að valda atvinnulífinu og almenningi miklu samfélagslegu tjóni." Ljóst sé að „hefðu áætlanir Eimskips að fullu náð fram að ganga var veruleg hætta á því að Samskip hefðu hrökklast út af markaðnum.

Hælasetning og framhjáhald

Í ákvörðun SE er meðal annars stuðst við tölvupóstsamskipti þar sem æðstu menn Eimskipafélagsins ræða fjálglega um fyrirætlanir sínar. Þar kemur fram að ákveðið hafi verið að gera það sem kallað er „árás" gegn Samskipum. Aðgerðirnar sem grípa átti til eru þar kallaðar „markaðsatlaga" og rætt er um að nýta „mátt" Eimskips í því skyni að setja Samskip „á hælana". Auk þess tilkynntu þeir forsvarsmönnum viðskiptavina að einkakaupsamningar kæmu í veg fyrir að unnt væri að „halda framhjá" Eimskipi.

Skipulagsbreytingar töfðu

Rannsókn málsins tafðist mjög og á því eru ýmsar skýringar. Sú veigamesta er að stórfelldar skipulagsbreytingar urðu á Eimskipafélagi Íslands á upphafsárum rannsóknarinnar, sem kölluðu á aukna gagnaöflun af hálfu SE.

Flutningastarfsemi þess var færð undir dótturfélagið Eimskip hf., sem varð Eimskipafélag Íslands þegar móðurfélagið tók upp nafnið Burðarás. Burðarás seldi síðan Eimskipafélagið til Avion Group, og var í kjölfarið skipt upp og sameinað annars vegar Landsbankanum og hins vegar Straumi. Avion og dótturfélagið, Eimskipafélag Íslands, sameinuðust undir nafni Eimskipafélagsins og varð þannig til Eimskipafélag Íslands í núverandi mynd.

Forsvarsmenn hins nýja Eimskipafélags hafa hafnað ábyrgð á brotunum og vísað henni til félaganna sem að þeirra sögn yfirtóku að endingu réttindi og skyldur gamla Eimskipafélagsins, Landsbankans og Straums-Burðaráss. Þar að auki er bent á að enginn af þáverandi stjórnendum Eimskipafélagsins starfi enn hjá fyrirtækinu. SE segir ábyrgðina hins vegar liggja hjá hinu nýja Eimskipafélagi, þar sem það reki sömu sjóflutningastarfsemi og rekin var í nafni þess eldra, og skýrt sé að Eimskip hf., dótturfélag gamla Eimskipafélagsins, hafi tekið yfir ábyrgðina á þeirri starfsemi.

Ágreiningur um markaðsstöðu

Einnig lagði Eimskipafélagið fram álit hagfræðinganna Gylfa Magnússonar og Friðriks Más Baldurssonar þess efnis að félagið hefði ekki haft markaðsráðandi stöðu og því mátt gera einkakaupsamninga. Þeim rökum hafnar SE. Markaður málsins sé „farmflutningar í reglubundnum áætlunarsiglingum milli Íslands og hafna í Evrópu annars vegar og Norður-Ameríku hins vegar," auk þjónustu sem slíkum siglingum fylgir. Þar hafi Eimskipafélagið haft mikla yfirburði, eða 70 til 80 prósenta markaðshlutdeild.

Í ákvörðun SE eru tafirnar sagðar óhjákvæmilegar en óviðunandi, og að vonast sé til að nýtilkomnar breytingar á samkeppnislögum muni framvegis hraða málsmeðferð.

UNA EKKI NIÐURSTÖÐUNNI

HEIÐRÚN JÓNSDÓTTIR

„Þessi niðurstaða kemur okkur á óvart," segir Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Eimskip. Félagið hefur ákveðið að áfrýja niðurstöðunni til áfrýjunarnefndar Samkeppniseftirlitsins. „Við erum ekki sammála þessari niðurstöðu og höfum því ákveðið að áfrýja," segir hún. Helstu rökin eru eru að hið nýja Eimskipafélag beri ekki ábyrgð á brotunum vegna breytinga á félaginu. Auk þess leiki vafi á að félagið hafi verið í markaðsráðandi stöðu á tíma brotanna.

Heiðrún segir ámælisvert hversu langan tíma rannsóknin tók. Þá sé valinn sérkennilegur tími til að birta ákvörðunina. „Við höfum fjögurra vikna áfrýjunarfrest. Þetta tók þá fimm og hálft ár og þess vegna vekur það athygli okkar að þeir birti þetta einmitt þegar hrina frídaga er að skella á. Það styttir okkar tíma til að vinna að málsvörninni."

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nær öruggt að áfrýjað verði til dómstóla komist áfrýjunarnefndin að sömu niðurstöðu. Líklega fáist því ekki endanleg niðurstaða í málið fyrr en eftir tvö til þrjú ár.

LANGHÆSTA SEKTIN

Sektin sem Eimskipafélaginu hefur verið gert að greiða, 310 milljónir, er sú langhæsta sem Samkeppniseftirlitið hefur lagt á fyrirtæki vegna brota á 11. grein samkeppnislaga um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Sú næsthæsta var lögð á Iceland Express í mars, 190 milljónir fyrir brot gegn Icelandair, en áfrýjunarnefndin lækkaði þá sekt í 130 milljónir.

Olíufélögin voru sektuð fyrir samtals 2,6 milljarða á sínum tíma fyrir brot á aðskilinni grein samkeppnislaga, sem kveður á um verðsamráð. Sú upphæð lækkaði svo í 1,5 milljarð.

Kryddin frá Pottagöldrum eru ómissandi í matreiðsluna

FRÉTTASKÝRING
STÍGUR HELGASON
stigur@frettabladid.is

160 GB UPPTÖKU DISKUR

50PT85
50” Plasma Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz
160GB harðurdiskur

259.900

20.des	fimmtudagur	09:00-21:00
21.des	föstudagur	09:00-21:00
22.des	**laugardagur**	**10:00-22:00**
23.des	**sunnudagur**	**10:00-22:00**
24.des	mánudagur	10:00-12:00

LJÓMANDI GÓÐ JÓL

149.900

42PC52
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001ms
100Hz

159.900

42LC51
42” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms

139.900

32LB75
32” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari

29.900

FA162
LG Minisamstæða

12.900

DVX298
LG DVD spilari
Með HDMI og USB tengi

49.900

RH278H
DVD upptökutæki
Með 250gb hörðum disk

74.900

J10HD
LG Heimabíó

69.900

HT902PB
LG Heimabíó
1000wött

104.900

HR902TA
LG Heimabíó
160GB harðurdiskur
DVD skrifari

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is **www.ri.is**
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Lífið er gott

SANGEAN eru hágæða útvarpstæki.
Frábær hljómgæði, skemmtileg hönnun og vandaður útvarpsmóttakari.

SANGEAN-WR-1
· FM/AM útvarp
· Innbyggt loftnet – tengi fyrir aukaloftnet
· Aux inngangur
· Tengi fyrir heyrnartól
· Fáanlegt í viðarlit, silfur eða svart

Verð kr. 13.900,-

SANGEAN-WR-3
· FM/AM útvarp
· CD / MP3 / USB
· 20 Stöðva Minni
· Innbyggt loftnet - tengi fyrir aukaloftnet
· Aux inngangur / Minniskortalesari
· Tengi fyrir heyrnartól / Fjarstýring
· Aðskilin bassa & diskant stilling

Verð kr. 49.900,-

JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar

VERÐTRYGGING!!
Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

Nýjasta snilldin frá Pioneer!

FRÁBÆRT 5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI að hætti Pioneer

NÝ SENDING!!

Pioneer DCS-363
· 5.1 rása heimabíókerfi með DVD-spilara og FM útvarpis
· 360W magnari (6 x 60W RMS)
· HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
· Spilar alla DVD og CD diska, Mp3, WMA, JPeg og DivX.
· USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir
· Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surroundkerfi
· Spilar öll DVD-kerfi, bæði PAL og NTSC
· FM útvarp með RDS
· Tengi: HDMI út, USB inn, Euro-SCART út, Composite út, RCA hljóð inn

Verð: 49.900 kr.

OLYMPUS

OLYMPUS FE-280
· 8 milljón pixlar
· 3 x aðráttarlinsa (38-190mm)
· 15 handhægar tökustillingar

Verð kr. 19.900,-

Frábær, nett og vönduð myndavél

NIKON S-510

Nikon

· 8,1 milljón pixlar - 3x aðráttarlinsa
· VR hristivörn
· Hús úr ryðfríu stáli
· D-lighting - hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni

TILBOÐSVERÐ kr. 28.900,-

Klassamyndavél fyrir kröfuharða

CELESTRON

LANDSINSMESTA ÚRVAL AF STJÖRNUSJÓNAUKUM í Ormsson Smáralind

AstroMaster 70EQ linsusjónauki.

TILBOÐSVERÐ kr. 12.900,-

Frábær upplifun

42" PLASMA sjónvarpstæki
Samsung PS42Q96HDX

· Tilbúið í HD útsendingar
· Innbyggður DVB-T sjónvarpsmóttakari
· Upplausn 1024x768
· 13 bita myndvinnsla
· Kontrast 1:15.000
· Birta 1300 cd/m2
· 3 HDMI tengi

Listaverð kr. 219.900,-

TILBOÐSVERÐ kr. 189.900,-

OPIÐ TIL KL. 20:00 Í KVÖLD Í SÍÐUMÚLA 9

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

HÁTÍÐ ER Í BAE

SAFAPRESSAN VINSÆLA
Kr. 15.900,-
Ertu að hugleiða hollari lifnaðarhætti?

Mínútugrill fyrir mikla matgæðinga – 2 stærðir.
Verð kr. 10.900,-
(Minni stærðin)

MERKIN OKKAR TRYGGJA GÆÐIN

JAMIE OLIVER KANN AÐ META GÆÐI

EÐAL POTTA- OG PÖNNUSETT HANNAÐ AF JAMIE OLIVER OG TEFAL

Færustu matreiðslu-meistarar um allan heim velja ZWILLING hnífa - og ekki að ástæðulausu.

Úrvals hnífar - vönduð matargerð.

Má ekki bjóða þér almennilegt kaffi?

Hágæða Espresso kaffivél. Fyrir fullorðna.
Verð kr. 29.900,-

Expresso kaffivél sem bjargar degir Frábær vél – enda frá AEG.
Verð kr. 89.900,-

SKEMMTILEG BJÓRDÆLA
Glaðningur fylgir!
Verð kr. 14.900,-

Vinsæl og glæsileg kaffivél frá SOLIS.
Verð kr. 69.900,-

Ef þú ert vandlát/ur á kaffið þitt munt þú kunna að meta þessar úrvals kaffivélar. Kaffivélar eins og þær gerast bestar – hver á sinn hátt.

OPIÐ TIL KL. 20:00 Í KVÖLD Í LÁGMÚLA 8

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

Útgjöldin
> Ársáskrift að Stöð 2



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: ANDRÉS JÓNSSON ALMANNATENGILL

Lenti í hrakförum á JFK

„Verstu kaupin voru upprunaleg veggspjöld sem ég keypti í New York fyrir viku," segir Andrés Jónsson almannatengill. „Ég keypti plakötin á leiðinni út á flugvöll og hafði mikið fyrir að pakka þeim inn, en kaupin voru slæm af því að ég gleymdi þeim í biðsalnum. Ég hafði haft mikið fyrir að leita að sérstakri plakatabúð. Ég ætti eiginlega að fá bandaríska sendiráðið í málið, því að í sama vettvangi sá ég Erlu Ósk Lilliendahl koma í fylgd lögreglu með alvæpni."

„Bestu kaupin voru hins vegar uppáhalds bókin mín, Kría siglir um Suðurhöf, eftir Unni Jökulsdóttur og Þorbjörn Magnússon, en ég rakst á hana í Eymundsson á 399 krónur síðastliðið vor. Það kom sér vel því að ég hafði týnt gamla eintakinu af bókinni minni. Bækurnar þeirra eru skemmtilegar, því að þetta eru ferðasögur Íslendinga sem seldu allt sem þeir áttu og ferðuðust um heiminn á skútu. Þetta er eitthvað viðkunnanlegasta fólk sem ég hef lesið um. Besta fjárfestingin sem ég gæti lagt í væri að skella mér sjálfur í svona heimsreisu á skútu. Svo eru þetta víst uppáhalds bækur Gísla Marteins líka."

GÓÐ HÚSRÁÐ
FETAR GRÆNNI BRAUTIR

■ *Valur Grettisson reynir að feta grænar slóðir í hreingerningum, þótt hann þrífi allt enn með Ajax Universal.*

„Ég er ekki mikill húsfaðir og hef lagt það í vana minn að þrífa allt með Ajax Universal enda bendir nafnið til þess að það megi nota á allt í heiminum. Það ku þó ekki vera mjög umhverfisvænt og hef ég því verið að reyna að fóta mig í grænni ráðum," segir Valur Grettisson, blaðamaður Mannlífs. „Ég er að verða pabbi á næstunni og hef heyrt að þá eigi maður ekki að vera með sterk hreinsiefni á lofti þótt vitanlega eigi að hafa þrifalegt í kringum barnið. "

■ **Útgjöld heimilanna**

Ráðstöfunartekjur og eyðsla aukast

Hagstofan hefur tekið saman rannsókn á útgjöldum heimilanna árin 2004-6. Neysluútgjöld á heimili hafa aukist um 7,7 prósent frá tímabilinu 2003-5. Að sama skapi hafa ráðstöfunartekjur aukist um sjö prósent. Aukna eyðslu má meðal annars rekja til aukinna útgjalda vegna húsnæðis, hita og rafmagns, en einnig vegna kaupa á nýjum bifreiðum. Ráðstöfunartekjur heimilis mælast um 390 þúsund krónur á mánuði á tímabilinu.

■ **Umferðaröryggi**

Endurskinsmerki óvíða að finna

Endurskinsmerki fást helst í apótekum og á bensínstöðvum. Þetta kemur fram í athugun Neytendasamtakanna sem þau birta á vefsíðu sinni. Segja samtökin að endurskinsmerki séu alls ekki nógu aðgengileg. Matvöruverslanir bjóði ekki upp á þau og þau séu ekki sýnileg á þeim fáu stöðum sem þau eru seld. Neytendasamtökin mæla með því að sem flestir smásöluaðilar selji endurskinsmerki og stilli þeim jafnvel upp með sælgætinu við afgreiðsluborðið.

Þegar keypt er inn fyrir jólin á síðustu stundu

Þegar kaupa skal allar jólagjafirnar rétt fyrir jól er sniðugt að gera lista yfir hverjum skal gefa, þær gjafir sem koma til greina handa hverjum og einum og hugmyndir um verð áður en lagt er í hann. Eins er gott að velta fyrir sér hvort hægt sé að fá allar gjafirnar á einum stað.

MEIRA ÚR VERKI Á EINUM STAÐ Gott er að gera innkaupalista og merkja svo við þegar hver gjöf er keypt. Þannig er hægt að losna við þá tilfinningu að meiri vinna sé eftir en raunverulega er.

Vigdís Stefánsdóttir, erfðaráðgjafi og höfundur bókanna Viltu spara? og Viltu spara með mér?, segir að gott sé að velta fyrir sér hvar gjafirnar fáist og hvort hægt sé að skipuleggja innkaupin þannig að ekki þurfi að eyða tíma og orku í að rjúka á milli margra staða.

„Annað ráð er að kanna hvort tveir eða fleiri geta verið saman um gjöf og þá er spurning hvort einhver hinna er til í að leggja á sig að kaupa gjöfina," segir Vigdís og leggur áherslu á að innkaupalistar séu mikilvægir. „Þeir minna mann á, gera alla vinnu auðveldari og þegar maður er búinn að krossa við það sem hefur verið keypt er einu verki lokið. Þannig gegna þeir líka því hlutverki að losa mann við tilfinningu um að það sé meira eftir en raunverulega er," segir hún.

„Ég myndi samt alltaf mæla með því að fólk skoði jólagjafir allt árið því að oft dettur maður niður á eitthvað sem hentar þeim sem maður ætlar að gefa. Ekkert er að því að kaupa jólagjöfina fyrr en í desember. Það er vont að vera í tímapressu með þetta eins og allt annað," segir Vigdís.

Brynhildur Pétursdóttir, ritstjóri Neytendablaðsins, ráðleggur neytendum að bíða ekki með jólagjafainnkaupin fram á síðustu stundu því að þá sé hætta á að gjafir, sem keyptar eru, verði dýrari en ella. „Kannski bíða margir með nokkrar gjafir því að það er auðvitað stemning að kaupa gjafir á Þorláksmessu," segir hún.

„Ef maður veit að maður ætlar að kaupa bók eða sæng eða eitthvað annað þá er maður stundum að geyma gjafir sem maður gengur að vísum en ef maður á eftir að kaupa mikið þá er meiri hætta á því að maður kaupi ekki nógu skynsamlega inn," segir Brynhildur og kveðst gjarnan gefa eitthvað sem auðvelt sé að skipta og kaupa þá í verslun þar sem auðvelt sé að finna eitthvað við allra hæfi.

Bæði Vigdís og Brynhildur telja gott að gefa gjöf sem hægt er að nota, til dæmis kerti, mat og sælgæti, sérstaklega handa þeim sem eiga mikið af hlutum.

ghs@frettabladid.is

VIGDÍS STEFÁNSDÓTTIR

BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR

RÁÐ VIÐ INNKAUPIN

- Skrifa lista yfir þiggjendur, gjafahugmyndir og verð
- Kaupa allt á einum stað eða fáum stöðum
- Vera með öðrum í gjöf og fá hinn til að sjá um innkaupin
- Kaupa mat, ostakörfu, súkkulaði eða kerti sem nýtist öllum
- Kaupa jólagjafir allt árið frekar en rétt fyrir jól

MATUR & NÆRING JÓHANNA EYRÚN TORFADÓTTIR

Salt í matnum

Matarsalt samanstendur af tveimur frumefnum, annars vegar natríum og hins vegar klóríð (NaCl). Natríumjónin (NA+) er manninum lífsnauðsynleg og gegnir mikilvægu hlutverki í líkamanum. Natríum bindur vatn í líkamanum og þar með talið í blóðinu. Við aukinn þrýsting í kerfinu eykst blóðþrýstingur og viðvarandi hár blóðþrýstingur er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma.

Eitt gramm af salti inniheldur 0,4 grömm af natríum. Lýðheilsustöð mælir með því að saltneysla sé ekki meiri en 6 grömm á dag hjá konum og ekki meiri en 7 grömm á dag hjá karlmönnum. Lágmarksþörf líkamans fyrir salt er þó mun minni eða um 1,5 grömm á dag samkvæmt Norrænum ráðleggingum um mataræði. Lýðheilsustöð mælir með því að börn á leikskólaaldri fái ekki meira en 3,5 grömm af salti daglega sem samsvarar rúmlega hálfri teskeið af salti.

Meðalneysla Íslendinga (15-80 ára) á salti árið 2002 var um 9 grömm á dag og þá er notkun borðsalts ekki meðtalin.

Minnst af saltinu sem við fáum með fæðunni kemur úr borðsalti. Langmest kemur úr unnum matvælum svo sem smurostum, unnum kjötvörum, morgunkorni, pakkasúpum, snakki, tilbúnum réttum og svo mætti lengi telja.

Yfirleitt er ekki skylda að merkja magn natríums á umbúðir matvæla. Hins vegar á að telja öll hráefni í viðkomandi vöru upp í innihaldslýsingu, raðað eftir minnkandi magni. Ef salt er framarlega í upptalningu hráefna á umbúðum, eins og í mörgum pakkasúpum, þá er sú vara mjög saltrík.

Hægt er að kynna sér efnainnihald margra matvæla á heimasíðu Matís (www.matis.is) í ÍSGEM gagnagrunni. Ef matvæli innihalda meira en 1,25 g salt í 100 grömmum (samsvarar um 0,5 grömm af natríum) þá teljast þau saltrík samkvæmt viðmiðum bresku matvælastofnunarinnar.

Nauðsynlegt er fyrir alla að kynna sér saltinnihald matvæla og reyna að stilla neyslu saltríkra matvæla í hóf. Sérstaklega ætti að varast að venja börn á neyslu saltríkra matvæla. Það getur verið mikið álag fyrir nýru barna að losa auka saltmagn úr líkamanum og eins er ekki æskilegt að venja þau við saltan mat á unga aldri sem eykur þá líkur á slíkum matarvenjum út ævina.

Hægt er að nálgast meiri upplýsingar um salt og áhrif þess á heilsuna hér http://www.salt.gov.uk/

www.mni.is

CITROËN

Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 21.12.2007
Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg

Jólabíllinn í ár
Nýr Citroën C4 Saloon SX
1,6i 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 169 g/km
Eyðsla í blönduðum
akstri 7,1 l/100 km

*Veljir þú gps-tæki þá greiðir þú 2.069.000 kr. fyrir Citroën C4 Saloon SX. Hvort viltu? Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.989.000** kr. fyrir Citroën C4 Saloon SX.**

Viltu gps-tæki?

Jólapakki fjölskyldunnar kemur beint frá París. Sýndu þig á franskri hönnun eins og hún gerist best. Kauptu nýjan Citroën C4 Saloon SX á jólatilboði Brimborgar.

Í hvaða formi viltu jólatilboðið? Viltu fá gps-tæki í afslátt að verðmæti 80.000 kr? Eða viltu fá beinan afslátt af bílnum og gæða vetrardekk að auki að verðmæti 160.000 kr, komin undir bílinn og sumardekkin pökkuð saman í skottið?

Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.989.000 kr.** fyrir Citroën C4 Saloon SX.* Veljir þú gps-tækið þá greiðir þú hinsvegar **2.069.000 kr.** fyrir Citroën C4 Saloon SX.* Hvort viltu?

Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg. Komdu núna í Brimborg. Vertu á 5 dyra, beinskiptum Citroën C4 Saloon SX.

Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg
Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 21.12.2007

Jólatilboð Brimborgar
Kauptu jólagjöfina í Brimborg

Talaðu endilega við söluráðgjafa Brimborgar í dag – þeir eru í voða góðu jólaskapi.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur og samlitun. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Svona erum við

> Fjöldi sérmenntaðs starfsfólks á Íslandi



menntun
nám, fróðleikur og vísindi

NEMANDINN SOFFÍA SVEINSDÓTTIR, EFNAFRÆÐINGUR OG NEMI Í MANNAUÐSSTJÓRNUN

Heillaðist af efnisheiminum í fjölbraut

Soffía Sveinsdóttir, meistaranemi í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands og veðurfréttamaður á Stöð 2, er bæði með BS og MS gráðu í efnafræði frá Háskóla Íslands. Hún segist alltaf hafa haft áhuga á stærðfræði en vissi varla hvað efnafræði var þegar hún byrjaði í framhaldsskóla.

„Ég ætlaði að verða blaðamaður og var á félagsfræðibraut í FSu. Ég var hins vegar alltaf góð í stærðfræði og á þriðju önn tók ég efnafræði 103 og heillaðist af faginu. Eftir útskrift var ég að pæla í að læra íslensku eða efnafræði en það síðara varð fyrir valinu.“ Soffía segir að sér finnist efnisheimurinn heillandi, að milljónir efna skuli vera til úr örfáum frumefnum. „Það er magnað. Síðan hef ég líka gaman af efnafræði í daglegu lífi, matvælaefnafræði og næringarfræði.“ Soffía segir námið hafa nýst sér vel. Hún lauk að auki kennsluréttindum frá HÍ árið 2004 og hefur kennt efnafræði við Menntaskólann við Hamrahlíð síðan 2003.

Soffía hefur einnig mikinn áhuga á stjórnun og ákvað þess vegna að taka meistarapróf í mannauðsstjórnun. „Mig langaði að víkka sjóndeildarhringinn. Ég útskrifast í febrúar næstkomandi og býst við að halda áfram að kenna. Ég hef reynt að tengja mannauðsstjórnina eins mikið og ég get við kennslu á framhaldsskólastigi. Það nám mun því líklega nýtast mér strax í starfi en ég býst líka að því til framtíðar; ég gæti til dæmis hugsað mér að fara út í einhvers konar stjórnun annaðhvort innan menntageirans eða annars staðar.“

■ **Útgáfa**

Fjölmenning á Íslandi

Út er komin bókin Fjölmenning á Íslandi þar sem fjallað er um ýmsa þætti fjölmenningarsamfélagsins að því er greint er frá á vef KHÍ. Bókin er ætluð kennaranemum og öðrum háskólanemum, fræðimönnum, kennurum á öllum skólastigum og stefnumótendum. Ritstjórar eru Hanna Ragnarsdóttir, dósent við KHÍ, Elsa Sigríður Jónsdóttir, lektor við KHÍ, og Magnús Þorkell Bernharðsson, dósent við Williams College.

Helstu efnisþættir eru þróun fjölmenningarlegs samfélags og skólasamfélags, straumar og stefnur í fjölmenningarfræðum, tvítyngi og móðurmál, íslenska sem annað mál, staðalímyndir og fordómar, sjálfsmynd, menning og trúarbrögð, menningarlæsi og íslenskar rannsóknir, meðal annars á stöðu og reynslu barna og fullorðinna í fjölmenningarsamfélagi.

■ **Þjóðminjasafn Íslands**

Gefur út rit til heiðurs Þór Magnússyni

Út er komin bók með greinum eftir Þór Magnússon, Á minjaslóð. Safn ritgerða og ljósmynda.

Greinarnar eru frá löngum starfsferli Þórs og spanna efni sem tengist silfur- og gullsmíði, fornleifum, byggingarsögu, útskurði, þjóðháttum, bókbandi, minningarmörkum og sagnaþáttum. Sýnishorn úr merku ljósmyndasafni Þórs, sem varðveitt er í Þjóðminjasafni Íslands, er einnig birt í bókinni, ásamt heildarritaskrá hans, skrifum frá tímabilinu 1959-2007.

Þjóðminjasafnið gaf bókina út í tilefni af sjötugsafmæli Þórs þann 18. nóvember síðastliðinn en hann gegndi starfi þjóðminjavarðar á árunum 1968-2000.

■ **Sögufélagið**

Tímaritið Saga komið út

Tímaritið Saga er komið út og er að vanda fullt af spennandi efni. Eru öll gömul hús merkileg? Voru stjórnvöld viðbúin kjarnorkuárás á Ísland á 6. og 7. áratugnum? Hefði Fjölnismaðurinn Tómas Sæmundsson orðið forystumaður íslenskra íhaldsmanna ef honum hefði enst aldur? Er Landnámssýningin Reykjavík 871 ±2 raunveruleikaþáttur úr fortíðinni? Var frillulíf viðurkennt sambúðarform á miðöldum? Hvað getur íslenskt safnafólk lært af kollegum sínum í Skotlandi? Hver fann upp fjósið? Í hverju fólst gagnrýni á þingræðið á árunum milli stríða? Hver var þekking Íslendinga á Rússlandi á 19. öld? Þetta eru aðeins nokkrar þeirra fjölmörgu spurninga sem höfundar efnis í hausthefti Sögu glíma við. Ritstjórar eru Eggert Þór Bernharðsson og Páll Björnsson.

Tónlist mismunar el
þótt tungumálið ger

„Af öllu listrænu starfi er tónlistin sú listgrein sem litlum börnum er aðgengilegust,“ segir Pétur Hafþór Jónsson, tónmenntakennari í Austurbæjarskóla, sem hefur sérlega nýstárlegar hugmyndir um hvernig skólar ættu að nálgast tónlistarkennslu en gildi hennar segir hann hafa verið stórlega vanmetið.

Pétur hefur skrifað nýja námsbók um efnið fyrir Námsgagnastofnun en með henni fylgja fjórir geisladiskar þar sem saga tónlistarinnar er rakin allt frá Vestur-Afríku, Ameríku og Evrópu. Titill bókarinnar, Hljóðspor, hæfir efninu því vel.

„Tónlist og fagið tónmennt er stórlega vanmetinn þáttur í skólastarfi. Margir foreldrar einblína bara á árangur barna sinna í stærðfræði og ensku sem og færni þeirra á tölvur,“ segir hann.

Þá bendir Pétur á að í listum tjái fólk veruleikann með táknum. Raunveruleikanum sé ekki komið til skila á nákvæman og áþreifanlegan hátt. Svipað og gerist í leik barna. Þar sé veruleikinn ekki endursagður með orðum. Þess í stað er farið í gegnum ýmis skapandi ferli sem hjálpa barninu að lesa úr raunveruleikanum eins og hann kemur því fyrir sjónir. „Þeim mun fleiri tjáningarform sem börnum eru töm því fleiri möguleika hafa þau til að vinna úr og hafa stjórn á hugsunum sínum og hugmyndum. Tónlistin veitir þeim tækifæri til að tjá tilfinning-

TÓNLIST ER STÓRLEGA VANMETIN Pétur Hafþór segir tónlist fólki afar mikilvæg þótt tónlistarkennsla sé oft vanmetin námsgrein. Efla þurfi tónlistarkennslu í samfélaginu enda sé lítils að byggja stórt tónlistarhús ef fólk hefur ekki lært að meta það sem fram fer í því. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar
fyrir íslenskar aðstæður...

NÚ FYLGIR MEÐ KYRON
31" TOYO DEKK
& Dráttarbeisli

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• **31" TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar

Eyðsla í blönduðum akstri
aðeins 8,7 ltr.
á 100 km.

...upplifðu ósvikinn **kraft og fegurð**

Bílahúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími **590 2000** • **www.benni.is**
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG

Bílasalan Ós Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands Egilsstöðum, sími 471 3005

■ Tryggingastofnun

Styrkir lagakennslu við Háskóla Ísland

Forstjóri Tryggingastofnunar, rektor Háskóla Íslands og forseti lagadeildar skólans skrifuðu á þriðjudag undir samning um kennslu og rannsóknir í almannatrygginga- og félagsmálarétti. Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri telur samninginn gott tækifæri til að skila mikilli þekkingu lögfræðinga Tryggingastofnunar til lögfræðinga framtíðarinnar með þá von í brjósti að það leiði til faglegri og upplýstari umfjöllunar um almannatryggingar öllum til hagsbóta.

Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga sett á fót:

Rannsóknir skortir á börnum

Stofnuð verður Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga við Kennaraháskóla Íslands. Samningur þess efnis var undirritaður 13. desember síðastliðinn.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við KHÍ, verður forstöðumaður rannsóknarstofunnar. „Meginástæðan fyrir því að við förum út í þetta er að það vantar, þótt ótrúlegt megi virðast, rannsóknir á málþróun barna, lestrarþróun og almennt þroska íslenskra barna," segir Hrafnhildur.

„Með þessari þverfaglegu samvinnu vonumst við til að geta gert mikið átak í þessum efnum," segir Hrafnhildur.

Jafnframt er stefnt að auknu samstarfi við erlenda aðila um rannsóknir og reynt verður að ná yfirsýn yfir rannsóknir á þessu sviði.

Aðrir sem sitja í stjórn eru Ragnhildur Bjarnadóttir dósent, Steinunn Gestsdóttir, Steinunn Torfadóttir, Rannveig Jóhannsdóttir og Freyja Birgisdóttir, lektorar við Kennaraháskóla Íslands. Reykjavíkurborg mun leggja fimm milljónir króna í verkefnið á ári. - sgj

SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, forstöðumaður rannsóknarstofunnar, undirrituðu samninginn.

kki
ri það

ar og hughrif sem þau geta ekki komið orðum að."

Pétur segist leggja mikla áherslu á að börn upplifi tónlist í samvinnu og fái nasasjón af sem flestum stefnum, allt frá afrískri tónlist, vinnusöngvum, blús, kántrí og rokki.

„Ég segi frá vinnusöngvum sem sungnir voru til að sameina hóp manna og beina orku þeirra og athygli að einu átaki. Það er nefnilega svo mikil innibyggð orka í ýmiss konar alþýðutónlist og skáldskap," segir hann.

Pétur gefur tónmenntakennurum góð ráð við útsetningu á tónverkum í bekkjum en bendir á að tónmenntakennarar þurfi því á góðum og fjölbreyttum hljóðfærakosti að halda og geta útsett verkin þannig að hver nemandi fái hlutverk við sitt hæfi. Geta nemendanna sé mismunandi en tónlistin skapi reglu og samhengi. „Hún setur rammann utan um samveruna og auðveldar hverjum og einum að taka þátt.

Allir þurfa að hafa skilgreindu hlutverki að gegna. Þá er gaman. Nemendur finna að þeir eru hluti af heild og að heildin er sterkari en einstaklingurinn. Söngur og samspil auka samkennd bekkjarins.

Nýbúar geta til dæmis verið virkir í samspili þótt þeir skilji lítið í íslensku. Þar öðlast þeir viðurkenningu og finna að þeir eru fullgildir þátttakendur í því sem fram fer. Stundum mismunar tungumálið nemendum en tónlistin ekki," segir Pétur og bendir á að iðkun tónlistar í kammersveitum kenni börnum bæði sjálfsaga og samvinnu með þeim sem standa næst manni sem séu mikilvægir eiginleikar. karen@frettabladid.is

Hver fær 2008 árgerðina?

Öll fyrirtæki geta tekið þátt í könnun VR, **Fyrirtæki ársins**. Stjórnendur þeirra geta svo nýtt sér niðurstöðurnar og fengið skýra mynd af aðbúnaði og ánægju starfsfólksins. Þessar upplýsingar koma sér vel í daglegum rekstri. Það er því allra hagur að sem flestir segi hvað þeim finnst.

Hvetjum samstarfsfólk okkar til að taka þátt í könnuninni!

Athugið að skila þarf inn þátttökulistum í síðasta lagi 5. janúar 2008. Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðu VR, **www.vr.is**, eða með því að senda póst á **vr@vr.is**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR



Glæsilegt úrval úra og skartgripa

Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • Sími 511 1900

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
6.214 **-1,46%**

Fjöldi viðskipta: 693
Velta: 6.214 milljónir

MESTA HÆKKUN

MAREL	1,65%
365	1,02%
ALFESCA	0,73%

MESTA LÆKKUN

EXISTA	6,83%
SPRON	6,37%
TEYMI	5,57%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,86 -0,91% ... Bakkavör 56,10 -1,41% ... Eimskipafélagið 35,75 +0,00% ... Exista 19,10 -6,83% ... FL Group 14,70 -0,68% ... Glitnir 21,75 +0,69% ... Icelandair 25,55 -0,58% ... Kaupþing 854,00 -1,84% ... Landsbankinn 35,60 -1,79% ... Straumur-Burðarás 15,05 +0,00% ... Össur 97,00 -1,12% ... Teymi 5,57 -3,13%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Stirður Björn

Í nýlegri greiningu SEB Enskilde banka á finnska tryggingafélaginu Sampo er talið ólíklegt að miklar arðgreiðslur berist frá félaginu í vor eins og vonast var eftir. Exista á fjórðungshlut í Sampo og hefur samkvæmt heimildum rætt við stjórnendur félagsins um að greiða út vænlegan arð. Peningar eru svo dýrmætir þessa dagana í lausafjárskortinum. Hefur sjónarmið Exista manna fengið lítinn hljómgrunn og virðist vera grunnt á því góða milli forsvarsmanna þessara félaga. Nú heyrast sögur af því að Björn Wahlroos, forstjóri Sampo, hafi nýlega farið um Bandaríkin til að kynna starfsemina fyrir fjárfestum og greiningaraðilum. Þar hafi hann ekki farið alltof fögrum orðum um einn stærsta eigandann, Exista. Það er einhver hundur í Birni.

Milljarðatap á klukkustund

Á hádegi í gær hafði gengi í bréfum Exista lækkað um 14,5 prósent það sem af var vikunnar. Á viðskiptavef Vísis kom fram að markaðsvirði fyrirtækisins hafði rýrnað um 36,2 milljarða á sama tíma. Samkvæmt samantektinni á Vísi hafði Kauphöllin verið opin í fjórtán tíma það sem af var vikunni. Exista hefði því rýrnað um 2,6 milljarða á hverjum klukkutíma sem opið var fyrir viðskiptin. Í lok gærdagsins var gengi Exista 19,10 en var 21,5 í útboði félagsins í september 2006. Það er rúm ellefu prósenta lækkun, en gengið féll um 6,8 prósent í Kauphöllinni í gær. Hæst fór gengi bréfa í Exista í 40,55 hinn 18. júlí síðastliðinn og hefur því lækkað um tæp 53 prósent.

Engin yfirtaka hjá FL Group

FL Group hefur ákveðið að halda ekki áfram viðræðum við breska hugbúnaðarfyrirtækið Inspired Gaming Group um yfirtöku.

Félagið segir í tilkynningu að í ljósi núverandi markaðsaðstæðna hafi verið ákveðið að gera það ekki að svo stöddu.

FL Group á nú um 19 prósent í félaginu og hyggst áfram vinna með stjórn Inspired að vexti þess. Inspired þróar hugbúnaðarlausnir fyrir tölvutengdar leikjavélar og hefur markaðsráðandi stöðu í leikjavélum fyrir afþreyingariðnaðinn í Bretland.

- bg

Nafnlaus viðskipti

„Ég held ekki að það sé markaðnum til framdráttar að menn viti hvað hver og einn er að gera," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

OMX hefur ákveðið að innleiða auðkennaleysi í viðskiptum frá 26. maí á næsta ári.

Svo verður á öllum mörkuðum hér og í Finnlandi. Í Svíþjóð verður auðkennaleysið bundið við þau fimm fyrirtæki sem mest er verslað með. OMX í Kaupmannahöfn hyggst hins vegar ekki gera þetta.

Auðkennaleysi þýðir að ekki sést hverjir eiga í viðskiptum þegar þau eiga sér stað.

Þórður segir þetta ekki draga úr gagnsæi því upplýsingarnar birtist eftir á. „Í lok dags. Þá kemur fram hverjir áttu í viðskiptum," segir Þórður.

ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON Nafnleysi dragi ekki úr gagnsæi.

„Þetta er talið styrkja heilbrigða verðmyndun. Ekki verður tekið tillit til þess hverjir eigi í viðskiptum. Menn verða að taka ákvarðanir út frá eigin forsendum, en ekki því sem aðrir eru að gera," segir Þórður og bætir því við að þetta tíðkist í öllum helstu kauphöllum austan hafs og vestan. **- ikh**

Glitnir í Noregi sameinast BNbank

Norska fjármálaráðuneytið hefur samþykkt samruna Glitnis bank ASA og BNbank. Samruninn sem kallaður hefur verið Albatross-verkefnið verður þar af leiðandi á áætlun og mun ljúka í byrjun mars á næsta ári að því er fram kom í tilkynningu til Kauphallar Íslands í gær.

Sameinuðum banka er einnig heimilt að yfirtaka öll hlutabréf í Glitnir Factoring ASA, Glitnir Securities ASA og 70 prósenta hluta í Glitnir Property Holding AS með dótturfyrirtækinu Glitnir Property Group, sem á fasteignafélögin Union Eiendomskapital AS og Glitnir Norsk Næringsmegling AS.

Áætlað er að formlegum samruna verði lokið 1. mars á næsta ári. **- bg**

Héraðsdómur ógildir ákvörðun Kauphallar

Héraðsdómur hefur fellt úr gildi ákvörðun Kauphallarinnar frá því í fyrrahaust um að áminna Atorku Group og sekta um 2,5 milljónir króna. Kauphöllin á að birta dóminn í fréttaveitu sinni, eða sæta dagsektum ella. Kauphöllin birti dóminn þegar í gær, en hefur, að sögn forstjóra hennar, ekki ákveðið hvort dómnum verður áfrýjað.

KAUPHALLARSTJÓRAR Jukka Ruuska, yfirmaður OMX Nordic Exchange, og Þórður Friðjónsson, forstjóri OMX Kauphallar Íslands. Áminning og fjársekt sem Kauphöll Íslands beitti Atorku Group var í gær felld úr gildi með dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ákvörðun Kauphallar Íslands um að áminna og beita Atorku Group fjársekt upp á 2,5 milljónir króna 2. október í fyrra var ekki réttum grunni byggð. Atorka sætti sig ekki við úrskurð Kauphallarinnar og vísaði málinu til dómstóla. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu féll í gær.

„Við förum ræki lega yfir þetta mál með lögfræðingum okkar," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar og býst við að fljótlega liggi fyrir ákvörðun um hvort áfrýjað verði til Hæstaréttar.

Að mati Kauphallarinnar var misræmi milli fyrirsagnar og meginefnis fréttatilkynningar um afkomu Atorku Group sem birt var í fréttaveitu Kauphallarinnar í ágústlok í fyrra. Upp hófust þá bréfaskriftir og fundahöld milli Kauphallar og Atorku sem enduðu með því að leiðrétt tilkynning var birt 26. september 2006. Kauphöllin taldi hana þó enn ekki fullnægjandi og því var tekin ákvörðunin um áminningu og sekt. Héraðsdómur bendir á að tilkynningin umdeilda hafi verið í samræmi við tilkynningu Atorku um uppgjör fyrsta ársfjórðungs, sem þó hafði verði birt athugasemdalaust. Í fyrirsögn tilkynningarinnar um hálfsársuppgjörið var hins vegar dreginn fram hagnaður móðurfélags Atorku, en ekki samstæðu félagsins. Dómurinn bendir hins vegar á að lykiltölur úr samstæðureikningnum hafi komið fram í tilkynningunni og verið framarlega. Þannig segir dómurinn að þótt mikil áhersla hafi verið lögð á afkomu móðurfélags Atorku í leiðréttri tilkynningu sé ekki hægt að að fallast á með Kauphöllinni að þar hafi nær eingöngu verið veittar upplýsingar um niðurstöðu reikningsskila móðurfélagsins. „Upplýstum lesanda tilkynningar stefnanda [Atorku] 26. september 2006 mátti vera afkoma samstæðunnar ljós," segir dómurinn og bendir jafnframt á að ekki hafi verið gerðar neinar athugasemdir við reikningsskil Atorku Group.

„Að því er varðar fyrirsögn tilkynningarinnar frá 26. september 2006 þá er orðalag ákvæðis 2.1.6, að í fyrirsögn skuli koma fram efni tilkynningar, til þess fallið að gefa útgefendum ákveðið svigrúm, enda hefur sú verið raunin í tilkynningum útgefenda í Kauphöll Íslands að þeir reyna að draga fram jákvæða þætti í uppgjörum sínum í fyrirsögn," segir jafnframt í dómnum.

Auk þess að fella ákvörðun Kauphallarinnar úr gildi og dæma hana til að bera 600 þúsund króna málskostnað þá er Kauphöllinni gert að birta dóminn í fréttakerfi hennar með sama hætti og gert var með áminningu Atorku. Þetta ákvæði dómsins uppfyllti Kauphöll Íslands þegar klukkan þrjú í gærdag, jafnvel þótt ekki hafi verið tekin ákvörðun um áfrýjun.

Dóminn kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Árni Harðarson lögmaður og Knútur Þórhallsson, löggiltur endurskoðandi.

olikr@frettabladid.is

Sex milljarða tap á Finnair

FL Group tilkynnti í gær um sölu á 11,7 prósenta eignarhlut í finnska flugfélaginu Finnair og á eftir það 12,7 prósent í félaginu. FL Group fékk rétt tæpa ellefu milljarða króna fyrir hlutinn að sögn Halldórs Kristmannssonar, framkvæmdastjóra samskiptasviðs FL Group. Um fimmtán milljónir hluta voru seldir á genginu 8 evrur á hlut.

Í tilkynningu til Kauphallarinnar segir að salan sé liður í stefnu FL Group að minnka fjárfestingar í flugrekstri en fyrir söluna áttu félagið og finnska ríkið um 80 prósent af útistandandi hlutafé félagsins. FL Group verður áfram annar stærsti hluthafi Finnair.

Í hálffimm fréttum Kaupþings segir að salan á bréfum Finnair sé jákvæð fyrir FL Group. Reikna megi með að heildartap á fjárfestingunni í Finnair nemi rúmum 5,8 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi að fjármagnskostnaði slepptum. Innleyst tap af sölunni nemi um 2,8 milljörðum króna. Til viðbótar bætist óinnleyst tap á bréfum sem enn eru í eigu FL Group upp á rúma þrjá milljarða króna. **- bg**

ÚT ÚR FLUGREKSTRI FL Group stefnir að því að minnka hlut sinn í skráðum félögum eins og Finnair. FRÉTTABLAÐIÐ/IMAGE FORUM

FINNDU BESTU GJÖFINA

CASIO

YouTube CAPTURE MODE

Casio EX1080
MYNDAVÉL með 10.1 millj. punkta uppl., EXILIM Engine 2.0, BESTSHOT, Face Detection function, Anti-Shake DSP, 2.6" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 7.39 - 23.7mm linsu, You Tube Capture Mode, hreyfimyndatöku, Innovative H.264 Movies, 15MB innra minniu, rauf fyrir SD/MMC kort og rafhlöðu sem dugar 370 skot.

10 MILLJÓN PUNKTA UPPLAUSN

TILBOÐ 26.995
FULLT VERÐ **32.995**

MELISSA

Melissa 646036
180w TÖFRASPROTI með 2 skálum, ryðfríum hnífum og 2 hröðum. Auðvelt að hreinsa.

TILBOÐ 2.495
FULLT VERÐ **3.995**

Exido 243003
Tveggja sneiða stál BRAUÐRIST.

TILBOÐ 2.995
FULLT VERÐ **4.995**

MELISSA
MultiMixer

Melissa 646045
BLANDARI sem hakkar, blandar, hrærir, sker og mylur. Getur komið í stað fjölda tækja.

TILBOÐ 4.995
FULLT VERÐ **7.995**



exido

FLOTT NÝ SVÖRT LÍNA

Exido 246023
350w BLANDARI með 2 hröðum og púls, 1,5 lítra glerkönnu og hnífum úr ryðfríu stáli.

VERÐ 3.995
FRÁBÆRT VERÐ

CASIO SUPER LIFE BATTERY

Casio EXZ75
Stafræn MYNDAVÉL með 7.2 milljón punkta upplausn, BESTSHOT sem gerir einfalt að taka myndir við öll skilyrði og Antishake DSP hristivörn.

TILBOÐ 17.995
FULLT VERÐ **22.995**

4 TÆKI Í EINUM PAKKA

Melissa 635085
1800w HÁRBLÁSARI með ION tækni sem afrafmagnar, 2 hröðum og köldum blæstri. SLÉTTUJÁRN með keramik húð og 80°- 230°C stilli. Keramik KRULLUJÁRN með 33mm breidd og stiglausum hitastilli. Hárbursti fylgir.

VERÐ 4.995
FRÁBÆRT VERÐ

ideline

Ideline 743179
800w HEILSUGRILL með 6 hitastillingumþ. Safnar fitu og safa í bakka. Silfurlitað.

TILBOÐ 4.995
FULLT VERÐ **6.995**

Melissa 643043
BRAUÐVÉL með 12 bökunarstillingum, 3 skorpust. Tímastillir fyrir „bökun yfir nótt". Heldur heitu í 60 mín. eftir bakstur.

VERÐ 7.995
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

Panasonic NNE205W
19 lítra og 800W ÖRBYLGJUOFN með 5 styrkstillingum og afþýðingu. Stærð (bxhxd mm) 45,5x26x31,5sm.

VERÐ 9.995
FRÁBÆRT VERÐ

VÉLIN SÝÐUR VATNIÐ

Philips HD5405
Vönduð Café Gourmet KAFFIVÉL.

TILBOÐ 9.995
FULLT VERÐ **12.995**

Lenco AUDIO-VIDEO

Lenco SCD24
Lítið og nett FERÐATÆKI með útvarpi og geislaspilara.

TILBOÐ 3.995
FULLT VERÐ **4.995**

MEÐ EXTRA STÓRUM TÖKKUM OG SKJÁ

Philips XL3401B
Þráðlaus DECT SÍMI með stórum og áberandi tökkum, stórum LCD skjá, 3 beinvalstökkum, hágæða hljómburði, handfrálsum möguleika, 12 tímum í notkun og 6+ í bið. Sýnir númer sem hringir. Fjölradda hringitónar.

TILBOÐ 4.995
FULLT VERÐ **5.995**

PHILIPS



DVD VIDEO DivX VIDEO

Philips DVP3142
Fjölkerfa DVD DivX SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi ofl.

TILBOÐ 7.995
FULLT VERÐ **9.995**

MEÐ iPOD VÖGGU

Philips MCM138D
Míkró SAMSTÆÐA með MP3 geisla-spilara, iPod vöggu, FM útvarpi með stöðvaminnum, Digital Sound Control, Dynamic Bass Boost, klukku og vekjara og fjarstýringu. Spilar CD og CD-R/RW. Ath. iPod fylgir ekki með!

VERÐ 19.995
FRÁBÆRT VERÐ

MÁ HENGJA Á VEGG

Philips MCD288
Míkró DVD DivX HLJÓMTÆKI með 100w RD-klassa MS magnara, fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital, 2 hátölurum og bassaboxi, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvam., Scart, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal og USB tengi, Aux inn og heyrnartólstengi.

TILBOÐ 39.995
FULLT VERÐ **44.995**

CASIO

Casio CTK591
HLJÓMBORÐ með ásláttarnæmni, 5 áttundum, 61 nótu, 128 hljóði (MIDI samhæfð) og 110 ryþmum, 24 nótna pólifóníu, 3ja þrepa kennslukerfi, píanó stillingu, 100 innbyggðum lögum, „Sing along" möguleika og míkrafóntengi.

TILBOÐ 19.995
FULLT VERÐ **22.995**

PHILIPS

FLOTT HEIMABÍÓ ÁN BAKHÁTALARA

Philips HTS6510
HEIMABÍÓKERFI með AmiSound Surround kerfi, fjölkerfa DVD spilara með Progressive Scan, 500w RMS magnara, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Video Upscaling í 720p/1080i, útvarpi með stöðvaminnum, 2 hátölurum og bassaboxi, Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi, USB tengi, Aux in og Digital Coaxal in ofl.

DVD VIDEO DivX VIDEO

VERÐ 59.995

De'Longhi

SJÁLFVIRK ESPRESSO
MALAR BAUNIR

MEÐ CAPPUCINO SYSTEM

DeLonghi EAM3200 MAGNIFICA
Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél sem malar kaffibaunir og býr til kaffið. Tekur líka malað kaffi og hægt að stilla hve fín mölunin er. Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te. Með Cappuccino System sem blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappuccino.

VERÐ 49.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** SÍMI 480 3700 | GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1600 | GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** SÍMI 460 3380 | SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** SÍMI 569 1500

OPIÐ
til 22:00
öll kvöld til jóla

Landsliðið að

við val á jólakjötinu

Ferskt með flugi!

Bláber



Blæjuber

Trönuber

Jarðarber

Rifsber

Hindber

Brómber

Kirsuber

Besti hryggurinn

að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli sneið!


Tamarillo


Passion

Dreka ávöxtur

Guave

Granatepli


Grenadilla


Kaktus fíkjur


Maracuya

Ramboutan


Curuba

Ítalskir

ítölsk matarg

framreidd af einum færasta m
landsins í ítalskri mat



Matarvín - tilvalið í súpur og sósur

Eðal ísterta - með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni

Gildir á meðan birgðir endast.

stoðar

Landslið
matreiðslumeistara

verður í verslunum okkar í Holtagörðum, Kringlu, Smáralind og Skeifu og aðstoðar þig við val á jólakjötinu. Þeir veita auk þess ráðleggingar um hvaðeina sem tengist jólamatnum.

Holtagarðar, Kringla, Smáralind og Skeifa
19. - 21. desember
kl. 16-18

réttir

gerðarlist

natreiðslumanni

argerð!

Leifur Kolbeinsson

Fyrir þá sem vilja vera öðruvísi!

Gæða
hangikjöt
í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

skoðun

greinar@frettabladid.is

Erlendum eignarhaldsfélögum fjölgar á Íslandi.

Mikilvægi frjáls flæðis fjármagns

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Það hefur færst mjög í vöxt að fjárfestar færi eignarhluti sína í fyrirtækjum í erlend eignarhaldsfélög. Tilkynningar um slíkt hafa birst reglulega í Kauphöll Íslands undanfarin tvö ár.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, hefur bent á að erlent eignarhald fyrirtækja í Kauphöllinni hefði í september síðastliðnum numið 41 prósenti og hefði aukist mikið frá sama tíma í fyrra. Sú þróun væri merki um aukna erlenda fjárfestingu hérlendis þótt ljóst væri að mikið væri um að Íslendingar geymdu eign sína í erlendum félögum.

Sem dæmi geyma allir stærstu eigendur í Kaupþingi, Glitni og Landsbankanum eignarhluti sína í erlendum dótturfélögum. Athugun Markaðarins, fylgirits Fréttablaðsins um viðskipti, leiddi í ljós að sama er uppi á teningnum í stærstu félögunum sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Erlendu félögin eru meira og minna í eigu Íslendinga.

Oft er um flókin eignatengsl að ræða sem erfitt er að rekja. Exista B.V. er hollenskt félag sem skráð er fyrir næstum fjórðungshlut í Kaupþingi. Það félag er í eigu Exista á Íslandi. FL Group geymir þriðjungshlut sinn í Glitni í hollensku félagi. Samson eignarhaldsfélag á yfir fjörutíu prósent í Landsbankanum. Samson er íslenskt félag en í eigu tveggja félaga sem eru skráð á Jersey og á Kýpur.

Friðrik Már Baldursson, hagfræðiprófessor í Háskólanum í Reykjavík, sagði í samtali við Fréttablaðið að töluvert væri um að eignir væru fluttar til Hollands. Augljóst væri að það stafaði af skattalegum ástæðum.

Það er mikilvægt fyrir einstaklinga, hvar sem þeir búa, að geta flutt fjármagn sitt auðveldlega á milli landa. Sé það mögulegt er böndum komið á stjórnmálamenn sem í sífellu vilja hækka skatta á fólk og fyrirtæki til að standa undir misnauðsynlegum verkefnum.

Ekki er óvarlegt að fullyrða að peningar nýtast fleira fólki betur til langs tíma í höndum eigenda en stjórnmálamanna. Þá er fjármagnið notað til uppbyggingar á arðbæran hátt en ekki í óþarfa gæluverkefni og atkvæðakaup þrýstihópa.

Hins vegar er mikilvægt að fólk virði lög og reglur sem gilda. Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir í viðtali við Markaðinn að ekkert bendi til þess að umfang skattsvika í gegnum erlend eignarhaldsfélög hafi minnkað frá árinu 2004. Miðað við tekjur ríkissjóðs undanfarin þrjú ár gætu skattsvik í gegnum þessar erlendu tengingar numið allt að fimmtán milljörðum króna. Það jafngildir kostnaði við rekstur framhaldsskólakerfisins á síðasta ári.

Íslensk stjórnvöld hafa staðið sig vel í samkeppni landa um hagstætt skattaumhverfi fyrirtækja. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut og forðast allar tilraunir ríkja í Evrópu til að samræma skattastefnu landanna. Næsta skref hlýtur að vera að lækka álögur á einstaklinga. Þannig tryggjum við áfram aukna verðmætasköpun og betri lífsgæði allra og drögum úr þörf fjárfesta til að færa fjármagn sitt í erlend eignarhaldsfélög.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Viva la Guðjón

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, var í tveggja vikna leyfi frá þingi en ástæðan er sú að hann ákvað að bregða sér til Kúbu rétt fyrir jól. Guðjón var þó hvorki í opinberri heimsókn til Kastró né að heilsa upp á systurflokk Frjálslyndra á Kúbu, ef hann er þá til, heldur þurfti hann aðeins að kasta mæðinni í lok annasams árs. Formaðurinn slæst þar með í hóp frægðarfólks á borð við Diego Maradona, sem hafa farið til Kúbu sér til heilsubótar. Ekki er þó loku fyrir það skotið að Guðjón hafi kynnt sér fiskveiðistjórnunarkerfi kúbverska kommúnistaflokksins og alls ekki ólíklegt að honum hugnist það betur en íslenska kvótakerfið, sem hann hefur stæka óbeit á.

Varalið og óeirðabílar

Pétur Gunnarsson, ritstjóri Eyjunnar, fullyrðir að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vilji koma á fót 240 manna varaliði við lögregluna, kaupa fyrir liðið hjálma, skildi og „annan búnað“ og fjóra óeirðabíla, en slík tæki eru iðulega búin kraftmiklum brunaslöngum til að leysa upp uppþot. Á litla Íslandi hugnast fáum slík tryllitæki. Væri ekki fín málamiðlun að sleppa óeirðabílunum en láta varaliðið fá vatnsbyssur í staðinn?

Lög, ær og kýr

Breytingar voru gerðar á lögum um innflutning dýra á Alþingi á dögunum, meðal annars bætt við löngu tímabærri orðskýringu: Gæludýr. Samkvæmt laganna bókstaf eru gæludýr af eftirgreindum flokkum og tegundum: Hundar, kettir, kanínur, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr og búrfuglar. Til búfjár tilheyra hins vegar alifuglar, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripir, sauðfé og svín. „Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé,“ segir í lögunum, „sker landbúnaðarráðherra úr“. Sem þýðir væntanlega að vilji maður halda innflutt svín eða hænu sem gæludýr þarf Einar K. Guðfinnsson að veita blessun sína.

bergsteinn@frettabladid.is

Bækur halda sjó

Bækur kosta sitt. Nú eru að koma jól, og nýjar bækur kosta þrjú þúsund krónur í búðunum, sumar kosta fjögur eða fimm. Bækur taka tíma. Sumir renna sér í gegn um langa bók á litlum tíma, aðrir gefa sér langan tíma í lesturinn og gera þá ekki annað á meðan. Ef bók kostar þrjú þúsund krónur í búð og lesandinn þarf fimm klukkutíma til að ljúka henni, þá kostar bókin í raun og veru þrjú þúsund kall og fimm tíma, því þann tíma hefði handlaginn lesandi getað notað til að hengja upp nýja eldhúsinnréttingu. Ef lesandinn á kost á aukavinnu, sem gefur af sér tvö þúsund krónur á tímann, þá kostar bókin lesandann í raun og veru ekki þrjú þúsund krónur, heldur þrettán þúsund. Þótt útgáfukostnaður fari lækkandi, kostar bóklestur sífellt meira og meira, því að samkeppnin um tíma lesendanna fer harðnandi: tíminn hækkar í verði. Allt, sem tekur tíma og kallar á viðveru, án þess að vélum og tækjum verði við komið til að bera baggana – hjúkrun, kennsla, lestur, löggæzla – allt kostar þetta meira og meira með tímanum. Það er engin tilviljun, að sjúkrahúsin, skólarnir og lögreglan eru í kröggum. Lestrarfélögin eru ekki lengur til nema á stöku stað.

Í landbúnaði var hægt að leysa vinnandi hendur af hólmi með hestafli, síðan með vélarafli og nú með tölvutækni. Bústörf, sem gleyptu nær allan mannaflann í ungdæmi ömmu minnar, kalla nú aðeins á þrjú eða fjögur prósent af vinnuaflinu. Sama á við um sjávarútveginn, iðnað og ýmsa þjónustu, þar sem vélar og tæki halda framleiðslukostnaðinum niðri með því að auka afköst mannaflans. Um persónulega þjónustu gegnir öðru máli. Þar eru engar greiðfærar flýtileiðir í boði, þótt tæki og tölvur geti að vísu hjálpað til við skurðaðgerðir,

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Bækur

kennslu og löggæzlu. Það er og verður tveggja manna verk að taka mann fastan. Það hlýtur að vera áleitin freisting að bæta ódýru erlendu vinnuafli í lögregluna líkt og spítalarnir hafa gert og dvalarheimilin, en ekki ber enn á því.

Kemst bókin af?

Hvernig hefur bóklestri reitt af í lífsins ólgusjó? Annar hver Portúgali les aldrei bók. Þriðji hver Ítali les aldrei bók. Fjórði hver Dani les aldrei bók, ekki heldur Norðmenn. Fimmti hver Íri les aldrei bók. Sjötti hver Þjóðverji les aldrei bók, ekki heldur Bandaríkjamenn eða Íslendingar. Ég tek þessar tölur flestar úr lærðri ritgerð eftir kunningja minn, fyrrum menntamálaráðherra Hollands, nú prófessor í Oxford. Svíar lesa manna mest, en tólfti hver Svíi les þó aldrei bók. En þetta er ekki svo slæmt. Ef við snúum tölunum við, kemur í ljós, að langflest fólk les bækur. Í flestum nálægum löndum seljast fimm til sex bækur á mann á hverju ári, flestar í Frakklandi (sjö). Í Suður-Evrópu lána almenningsbókasöfn eina bók á mann á ári á móti átta bókum hér heima og tíu í Danmörku, Finnlandi og Hollandi. Í flestum hátekjulöndum grípur fimmti til tíundi hver fullorðinn karl í bók á hverjum degi. Ástralar, Bandaríkjamenn, Bretar, Írar, Kanadamenn, Svisslendingar og Svíar eru bókhneigðastir, þar les fjórðungur allra karla daglega part úr bók. Konur lesa alls staðar miklu meira en karlar.

Bókaútgáfa er nú blómlegri en nokkru sinni fyrr. Flest evrópsk forlög eru smáfyrirtæki og gefa út 20 til 40 titla á ári. Dönsk forlög gáfu út 275 bækur á hverja 100.000 íbúa 1999, tvisvar sinnum fleiri bækur en 1975. Brezk forlög gáfu út 188 bækur á hverja 100.000 íbúa 1999, þrisvar sinnum fleiri en 1975. Hér heima voru gefnir út 444 titlar á hverja 100.000 íbúa 1999 á móti 236 titlum 1975. Meðalupplag bóka er lítið á litlum málsvæðum, og því er rúm fyrir fleiri útgefna titla miðað við fólksfjölda. Til viðmiðunar gáfu bandarísk forlög út 24 titla á hverja 100.000 íbúa 1999 á móti 39 titlum 1975. Bókaútgáfa hefur aukist í nær öllum hátekjulöndum nema Bandaríkjunum. Bókabúðir blómstra margar. Aðeins sjötta hver bók á Bretlandi er seld á vefnum, tuttugasta hver í Þýzkalandi og enn minna í Frakklandi. En les fólk meira? Það er ekki vitað. Holland er eina landið, sem á tölur um þróun bóklestrar síðan 1975. Samkvæmt þeim lesa færri Hollendingar bækur en áður, en hver lesandi virðist verja svipuðum tíma til bóklestrar og fyrr.

Bókin lengi lifi

Bandaríkjamenn horfa manna mest á sjónvarp samkvæmt nýrri skýrslu frá OECD, átta stundir á viku að jafnaði á móti fjórum á Ítalíu, þrem og hálfri í Portúgal og á Spáni, þrem í Bretlandi, Danmörku og Finnlandi og tveim og hálfri í Sviss og Svíþjóð líkt og á Íslandi. Ekki verður séð, að bóklestur standi endilega í öfugu sambandi við sjónvarpsáhorf. Kaninn er iðinn við hvort tveggja og vefinn líka, og hann vinnur manna mest líkt og við. Bókin lengi lifi.

Öryggisleysi í Framsóknarflokknum

UMRÆÐAN

Öryggis- og varnarmál

BJÖRN BJARNASON

Valgerður Sverrisdóttir segir á vefsíðu sinni, að ég hafi viljað, að starfsemi ratsjárstofnunar félli undir „starfsemina í Skógarhlíð og þar með dómsmálaráðuneytið“ og ég hafi talið það stílbrot „að varnamálastofnun yrði til“ en nú hafi ég snúið við blaðinu, leyst ágreining fyrir forsætisráðherra og gefið eftir gagnvart Ingibjörgu Sólrúnu.

Frá því að varnarliðið fór hef ég lagt áherslu á borgaralegt hlutverk stofnana dómsmálaráðuneytisins. Hinn hernaðarlegi þáttur er hjá utanríkisráðuneytinu. Hér þarf að greina skýrt á milli. Ég hef jafnframt lagt áherslu á flutning boða frá ratsjárkerfinu til miðstöðvarinnar við Skógarhlíð. Telji utanríkisráðherra nauðsynlegt, að sérstök varnarmálastofnun sinni hernaðartengdum verkefnum vegna aðildarinnar að NATO og varnarsamstarfs við Bandaríkin í stað þess að verkefnið sé innan utanríkisráðuneytisins, lít ég ekki á það sem neitt stílbrot.

Siv Friðleifsdóttir segir í Fréttblaðinu 18. desember, að ég hafi unnið að því að leggja „meginlínur í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar í myrkviðum kompum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.“ Þetta er alrangt. Ég hef í einu og öllu fylgt fram efni yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006, en í þeirri ríkisstjórn sátu þær Siv og Valgerður.

Hinn 29. mars 2007 gerði ég ítarlega grein fyrir framvindu öryggis- og varnarmálanna í opinberu erindi og nú hef ég birt skýrslu um málið og lagt hana fyrir starfshóp utanríkisráðherra um hættumat. Það er rangt hjá Siv, að ég hafi verið gerður afturreka með nokkuð af þessum málum. Efni frumvarps um varalið lögreglu hef ég kynnt opinberlega og fulltrúar allra stjórnmálaflokka, ekki aðeins stjórnarflokkanna, eins og Siv segir, hafa verið upplýstir um ákvæði í hugsanlegu frumvarpi um öryggis- og eftirgrennslanaþjónustu lögreglunnar.

Öryggisleysi í Framsóknarflokknum birtist meðal annars í viðleitni Valgerðar og Sivjar til að ala á tortryggni í garð okkar, sem berum ábyrgð á öryggismálum þjóðarinnar. Ég fullvissa þær um, að ekki verður farið á bakvið þær eða nokkurn annan við meðferð þessara mála og allir geta komið óskaddaðir frá umræðum um þau, enda sé farið rétt með staðreyndir.

Höfundur er dóms- og kirkjumálaráðherra.

Gleðileg jól

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. **Akureyri:** Glerárgata 32. **Keflavík:** Leifsstöð **og söluaðilar um land allt.**

www.66north.is

Klæddu þig vel

66° NORÐUR

Stolin æska

UMRÆÐAN
Uppeldi

HALLDÓRA MARÍA STEINGRÍMSDÓTTIR

Það yrði undarleg útkoma ef próf væri lagt fyrir foreldra um hvort þeir væru hæfir til að ala upp börn, tilbúnir að standa undir þeirri ábyrgð og fjárhagslegu skuldbindingu sem það krefst og hvort þeir hafi tíma fyrir börnin sín. Talið er að 85% af mannkyni séu alin upp við óæskilegar aðstæður. Það er margt sem er hreinlega samþykkt í mörgum þjóðfélögum eins og drykkja foreldra innan um börn, það má víst ekki tala illa um þá sem eru með sjúkdóminn sem kallaður er alkóhólismi. Það er merkilegt að fólk skuli alltaf standa upp fyrir þeim en ekki þeim sem alkóhólisminn bitnar á.

Áður var talið að börn væru eign foreldra sinna og margir álitu að þeir gætu hegðað sér hvernig sem er í návist barna sinna. Foreldrum ber að uppfylla ákveðnar þarfir barna.

Það er skoðun mín að það sé andlegt ofbeldi að vera drukkinn eða í annarri vímu fyrir framan börnin sín. Það er samþykkt af alltof mörgum forráðamönnum barna að vera í áfengisvímu eða eiturlyfjavímu innan um börn. Margir álíta líka áfengi miklu skárra vímuefni en eiturlyf. Áfengið gerir alveg sama skaða og fíkniefni, oft á hægvirkari hátt en stundum ekki á minni hraða. Svo ég taki dæmi frá heimasíðu SÁÁ um afleiðingar drykkju:"... áfengissýki [er] talin sérstakur sjúkdómur sem þarf sérhæfðrar meðferðar við. Það sem áður var talið einkenni um geðveiki eða geðveilu hjá alkóhólistum er nú oftar talið afleiðing drykkjunnar fremur en orsök." Þannig að með áfengisdrykkju er hægt að áskapa sér geðsjúkdóm. Í beinu framhaldi af geðveikinni sem skapast, ætla ég að taka dæmi af heimasíðu Geðhjálpar þar sem afleiðingar geðraskana fyrir aðstandendur eru raktar: Algeng áhrif geðröskunar á fjölskyldu eru:

- Reiði
- Ráðleysi
- Skömm
- Ótti
- Sorg
- Vanmáttur

Þegar foreldri, eða forráðamaður, tekur ákvörðun um að vera drukkið fyrir framan barnið sitt þá er það að samþykkja ákveðnar vísindalegar niðurstöður. Barnið mun að öllum líkindum læra það sem fyrir því er haft og verða alkóhólisti í framtíðinni eða meðvirkur einstaklingur sem þarf að upplifa óþarfa áhyggjur og óhamingju af völdum þess sem það býr með. Meðvirkt fólk á auðvelt með að festast í fórnarlambshlutverkinu. Fórnarkostnaðurinn af því að neita að taka ábyrgð og vera fullorðinn er himinhár fyrir börnin sem verða dramakóngar og -drottningar í framtíðinni. Afsakanir þeirra sem neita að fullorðnast og taka ábyrgð á því að vera foreldri eru á marga vegu eins og „ég nenni ekki að vera edrú, það er svo leiðinlegt".

Nú er Evrópuráðið farið af stað með verkefni sem leggur áherslu á að börn eru líka fólk. Þetta hefur vantað í umræðuna. Áður var talið að börn væru eign foreldra sinna og margir álitu að þeir gætu hegðað sér hvernig sem er í návist barna sinna. Foreldrum ber að uppfylla ákveðnar þarfir barna, til dæmis að sjá þeim fyrir mat, húsaskjóli, hreinlæti og klæðum. Tryggja þarf öryggi barna. Barnið þarfnast tilfinningalegrar hlýju, þ.e. að það sé metið að verðleikum. Örva þarf vitsmunaþroska barnsins, til dæmis með því að hvetja það til náms og aðstoða það við lærdóm. Setja þarf barninu mörk, þannig það kunni að lifa í samfélagi við aðra. Það þarf að sýna barninu staðfestu, til dæmis með því að vera innan um þá fjölskyldumeðlimi sem eru barninu góðir og æskilegir.

Áfengi, fíkniefnaneysla og óreglulegt líferni dregur verulega úr foreldrahæfni. Þegar partýið hefur staðið of lengi og allt er komið í óefni vegna fátæktar eða vanrækslu, sem sést langar leiðir á barninu, fær þetta fólk oft verktaka til að taka að sér uppeldishlutverkið, það er fósturforeldra eða upptökuheimili. Það er óþarfi að rekja afleiðingarnar af því.

Höfundur er móðir.

Ráðherra í öðrum heimi

UMRÆÐAN
Efnahagsmál

MAGNÚS STEFÁNSSON

Í málgagni Sjálfstæðisflokksins föstudaginn 14. desember er viðtal við Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra, undir yfirskriftinni „Metafgangur og aðhald aldrei meira". Fram kemur hjá ráðherranum að afgangurinn, tæplega 40 milljarðar króna, sé mesti afgangur sem samþykktur hafi verið við afgreiðslu fjárlaga. Þessi niðurstaða fáist hvort sem litið er á fjárhæðina sjálfa eða á hlutfall tekjuafgangsins sem hlutfall af landsframleiðslu. Þetta er líklega rétt hjá ráðherranum. Hins vegar heldur hann því fram að aðhald hafi aldrei verið meira við afgreiðslu fjárlaga en nú. Þar er ekki hægt að vera sammála fjármálaráðherranum. Mælikvarðinn á aðhald í fjárlögum getur ekki falist eingöngu í því hve mikill tekjuafgangurinn er, þar ber fyrst og fremst að líta til þróunar útgjalda.

18% hækkun útgjalda

Útgjaldaliður fjárlaga 2008 er rúmlega 18% hærri en var í fjárlögum fyrir árið 2007. Við afgreiðslu þeirra fjárlaga gagnrýndi m.a. Samfylkingin lausatök í ríkisfjármálum, sem væri fyrst og fremst vegna þess að 2007 væri kosningaár. Það á ekki við rök að styðjast hjá fjármálaráðherra að fjárlög 2008 beri í sér mesta aðhald sem þekkist í ríkisfjármálum. Hann getur ekki leyft sér að slá ryki í augu almennings með því að benda á tekjuafganginn sem mælikvarða á aðhaldið. Þar er beinlínis verið að blekkja almenning í landinu. Ef tæplega 20% hækkun á útgjöldum fjárlaga milli ára kallast meira aðhald en áður í ríkisfjármálum, þá er greinarhöfundur að misskilja tilveruna. Sérfræðingar í efnahagsmálum, innlendir og erlendir hafa að undanförnu varað við þróun ríkisútgjalda og hvatt ríkisstjórnina til meira aðhalds. Aðstæður í efnahagsmálum kalla beinlínis eftir því. Við framsóknarmenn erum þeir einu á Alþingi sem höfum haldið þeim málflutningi á lofti.

Hvað kom yfir sjálfstæðismenn?

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi gert út á þá ímynd að vera ábyrgur í ríkisfjármálum og hver þekkir ekki áróður þeirra um að vinstri flokkum sé ekki treystandi í þeim málum. Vinnubrögð Sjálfstæðisflokksins í ríkisfjármálum og efnahagsmálum í núverandi ríkisstjórn eru ekki í samræmi við þetta nú. Við framsóknarmenn áttum í samstarfi við sjálfstæðismenn í tólf ár, á þeim tíma urðu alger umskipti í ríkisfjármálum og efnahagsmálum, eftir þann tíma stendur ríkissjóður betur en nokkru sinni. Okkur tókst nánast að gera upp allar skuldir ríkissjóðs og á þeim tíma var sameiginlegt markmið flokkanna að halda vel utan um efnahagsmálin og halda útgjaldaþenslu fjárlaga í skefjum.

Framsókn þjóðinni nauðsynleg

Eftir áralangt samstarf við Sjálfstæðisflokkinn er erfitt að skilja hvað hefur komið yfir þann flokk eftir myndun núverandi ríkisstjórnar. Ábyrgðarleysið er nú allsráðandi og engir tilburðir til þess að taka á í efnahagsmálum og vinna markvisst að þeim stöðugleika sem verður að nást í efnahagsmálum. Líklega er ein helsta skýringin sú að Sjálfstæðisflokkurinn sé í slæmum félagsskap, hann láti til leiðast til að ausa út fjármunum úr ríkissjóði þar sem lausatökin eru augljós. Eða getur verið að komin sé upp þreyta í Sjálfstæðisflokknum eftir langt valdatímabil og þeim þyki þægilegra að vera ekki að standa í neinu stappi við að halda aftur af ríkisútgjöldunum? Allt þetta eru dæmi um það sem ekki má viðgangast. Sjálfstæðisflokkurinn ber höfuð ábyrgð á ríkisfjármálunum og efnahagsstjórninni og við framsóknarmenn þekkjum ekki þau vinnubrögð sem nú viðgangast af þeirra hálfu. Það er augljóst hvaða flokkur hefur sýnt mesta ábyrgð í ríkisfjármálum og efnahagsmálum síðustu tólf ár. Þjóðin á eftir að vakna upp við vondan draum ef fram fer sem horfir og viðurkenna þá staðreynd að tilvera Framsóknarflokksins í landstjórninni er þjóðinni nauðsynleg og mikilvæg.

Unnið gegn verðbólgumarkmiðum

Útgjaldaþenslan í ríkisfjármálunum eru ekki góð skilaboð í þær kjaraviðræður sem aðilar vinnumarkaðarins eiga í um þessar mundir. Auk þess spilar ríkisstjórnin algerlega frítt í baráttunni gegn verðbólgunni. Réttara væri reyndar að segja að hún ynni gegn þeim markmiðum sem unnið er að. Framgöngu ríkisstjórnarinnar má líkja við knattspyrnumann sem leggur sig sérstaklega fram við að skora í eigið mark. Slíkir leikmenn eru einfaldlega teknir útaf vellinum og settir á bekkinn. Það munu kjósendur gera við stjórnarflokkana ef þeir bæta ekki ráð sitt. Stóra spurningin þegar þetta er skrifað er sú, hvað mun Seðlabankinn gera þann 20. desember, þegar bankinn tekur næstu ákvörðun um stýrivexti?

Röng skilaboð

Það er ekki sannleikanum samkvæmt hjá fjármálaráðherra þegar hann reynir að telja þjóðinni trú um að aðhald hafi aldrei verið meira, þótt svo afgangur fjárlaga sé svona mikill. Það sem skiptir máli er þróun útgjalda. Þessi ummæli fjármálaráðherra sem fram koma í Morgunblaðinu 14. desember sl. eru til þess fallin að senda röng skilaboð út í samfélagið. Þau eru ekki til þess fallin að hafa þau áhrif að það dragi úr þenslu og kröfum um aukin útgjöld í ríkiskerfinu.

Í öðrum heimi?

Ummæli ráðherrans gefa til kynna að hann sé í öðrum heimi. Þau staðfesta það sem við framsóknarmenn höfum haldið fram. Ríkisstjórnin er algerlega ábyrgðarlaus í efnahagsmálum og hefur enga meðvitund um það sem er að gerast. Það er almenningur í landinu og atvinnulífið sem munu taka á sig byrðarnar af því, með háum vöxtum og verðbólgu.

Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

vilborga@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hepafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrir þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele heimilistækin.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Jens æfir þessa dagana stíft fyrir hlutverk Júdasar í söngleiknum Jesus Christ Superstar og er greinilega í karakter á milli æfinga.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Júdas í jakka afa síns

Jens Ólafsson gengur í jakka afa síns og alnafna.

Jens Ólafsson, sem fer með hlutverk Júdasar í söngleiknum Jesus Christ Superstar, heldur mikið upp á jakka sem honum féll í skaut þegar afi hans og alnafni féll frá. „Jakkinn var framleiddur í Heklu á Akureyri og ég held að afi hafi í mesta lagi gengið í honum einu sinni til tvisvar sinnum. Hann er blár með brúnu loðfóðri sem kemur sér sérstaklega vel þessa dagana," segir Jens.

Jens segist yfirleitt taka ástfóstri við nokkrar flíkur og á það við um þennan jakka. „Þær flíkur sem ég held upp á geng ég alveg út," útskýrir hann. Aðspurður segist Jens aðallega skipta við Levi's-búðina hér heima en kaupa sér annars föt á ferðalögum.

„Þá kaupi ég mér boli og einhverjar gallabuxur ef ég dett inn í það," segir Jens, sem er greinilega nokkuð laus við að vera haldinn fatadellu. „Ég er oftast í gallabuxum og bol og mér líður best þannig," útskýrir Jens en hann er þessa dagana að ljúka æfingum á söngleiknum sem verður frumsýndur hinn 28. desember næstkomandi.

Þetta er frumraun hans á leiksviði en hann er best þekktur sem söngvari hljómsveitarinnar Brain Police.

vera@frettabladid.is

Húðin þarfnast mikillar umhyggju yfir hátíðarnar þegar við hlöðum í okkur ýmiss konar óhollustu. Mikilvægt er að hreinsa vel farða, bera á sig krem og drekka nóg af vatni.

GLÆSILEGUR JÓLAFATNAÐUR

Rita

Bæjarlind 6 • s. 554 7030
Eddufelli 2 • s. 557 1730
opið laugard. og sunnud.

Litríkt á litlu krílin

Barnaföt sem gleðja augað.

Í versluninni Lykkjufalli í Garðastræti 2 fæst litrík barnalína sem samanstendur af prjónapeysum, húfum, treflum og skóm. Sigrún Baldursdóttir, eigandi verslunarinnar, hannar línuna sem er ný af nálinni en í búðinni má einnig finna peysur og kjóla á konur.

Þar er svo ýmislegt fleira á boðstólum og má þar nefna tréleikföng, smekki, spiladósir, barnahárspennur, íslenskar lopapeysur, litríka sundboli og margt fleira sem hægt er að skoða nánar á heimasíðunni lykkjufall. com. *- ve*

Fögur að innan sem utan

Á jólunum skreytir fólk umhverfi sitt og sjálft sig. Undir fallegum jólafötunum er gaman að vera í vönduðum nærfötum og má finna þau víða um þessar mundir.

Búðirnar eru fullar af jólavörum nú síðustu vikuna fyrir hátíðina miklu og eru nærfatabúðir þar engin undantekning. Mikið er um hinn klassíska og hátíðlega rauða lit og falleg smáatriði í skreytingum eins og glimmer, blúndur og semelíusteina. Satín og flauel ber einnig fyrir augu og svo er hvítt og svart alltaf klassískt. Það er kannski helst að meira sé um einhvers konar skraut og fínheit á nærfötunum nú fyrir jól.

hrefna@frettabladid.is

Lúxus satínnærföt með svartri blúndu og semelíusteinum. Sérhönnuð fyrir La Senza. Brjóstahaldarinn er á 4.290 kr., g-strengurinn á 2.290 kr. og sokkabönd á 2.490 kr.

Seiðandi nærfatakjóll sem er kannski meira fyrir augað en þægindin. Í kjólnum eru spangir fyrir brjóstin og g-strengur fylgir með. Silfraða skrautið glitrar líkt og stjörnur á himni eða stjörnuljós um áramót. Fæst í La Femme Luxury Bodouir á 3.995 kr.

Snjóhvít nærföt með drapplitum blómum og blúndu sem fást í La Senza í Kringlunni. Brjóstahaldarinn er á 3.990 kr. og nærbuxurnar á 1.990 kr. Einnig er hægt að fá g-streng í sama stíl.

Nærfatakjóll úr mjúkri og teygjanlegri blúndu. Spangir eru undir brjóstum og með kjólnum fylgir g-strengur og rauð, glitrandi næla sem setja má á milli brjóstanna. Fæst í La Femme Luxury Bodouir á 6.995 krónur settið.

VÍSIR.IS

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Tískuföt fyrir fasmiklar konur
Stærðir 36-44
StreetOne Uldahl

20% afsláttur út desember
YSJA
Grensásvegi 22 - 108 Reykjavík - Sími 553 4000 - Gsm 869 4131

Ullarjakkar og kápur
Stærðir 34-46
Verð 9990
FLASH
Laugaveg 54,
sím 552 5201



Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Siglingatíska fyrir kampavínsboð hátíðanna

Í verslunum þar sem verðið er hóflegt eru jólin mikil vertíð og því mikið um dýrðir. Vandamálið er hins vegar að útsölur eru á næsta leiti og því þarf að finna ákveðið jafnvægi í innkaupum fyrir veturinn til þess að ekki sé alltof mikið af vetrarfötum sem liggur eftir þegar jólaverslun-inni linnir.

Í fínu tískuhúsunum er þessu ekki eins farið. Þar er vetrartískan nú þegar að syngja sitt síðasta. Góðu viðskiptavinirnir koma í september og október til að fata sig upp og lítið er eftir af stærðum, í það minnsta af því sem vinsælt er. Bestu viðskiptavinunum er gjarnan boðið á einkaútsölur í kringum jól, ekki verra ef það er fyrir jól til þess að kaupa jólagjafir en þessar útsölur eru bannaðar þar sem allir viðskipta-vinir eiga að hafa jafna möguleika á því að versla á útsölum. Því er mikið pukur í kringum þessar svokölluðu einkaútsölur. Svo eru það þeir heppnustu sem komast á „pressu-útsölu“. Það eru sérstakar útsölur á varningi sem hefur verið notaður í myndatökur og lánaður til blaða og tímarita. Þangað er blaðamönnum boðið, blaða-mönnum sem að öllu jöfnu njóta þrjátíu pró-senta afsláttar allt árið hjá tískuhúsunum og eiga svo að skrifa hlutlaust um tískuna! Spurn-ing hvort ekki sé hægt að segja að tískublaða-mönnum sé mútað.

En svo eru þeir sem ekki vilja gamlar lummur fyrir jólin og eru boðnir í fín samsæti um hátíð-ir. Fyrir þá er „siglingatískan“ (croisière) alveg fyrirtak. Þessi tíska sem var fundin upp á fyrri hluta tuttugustu aldar – á árunum ´20-´30 – fyrir hefðarfrúr sem vissu ekki hvað þær áttu að nota þegar þær fóru í siglingar til heitra landa á lysti-snekkjum í svartasta skammdeginu. Dálítið eins og sumartíska um hávetur en um leið flott og skrautleg. Þessi lína er því tilvalin fyrir hátíðarnar sem eru fram undan með veislum og kampavínsboðum. Um leið boðar hún vor- og sumartískuna sem er á næsta leiti.

Siglingatískan er því það sem er heitast hjá fínu tískuhúsunum um þessar mundir og sum þeirra bjóða jafnvel upp á tískusýningar til að kynna hana. Þetta á til dæmis við um Chanel sem kynnti á dögunum „cruise-línuna“ í Lund-únum. Karl Lagerfeld var í þetta skipti undir áhrifum frá Amy Winehouse (sem mætti ekki) og fyrirsæturnar allar með hina frægu heysátu-greiðslu hennar á höfðinu. Fötin voru einnig í anda sjötta áratugarins, skreytt ullargrifflum og leðurstígvélum með eins konar leðurlegghlíf-um líkt og hjá hermönnum áður fyrr. Ekki bein-línis neinar byltingar í gangi hjá Lagerfeld enda ekki mjög frumlegur um þessar mundir. Spurn-ing hvort uppspretturnar séu nú þurrausnar.

Ég vona að þið eigið öll gleði- og friðarjól.

bergb75@free.fr

frábær föt
frábært úrval
www.vefta.is
Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea

Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. **S. Gunnbjörnsson ehf.**

Olympía Mjódd Reykjavík Olympia Glerártorgi Akureyri olympia.is

Candino swissnesk gæðaúr fást hjá úrsmiðum!

CANDINO SWISS WATCH

Festina-Candino Watch Ltd candino.com
a company of the Festina Group

Dagatalakertin ættu nú að vera langt komin enda nálgast jólin óðfluga. Nú er svo sannarlega tími kertaljósanna en gæta ber fyllsta öryggis við meðhöndlun þeirra.

Jólafötin í ár eru bikiní

Fjölmargir Íslendingar dvelja á Kanaríeyjum um jólin og enn fleiri um áramótin. Ein þeirra sem ætlar að prófa hvorutveggja er Björk Þorgeirsdóttir kennari, sem heldur á vit ævintýranna ásamt stórfjölskyldunni.

„Ég hef aldrei komið til Kanarí en nú á að kýla á það. Við erum fimmtán sem förum saman," segir Björk og telur upp. „Það erum við systkinin þrjú með okkar fjölskyldur, pabbi og mamma og svo kemur tengdamamma bróður míns frá Danmörku." Hún segir yngsta ferðalanginn vera þriggja ára og föður hennar elstan, 61 árs. En hvernig kom það til að þau tóku þennan kúrs? „Tilefnið er það að ég varð fertug á árinu, litli bróðir minn þrítugur og mamma verður sextug 21. desember. Þannig að nú var árið til að gera þetta."

Björk segir hópinn hafa pantað ferðina á vordögum. „Við verðum á ensku ströndinni í fjórum aðliggjandi íbúðum, hver fjölskylda fyrir sig, þannig að við þurfum ekkert alltaf að halda hópinn frekar en við viljum. En okkur kemur ofsalega vel saman þannig að við erum bara mjög spennt. Þetta verður rosa stuð."

Það leynir sér ekki að Björk hlakkar til ferðalagsins. En hvernig undirbýr fólk jólin þegar ferðalag á fjarlægar slóðir er í aðsigi? „Við undirbúum okkur nú ekki mikið," segir Björk og bætir við skellihlæjandi: „Fórum bara og keyptum okkur jólaföt sem hjá okkur dömunum eru bikiní – og málið dautt! Einu reglurnar eru þær að það er bannað innan hópsins að taka með sér hangikjöt og Orabaunir. Við ætlum að hafa þetta útlensk jól á erlendri grund. Það eina sem er planað er að fara út að borða saman á afmælinu hennar mömmu og elda svo saman á aðfangadagskvöld. En það verða ekki jólapakkar nema fyrir litlu krakkana."

Þegar myndatakan vegna viðtalsins berst í tal er Björk spurð hvort hún geti ekki stillt sér upp við töskurnar og verið að pakka bikiníinu niður. Hún trompar það óhikað með því að bjóðast til að vera í því á myndinni. Dregur svo í land. „Nei, ég er hrædd um að ég yrði skilin eftir. Ætli mér yrði ekki sagt að fara bara seinna!"

Mæðgurnar Björk og Anna Dröfn hlakka til að dvelja á sólarströnd um jólin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gun@frettabladid.is

Ljós í myrkri

Verði jólin rauð er hægt að lífga upp á umhverfið með ýmiss konar útiljósum.

Allt stefnir í að jólin verði rauð víða um land. Ef snjórinn lætur ekki á sér kræla til að lýsa upp svartasta skammdegið getur verið ráð að bæta á blessuð jólaljósin. Það getur veitt þeim sem eiga leið hjá ómælda gleði og ánægju og er í réttu samræmi við jólaandann.

vera@frettabladid.is



Tvö falleg hreindýr með hvítum ljósum. Eru tilvalin í anddyri eða úti á stétt. Fást i Húsasmiðjunni og kosta 69.900 kr.

Tignarlegur ísbjörn úr Húsasmiðjunni sem er flottur í anddyri eða í garðinn. Verð: 76.900 kr.

Upplýstur snjókarl sem gleður litlu krílin. Hann er 140 sentimetrar á hæð og kostar 9.900 krónur. Fæst í Húsasmiðjunni.

Snjókarl úr BYKO til að hengja utan á hús. Verð 5.990 krónur.

Jólasveinn í stiga. Verð 5.990 krónur. Fæst í BYKO.

Zaire er klárlega ánægð með lífið og jólasokkinn.

Jólin, jólin alls staðar

Jólagleðin finnst víða um heim.

Jólin eru haldin hátíðleg á ólíklegustu stöðum. Það má berlega sjá í dýragarðinum í London þar sem dýrin fá að gæða sér á góðgæti yfir hátíðarnar. Þeirra á meðal er kvengórilluapinn Zaire sem gæddi sér á dögunum á jólagóðgæti úr jólasokki. Henni líkar góðgætið greinilega vel og brosir út í annað.

Górilluathvarfið í dýragarðinum var opnað í mars á þessu ári og er hluti af þriggja ára endurbótum sem staðið hafa yfir í dýragarðinum.

- sgi

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Nýjar gerðir - glæsileg hönnun

Saeco Odea Giro

Þitt eigið Kaffihús

Saeco Kaffivélar

15 gerðir verð frá kr. 46.900 stgr

Þú lagar alla uppáhalds kaffidrykkina þína svo sem espresso, cafélatte og cappuccino, nákvæmlega eins og þú vilt hafa þá!

Saeco - stærsti framleiðandi heimiliskaffivéla

PRIMEA Coppuccino | Fjölbreytt úrval bolla og fylgihluta | Ítalskt gæðakaffi frá Kimbo og Danesi | Bragðefni frá Fabbri

BJÓDDU VINUM ÞÍNUM Í HEIMA-Kaffihús

Landsins mesta úrval af sjálfvirkum espresso/cappuccino kaffivélum

www.ef.is

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is

Í öllum kössunum sem sendir eru til barna úti í heimi er eitthvað svipað.

Jól í skókassa

GOTT ER AÐ GLEÐJA NÁUNGANN

Verkefnið Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til að gleðja önnur börn sem búa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Gjafirnar eru settar í skókassa og til þess að tryggja að börnin fái öll svipaða jólagjöf er mælst til þess að tilteknir hlutir séu í hverjum kassa.

Verkefnið er samvinnuverkefni KFUM og KFUK og Biblíuleshópsins Bleikjunnar. Verkefninu var ýtt úr vör fyrir jólin 2004 og hefur það vaxið jafnt og þétt. Skókassarnir verða nú líkt og síðustu þrjú ár sendir til Úkraínu og verður meðal annars dreift á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt.

Tekið var á móti skókössum í nóvember og eru þeir nú á leið til barnanna, sem munu væntanlega gleðjast mikið yfir þeim. Nánari upplýsingar má finna á www.skokassar.net. - hs

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Röndótt og lífleg bómullarnáttföt með litlum vösum framan á. Litavalið minnir dálítið á áttunda áratuginn og er því smá „retró“ stemning í þeim. Fást í Du pareil au même á 2.290 kr.

Fagurbleik stúlknanáttföt með litlum fiðrildum og maríubjöllum. Fást í versluninni Krakkar á 3.590 kr.

Diesel-stráka-náttföt með hliðarvösum. Mjúk og þægileg og fást í versluninni Krakkar í Kringlunni á 3.590 kr.

Bakhlutinn á bleiku stúlknanáttfötunum með kínverska sniðinu. Sætt munstur á sæta bossa.

Þessi ofurkrúttlegu stelpunáttföt frá Diesel eru með kínversku sniði og fást í versluninni Krakkar á 3.990. Bolinn má einnig nota með gallabuxum.

Jólanótt í notalegum náttfötum

Hjá sumum börnum er það árviss viðburður að fá ný náttföt fyrir jólin. Þá skipa þægindin stóran sess en krúttlegheit skipta líka máli.

Barnaföt eru oftast nær þægileg og eru náttfötin þar engin undantekning. Þau eru víð, mjúk og gott að skottast í þeim seint á aðfangadagskvöld eða snemma á jóladag. Þetta er langþægilegasti klæðnaðurinn innanhúss, ekki of heitur eða kaldur og auðvelt að hreyfa sig eða hreinlega liggja eins og skata. Náttfötin fást í ýmsum stærðum og gerðum og geta oft hæft áhugamáli barnsins. Það er til dæmis hægt að fá náttföt með risaeðlumyndum eða Mínu mús, í kínverskum stíl og svo mætti lengi telja. Hér gefur að líta nokkur dúlluleg dæmi um hvað finna má í barnafataverslunum borgarinnar.

hrefna@frettabladid.is

Eiturgræn risaeðlunáttföt fyrir alla sanna risaeðluáhugamenn. Neðan úr bolnum hangir lítil eðla og eru náttbuxurnar stuttbuxur.

Þykk, mjúk og teygjanleg klassísk náttföt með köflum frá Ductus. Þau eru á góðu verði, 2.490 kr., og fást í versluninni Krakkar í Kringlunni.

Dásamlega grænblár velúrnáttgalli með fallegum myndum af ýmsum blóma- og fiðrildafurðudýrum. Sætur bleyjurass með smellum og hosur fyrir tærnar. Fæst í Du pareil au même á 2.590 kr.

Jólatré hafa verið útfærð á ýmsan hátt í gegnum tíðina en alltaf er leitast við að fá þau til þess að líkjast grenitrjám sem mest.

Uppruni jólatrésins

ÞEKKTASTA HELGISAGAN UM UPPRUNA JÓLATRÉSINS ER SAGAN UM ENGLANA ÞRJÁ SEM GUÐ SENDI TIL JARÐARINNAR TIL AÐ VELJA TRÉ ÞEGAR HALDA ÁTTI JÓL Í FYRSTA SINN. ÞETTA VORU ENGILL TRÚARINNAR, ENGILL VONARINNAR OG ENGILL KÆRLEIKANS.

Englarnir flugu í áttina til skógarins mikla og ræddu málin á meðan. Engill trúarinnar tók fyrst til máls og sagði: „Eigi ég að velja jólatré, þá verður það að hafa krossmarkið á greinunum, en samt að vera beinvaxið og teygja sig upp til himins.“ Engill vonarinnar sagði: „Það tré sem ég kýs má ekki visna heldur verður það að vera grænt og kraftmikið allan veturinn eins og lífið sem sigrar dauðann.“ Engill kærleikans mælti: „Það tré sem mér á að geðjast að verður að vera skjólsælt tré sem breiðir greinar sínar vinalega út til að skýla öllum litlu fuglunum.“

Englarnir fundu grenitréð sem hefur kross á öllum greinunum, er grænt í vetrarsnjónum og veitir öllum litlum fuglum skjól. Þeir vildu síðan hver fyrir sig gefa því gjöf.

Engill trúarinnar gaf því jólakerti til þess að staðið gæti af því himneskur ljómi eins og fyrstu jólanóttina.

Engill vonarinnar setti stóra tindrandi stjörnu á toppinn. Engill kærleikans hengdi gjafir á fallegu grænu greinarnar og Guð gladdist yfir góðu englunum sínum. (Heimild: Kirkjan.is)

- ve

Katla Þormóðsdóttir er að lita snjókarl. Þá er hvíti liturinn afar nauðsynlegur. Henni á hægri hönd er Árni Freyr Baldursson. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Hilmar Aron Árnason og Pétur Kristján Guðnýjarson láta sig dreyma um dýrðlega daga fram undan.

„Ertu að segja mér að puttarnir á mér komi í Fréttablaðinu?“ spurði Valgeir Ingi Þórðarson ljósmyndarann. Við hlið hans situr Mímir Bodinaud og lengra frá Stephanie Adriana Vasi.

Síðustu dagar fyrir frí

Það leynir sér ekki í skólum landsins að jólin eru á næsta leiti. Allt svo fallega skreytt og hátíðlegt. Laugarnesskólinn í Reykjavík er þar engin undantekning.

Löngu frímínútunum í Laugarnesskóla er að ljúka þegar Fréttablaðsfólk ber að. Börnin raða skónum utan við skólastofudyrnar og ganga til sæta sinna. Þar bíða verkefnin. Flest eru að föndra eitthvað fallegt sem tengist jólunum. Nú fer hver að verða síðastur því fríið byrjar eftir örfáa daga.

Í stofu númer 18 eru 22 níu ára börn í óða önn að skreyta pappírspoka sem eiga að verða umbúðir utan um jólagjafir. Gjafirnar hafa þau búið til sjálf líka en af því foreldrarnir eru kannski að lesa þetta blað þá verður því ekki ljóstrað upp í mæltu máli hver gjöfin er. Það eitt getum við sagt að hún er glæsileg.

Sunneva Líf Albertsdóttir vandar sig við listaverkið.

Stofan angar af fínlegri mandarínulykt sem hæfir vel stemningunni. Lilja Benónýsdóttir kennari er að skreyta veggina með músastigum sem börnin hafa föndrað. Suma gerðu þau fyrr um morguninn, aðra einn óveðursdaginn. Þá mætti um helmingur bekkjarins í skólann að sögn Lilju og notaði tímann í skreytingar. „Það var sérstakur dagur. Frekar rólegur en eftirminnilegur fyrir þá sem mættu,“ segir hún.

gun@frettabladid.is

TOYO TIRES

#1 BRAND OVERALL TOYO TIRES

“TIRE REVIEW MAGAZINE” **TOYO** var kosið besta dekkið í **USA 2007** **TOYO** Hefur sigrað þessa könnun í sjö skipti síðustu átta ár

FRÁBÆR ENDING..!!

BURT MEÐ SVIFRYKIÐ..!!

UMHVERFISVÆNN VALKOSTUR SEM VIRKAR...!!

561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30

Bílaþjónusta Benna Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík Sími **590 2000** • **www.benni.is**

Skipti framdekkjunum út eftir 75.000 km !!

Ég nota **TOYO HARÐSKELJADEKK** allan ársins hring, og eftir að hafa prófað ýmsar aðrar tegundir ónegldra dekkja, get ég fullyrt að **TOYO** eru albestu dekk sem ég hef notað....

Pétur Friðrik Þórðarson *ökukennari*

TOYO HARÐSKELJADEKK - RAUNHÆFUR VALKOSTUR Í STAÐ NAGLADEKKJA...

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

Fosshamar

Toyota Land Cruiser 100 Nýsk. 9/'05 ek 63 þ. 5 manna dísel, silfur, snertiskjár allar aðgerðir í stýri GPS ,glæsilegur bíll með öllu. Fosshamar sími 820 1909.

Til sölu M.Benz E 280 CDI. Avantgarde Disel . árg.'07 Litur silfur ,ek. 30 þ. sjálfs. 7. gíra bíll með öllu.Verð 5.890 tilboð 5.350 þ. Fosshamar sími 820 1909.

BMW X5 árg.'06. Ek. 19.500 km. Fallegur bíll! Hvítur / ljóst leður að innan. Sem nýr! Verð aðeins 5.900.000 FOSSHAMAR ehf. sími 820 1909.

Fosshamar
Sími: 8201909
rubbi
rubbi

100 bílar bílasala 100bílar.is

Range Rover Westminster, árg. 2004, ek.72þús.km, Leður, Rafmagn, Xenon, Fjarlægðarskynjarar, einn með öllu, Verð 6990þús.kr, áhv.2350þús.kr. Sjón er sögu ríkari!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf 821-6292

Ford Explorer XLT árgerð 2006, ekinn 40 þús.km., 7manna, 6cyl., sjálfskiptur, glæsilegur bíll. Verð kr. 3.200.000,- 100% lán mánaðargreiðsla kr. 46.000. Uppl. í s. 821 6292.

GM Chevrolet Suburban LT - K1500 árgerð 2007, bensín, 7manna, leður ofl. ofl., ekinn 25 þús., dökkblár. Verð kr. 6.290.000. Uppl. í s. 821 6292 & 893 6292.

Peugeot Boxer diesel pallbíll árgerð 2004, ekinn 71 þús. km., álpallur, 100% lánað. Verð 1.590.000 þús. m.vsk. Uppl. í s. 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft, sparneytni og lægra innkaupsverði. 270 hö, 7,5L/100km. 2008 frá 4490þús. Einnig 2007 tilboðsbílar. Frá 3500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Splúnkunýr 2008 Toyota Landcruiser 200 um 2 milljónum undir listaverði! Láttu okkur spara þér sporin og milljónirnar. Eitt símtal og þú færð betra tilboð í lúxusbíla hjá okkur t.d. í nýjan Porsche eða Mercedes Benz. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Dodge Ram 2500 Laramie Diesel 2007 ekinn 5þ. Leður, 6 manna, topplúga, 35" breyttur, lok á palli. Einn með alveg öllu. S. 898 2811.

Toyota Yaris árg 1999 Verð 395 þús. Upplýsingar í síma 893-6404

Toyota Hilux árg 1998 Dísel. Verð 920 þús stgr. Ath skipti möguleg Upplýsingar í síma 893-6404

Lexus IS 300 árg 2002. Ath skipti möguleg Upplýsingar í síma 893-6404

M. Benz C-220, '95, ek. 166 þ. bensín, ssk., 16" álfelgur og dekk, nagladekk fylgja. V. 890 þ. Uppl. í s. 866 3987.

Gullmoli Cadillac Eldorado '89, ek. 120 þús. 8cyl bensín, ssk., m/öllu. V. 890 þ. Uppl. í s. 866 3987.

Til sölu Renault Megane '99 ('00) bíll í góðu standi. Verð aðeins 210 þ. S. 898 8835.

Skodi Octavia '98 ek 128 þús. 1,6 bsk. góður bíll á góðu verði 370 þús. stgr. Uppl. í s. 692 5577.

Dodge Ram 3500 Laramie árg. '07. 6.7L dísel, 6 þrepa ssk. Ek. 5000 míl. V. 3.990 þús án vsk. Uppl. í s. 896 4511.

Lítið ek. gott verð!
Huyndai Getz '05 ek. 28 þ. Gott lán í ábyrgð. Uppl. í s. 695 2031.

Nissan Murano SL AWD. Nýskráður 30.09.05. Innfluttur frá USA 3.5 L V6 vél, silfurgrár, ekinn 23þ.km. svört tausæti, rafmagn í rúðum, samlæsing, rafmagn í bílstjórasæti einn eigandi, frábært eintak. Verð 3,2 m.kr. staðgreitt eða skipti á dýrari 2006/2007 Ford Expedition Limited eða Lincoln Navigator gsm 820 6704 Árni.

Ódýrir bílar til sölu!

VW LT '97 diesel v. 390 þ. Suzuki Vitara V6 '96 v. 180 þ. Kamaro V6 '94 v. 280 þ. Sunny GTi v. 80 þ. S. 822 8171.

WV Bora árg. '99 ek. 128 þ. Skoðaður '08. nýjar bremsur. V. 360 þ. S. 845 3173.

Ford Escord station '97 ek. 75 þ.km. Í ágætur standi sk. 08. Fæst f. 110 þ. S. 896 8217.

Til sölu Astra 1,6L bsk. árg. '02, 3ja dyra, ek. 90 þús. Sk. '08. Verð 500 þús. S. 868 8565.

0-250 þús.

Stór útsala!! Nissan Micra '98 3d., 5g. ek. 150 þ. V. 85 þ. Daewoo Nubria st. '99 toppeint. v. 125 þ. S. 844 6609.

250-499 þús.

MMC Galant árg. '98 ek. 140 þ. Vel með farinn. V. 330 þ. Góður stgr. afsláttur. Uppl. í s. 821 3854.

1-2 milljónir

Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Bílar óskast

Óska eftir sparneytnum bíl á ca. 200 þ. stgr. Helst Corolla eða sambærilegur. verður að vera skoðaður og í góðu lagi. S. 825 0652.

Jeppar

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. 2007/08 Jeppar frá 2500þús og pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

MMC Pajero Intense diesel. Nýr bíll, 7 manna. S. 898 2811.

Toyota LC120 nýr óekinn, 35" breyttur, ssk., topplúga, 8 manna, dráttarb., spoiler ofl. Verð 6,290 þ. Uppl. í s. 894 4144 & 697 7777 & 693 9925.

Patrol dísel '93 ek. 320 þ. 35". Verð. 350 þ. Fínn í veiði. Uppl. í s. 863 8007

Pallbílar

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Dodge Ram 2500 Laramie árg. 2008. Nýr bíll 2 ára ábyrð. 6,7, diesel, leður, 6 manna og DVD. Einn með öllu. S. 898 2811 www.plusgallery.is

Vörubílar

Scania dráttarbíll 144G 530, árg. '01, ek. 270 þ. Opticruise, Retarder. Ný dekkjaður. V. 5.4 mil + vsk. Uppl. í s. 869 6825.

Vinnuvélar

Til Sölu Toolcat 5600. Árgerð 2004. Selst með skóflu, göflum, sóp, sanddreifara, mini salt dreifara, snjóplóg og snjókeðjum. Einnig til sölu Ergoline ljósabaekkur. Turbo Power 600 Avantgarde. Uppl. í s. 893 0527 á milli 08-18 virka daga, Vigfús.

Bílaþjónusta

NICOLAI
BIFREIÐASTILLINGAR
Faxafeni 12 · Sími 588-2455
Véla og hjólastillingar
Tímareimar - Viðgerðir

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Nýjar bílalyftur tegund Rotary frá N-1. 3.100 kg / 4.000 kg. Ný vinnuborð frá ÍSOLD . 16 metrar Ný loftpressa 270 lítra / 4 kgw tegund Scamel, og 2 stk slöngu roller tegund PROVOST. Ýmislegt smálegt. smergel ,skrúfstykki, háþrýstidæla iðnaðarryksuga, gísrkassatjakkur,logsuðutæki, verkfæraskápar ,hjólaborð , hillurekkar og smádót Uppl. í s. 540 6700.

Hjólbarðar

Naglad.215/55R16, 4st kr.32000.Notuð 4mán 2007. Sími 8225383.

Varahlutir

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Varahluti í Lancer 1600 St. árg. '99 Civic Sedan árg. '95 og Legacy árg. '92. Accent '95. S. 896 8568.

ÞJÓNUSTA

Jólaskemmtanir

Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

Jólasveinaþjónusta
Vantar þig jólasvein við komum í heimahús, jólaböll, húsfélög og aðrar samkomur. Margra ára reynsla. Uppl. í síma 820 7378.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

Hreingerningar

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og einnig flutningsþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Ræstingar

Garðyrkja

Málarar

Sandspörtlun og málun
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar málarameistari.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pían ófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Húsaviðhald

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Stífluþjónusta



Tölvur

Tölvuþjónusta
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Spádómar

Alspá
445 5000 & 823 8280
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Rafvirkjun

RafListLöggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,og fagleg raðgjöf.
Uppl. í s. 823 8860 & 861 9116.

KEYPT & SELT

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

Lagertilboð meðan birgðir endast! Rafmagn batterís bílar frá 3ja-6 ára kr. 12.995. Rafmagns batteríshjól frá 3ja-6 ára, kr. 8.995. Infrarexlampi á tilboði kr. 3900. Netlagerinn, Síðumúla 13, opið frá 10-22 alla daga fram að jólum. Sími 865 4015. netlagerinn.is

Rimlar og úrval æfingatækja
Á. Óskarsson ehf. www.oskarsson.is S. 566-6600

Ódýri jólamarkaðurinn Ánanaustum 1, gegnt gamla Ellingsen húsinu. Opið alla daga fram að jólum. 20% afsláttur til örorku og lífeyrisþega.

Er með mikið af fallegum gerviblómum, útskornum styttum og húsgögnum ofl. ofl. sumar vörur á 80-90% afstl. Sími 893 8886 eða á staðnum Engihjalla 8. Opið miðvi-sunnud.

Þvottavélar
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, uppþvottavélar og ísskápar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

IKEA Borðstofub. stækkanlegt f. 10-12 manns. Nýlegt vel með farið. V. 30 þ. S. 899 5869.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Nýr tvöfaldur stálísskápur m. klakav. á 50þ. Eldavél á 5þ. Eldavélaháfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Glerskápur á 3þ. Barstólar á 3þ. Chicco barnavagn á 5þ. S. 896 8568.

Þvottavélar
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, ísskápar og eldavél. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. Opið um helgina.

Glæsilegur ísbjarnarfeldur m/ uppstoppuðum haus og öllum klóm. S. 694 1808.

Ljósritunarvél
Ljósritunarvél og faxtæki sem ný tegund Cannon . IR2270 Verð kr. 100.000.00 Uppl. í s. 540 6700.

Óskast keypt

Kerra óskast: Góð bílkerra óskast Ingi s. 698 2846

Ehf. óskast, skuldlaust félag sem hefur ekki verið í rekstri undanfarið óskast keypt. S 562 8811.

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

Hljóðfæri

Stagg Þjóðlagagítar
Poki, Ól, Stilliflauta, Auka strengjasett, eMedia tölvudiskur. Kr. 13.900 Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, RVK 824 7610 & Ak 660 1648

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Eitt mesta úrval landsins af sagarblöðum og fræsitönnum. Mjög góð verð. Ásborg, vélar og verkfæri. Smiðjuvegi 11 S. 564 1212

Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

Til sölu suðuvél 270 amp 50þ. Bandslípivel Golf 55þ. Loftpressa 500l 55þ. Uppl. í s. 662 5670.

Bækur

Til sölu alusink vegg og eða þakjárn stallað með stærri prófil litur dökkgrænt þetta járn hentar til að fara á lektur á þak vegna burðar sem það hefur magn 2000 fermetrar í lengdinni 960 cm, einnig þakull 15 cm með trefjapappa sem snýr niður ,gott verð ,nýtt og ónotað. Upplýsingar í síma 434 1502.

Til bygginga

Ný mótaborð til sölu 1.545 kr./m2 m/vsk. Uppl. í s. 847 3798 Halldór og ulfurinn.is

TIL SÖLU

TIL SÖLU

TIL SÖLU

Verslun

Vönduð, sérlega mjúk leðurstígvél, með skinnfóðri. Litir. Svart og brúnt Stærðir: 36 - 41 Verð: 15.500.- Misty skór, Laugavegi 178, sími 551 2070

Útsalan á fullu.
Ótrúlegt úrval af fallegum fatnaði. Opið 10:00-18.00 laugard. 11:00-17:00 Lokað sunnudaga. Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is



Indverskt og íslenskt handverk og heimilisiðnaður. Mjúkir og harðir pakkar. www.alvara.is

Opið er virka daga: 10 - 18 nk. laugardag 10 - 18 Þorláksmessudag 13 - 20 Misty skór, Laugavegi 178, sími 551 2070

TIL SÖLU

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

Til sölu 18 strarrtpakkar að Herbalife 6 Dollur að tropiske frugter 7 að te og 4 að jelló fæst á hálvirði. Upplisíngar í síma 699 0360.

Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 857 1326.

Viltu heilnudd ? Jólatilboð! örfáir dagar eftir. S. 869 6914

Whole body massage Telepone 844 9083.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Nýtt oliuborið Eikarborð frá Tekk 90 x 180 cm. kaupverð 79 000 selst á 45 000 þ.kr. S. 866 3572.

Heimilistæki

Gorenje eldavél til sölu fyrir 10.000 kr. Uppl. í s. 552 3830 / 660 0202.

Ýmislegt

Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is

Til sölu góður tvískiptur Electrolux ísskápur, 60x60x180 cm á 10 þús. kr. Uppl. í s. 862 0112 og 587 0112.

Gefins

Tilvalin jólagjöf
Fallegir 7 vikna kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 895 5695.

Fatnaður

Sportfatnaður XL-8XL.
Vorum að fá nýja sendingu af sportfatnaði í stærðum frá XL-8XL. 10% kynningarafsláttur. AL X ehf, Hafnarbraut 4, 200 kóp. S. 587 0545.

Barnavörur

Barnarimlarúm með springdýnu til sölu. 120x60cm. Verð 15.000. Uppl. í síma 821 5821.

Allar smá-auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Dýrahald

Jólatilboð á Fuglabúrum 21.000.- , Snyrtiborðum 8500.- og Hundabælum 4,500 kr Erum með ódýrustu Gæludýravörurnar á Íslandi Skoðið á www.liba.is

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dals-mynni.is
Sími 566 8417 og www.dals-mynni.is

Am. Cocker Spaniel hvolpar til sölu. Heilsufársskoðaðir og örmerktir. Ættbók frá hundaræktarfélaginu REX. Uppl. í s. 897 8802.

Dýrabær
Ný sending af hundafötum,líka í stórum stærðum. Dýrabær Hlíðasmára 9, og Smáralind www.dyrabaer.is

Gefðu kisu hollt og gott í jólagjöf. Please Pet, 100% náttúrulegt kisunammi og kisu bitafiskur. Fæst í Bónus. www.please.is

Hreinræktaðir Chihuahua, tík og rakki, black og tan. Heilsufarsbókaðir, þrifsprautaðir, húshreinir, ljúflingar eins og foreldrarnir. Uppl. í s. 552 8006 & 848 5343.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

c.a.50m2, 2ja herb. íbúð, ásamt geymslu og sameign.þvottah. til leigu í austurb. Rólegt hverfi, stutt í allt. Aðeins óskað eftir rólegu fólki sem gengur vel um. laus um 5.jan. 100þ. leiga, hiti innif. 3ja mán. trygging skilyrði. Upplýs. 8968513

Til leigu falleg vel staðsett 2 herb. Íbúð í Árbæ. Langtíma leiga. Laus strax. Verð 110 þús. Uppl. í s. 694 5649 eða finnuringi@yahoo.com

2 herb. íbúð á besta stað í 101 til leigu, 120 þús. á mán. fyrirfram. S. 864 4827.

4 herb. efri sérhæð til leigu á Akranesi. Uppl. í s. 861 5861.

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

Til leigu 80fm 3 herb. íbúð á Langholtsvegi, 104 Rvk. Laus frá 1. jan. V. 140 þús. Hiti og rafmagn innifalið. Húsgögn geta fylgt með að hluta. Uppl. í s. 431 2012 / 866 9186.

Húsnæði óskast

Ungt nýgift par vantar íbúð eða herb. m. aðg. að eldhúsi, helst í Hafnarfirði. Bæði reglusöm í góðri vinnu Uppl. síma 892 3929 Helga.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu, helst í Hfj. Greiðslugeta allt að 80 þús. Uppl. í s. 661 9132 e. kl. 17.

2 strákar utan af landi eru að leita sér að 3 herb. íbúð. Íbúðin þarf að vera laus frá 1. jan eða 1. feb. Geta borgað 6 mánuði fram í tímann. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 770 5214.

Skilvís og reglusamur maður óskar eftir rúmgóðri og bjartri einstaklings/2 herb. íbúð í mið- eða vesturbænum. S. 847 5012.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Tökum tjaldvanga í geymslu í Mosfellsbæ. Bjarni sími 698 0906 & 445 9535.

ATVINNA

Atvinna í boði

Sælgætis og videohöllin Garðatorgi
Óskum eftir að ráða fólk í kvöld- og helgarvinnu hentar vel skólafólki. Einnig vantar fólk í dagvinnu.
Umsóknareyðublöð á staðnum. Einnig hægt að hringja í sima 565 6677.

Matreidslu menn oskast À KJESK i kristiansand i noregi vantar okkar matreidslumann fra byrjun januar. À ENOK NILSEN vantar okkur yfirkokk og kokk fra1 april 2008. Fra 1 mai vantar okkur 2 kokka og adstodarmenn. ENOK NILSEN er sumar stadur sem er opinn fra 1 april til 30 septenber. Mjog goda laun fyrir retta folkid.

Öryggisgæslan ehf.
Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu á nóttunni, unnið í viku og frí í viku. 9 tíma vaktir í senn. Uppl. hjá Einari í s. 856 5031 og Hallgrími í s. 856 5030. Fram að áramótum er aukavinna frá 18 des - 30 des, unnið á mismunandi vöktum allan sólahringinn.

Starfsfólk óskast. Aðeins 20 ára og eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Næg vinna í boði fyrir rétta aðila. Uppl. á staðnum eða í S. 544 5514.

Efnistaka í Bolaöldum í Ölfusi
Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Til að mæta þörf fyrir malarefni á höfuðborgarsvæðinu, í Ölfusi og víðar hyggjast Bolaöldur ehf. halda áfram þeirri námuvinnslu sem verið hefur í Bolaöldum í Ölfusi í áratugi.
Samkvæmt IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum um náttúruvernd nr. 44 frá 1999 þarf nú að afla námunni framkvæmdaleyfis og verður því fjallað um framkvæmdina í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Vinna við mat á umhverfisáhrifum er hafin hjá Línuhönnun hf. verkfræðistofu og drög að tillögu að matsáætlun verða aðgengileg á vef Línuhönnunar www.lh.is frá 20. desember 2007

Hægt er að koma ábendingum og athugasemdum við tillögu að matsáætlun til Línuhönnunar á netfangið umhverfismat@lh.is til og með 3. janúar 2008.

Línuhönnun er gæðavottað fyrirtæki skv.ISO 9001:2000 staðlinum og er umhverfisvottað svk.ISO 14001.
FS 70294
EMS 50084

Línuhönnun verkfræðistofa
Suðurlandsbraut 4A | 108 Reykjavík
Sími: 585 1500 | fax: 585 1501 | www.lh.is | lh@lh.is

LANDSNET

Háspennulínur (245 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík
Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Þingeyjarsveit og Norðurþing.

Drög að tillögu að matsáætlun

Landsnet hf. kynnir áform um að byggja tvær 245 kV háspennulínur frá virkjunarsvæðum á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum að Bakka við Húsavík. Háspennulínurnar munu liggja um sveitarfélögin Skútustaðahrepp, Aðaldælahrepp, Þingeyjarsveit og Norðurþing, um 60 km leið.
Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 22. tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Matsvinnan er hafin og eru drög að tillögu að matsáætlun til kynningar á heimasíðum Landsnets, www.landsnet.is og VGK-Hönnunar, www.vgkhonnun.is.
Almenningi gefst kostur á kynna sér þessi drög á ofangreindum vefsíðum og setja fram athugasemdir í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fram til þriðjudagsins 8. janúar 2008. Hægt er að senda athugasemdir bréfleiðis á neðangreint póstfang eða með tölvupósti á netföngin axel@vgkhonnun.is og arnije@landsnet.is.

Frestur til að gera athugasemdir er til **8. janúar 2008.**

VGK-Hönnun hf.
Axel Valur Birgisson
Grensásvegur 1
108 Reykjavík

Landsnet hf.

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu ehf.:

Hádegismóar 2. áfangi, gatnagerð og lagnir
Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000, frá og með föstudeginum 21. desember 2007, hjá síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 14. janúar 2008 kl. 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12067

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Mila · Orkuveita Reykjavíkur · Gagnaveita Reykjavíkur

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu ehf.:

Reynisvatnsás og Reynisvatnsvegur – gatnagerð og lagnir.
Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000, frá og með föstudeginum 21. desember 2007, hjá síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 11. janúar 2008 kl. 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12066

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Mila · Orkuveita Reykjavíkur · Gagnaveita Reykjavíkur

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

Sími 588 9090 • Síðumúla 21 • www.eignamidlun.is

KEILUGRANDI – LAUS STRAX

Frum

Mjög falleg nýstandsett 99 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli. Stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, sjónvarpshol og þrjú herbergi. Tvennar svalir. Sjávarútsýni. Laus strax.
Magnea fasteignasali sýnir íbúðina sími 861 8511.

Húsaleigubætur í Hafnarfirði

Vakin er athygli á að í 4. gr. reglugerðar um húsaleigubætur nr. 118/2003 segir meðal annars: "Sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka. Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist sveitarfélagi eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki afgreiddar vegna þess mánaðar". Til þess að eiga rétt á húsaleigubótum 1. janúar 2008 þarf Félagsþjónustunni í Hafnarfirði að berast umsókn um húsaleigubætur fyrir 17. janúar 2008, ásamt skattframtali 2007.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði
Strandgötu 33

HAFNARFJÖRÐUR
VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í sima 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

LAUGAR

Við erum að leita að starfsfólki

…sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavini!

WorldClass ICELAND

Óskar eftir starfsmönnum í ræstingu í stöðvar okkar í Laugum, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ!
Um er að ræða fullt starf – vaktavinnu og óskað er eftir því að starfsmaður geti byrjað fljótlega.
Umsjón með ráðningu hefur
Hólmfríður Ósk Guðbjörnsdóttir holly@worldclass.is

We are looking for people in our cleaning-department in Laugar, Seltjarnarnes and Mosfellsbær.
The job offers only shift-work and it would be great if applicants could start working soon.
For further information please contact
Hólmfríður Ósk Guðbjörnsdóttir holly@worldclass.is

Húfa og lúffur
1.390,-

Bolur
890,-

Hreindýragalli
1.790,-

3 smekkir í pakka
1.190,-

Sokkar 3 í pakka
990,-

Fingrabrúður
2.190,-

Sett
1.890,-

Handklæði
2.690,-

fyrstu jólin mín

next

Kringlunni • 551 3200

Einelti fullorðinna ekki bundið við vinnustaði

UMRÆÐAN
Einelti

KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR

Einelti meðal fullorðinna er síður en svo einskorðað við vinnustaði. Segja má að einelti geti skotið upp kollinum í alls kyns aðstæðum þar sem sami hópur hittist reglulega hvort sem hann er skuldbundinn til þess eða kemur saman til að njóta góðra stunda. Einelti meðal fullorðinna er misgróft og lýtur í raun svipuðum lögmálum og einelti meðal barna og unglinga.

Til að flokkast sem einelti þarf að vera um röð atvika að ræða í stað eins ákveðins atburðar. Einelti er skilgreint sem ítrekaðar neikvæðar athafnir sem einn eða fleiri beina gegn öðrum einstaklingi. Neikvæðar athafnir eru sem dæmi aðfinnslur svo sem að gera grín að eða hæðast að viðkomandi. Slíkar aðfinnslur geta verið hvort heldur sem er þegar enginn heyrir til og einnig í viðurvist annarra. Aðrar neikvæðar athafnir eru baktal/rógburður, að sniðganga, einangra og hafna aðila. Einnig ítrekuð gagnrýni, athugasemdir, aðfinnslur og ásakanir. Einelti, eins og allt annað ofbeldi, finnst hjá einstaklingum án tillits til efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu.

Fullorðnir gerendur eineltis eru bæði karlar og konur. Vísbendingar eru um að gerendurnir sjálfir hafi brotna sjálfsmynd og séu ekki allt of öruggir með sjálfa sig. Hvort þeir sjálfir hafi verið lagðir í einelti í bernsku er ekki sjálfgefið. Eins er ekki algilt að gerandinn safni liði. Algengara er þó að hann leggi sig fram um að sannfæra félaga sína um að gerast líka þátttakendur. Viðmót og framkoma gerenda er í mörgum alvarlegustu eineltismálunum sneydd allri samkennd í garð þolandans.

Sé ekki um vinnustaðaeinelti að ræða er markmið gerandans ekki endilega að losna við viðkomandi úr hópnum. Hverfi þolandinn af vettvangi en gerandinn ekki er ekki óalgengt að nýr einstaklingur taki stöðu þolanda. Þolendur geta verið af báðum kynjum. Flestir eiga það sameiginlegt að upplifa skömm og finnast þeir jafnvel með einhverjum hætti hafa kallað þetta yfir sig. Talverðra fordóma gætir í þjóðfélaginu en þeir lýsa sér t.a.m. þannig að sumt fólk hefur tilhneigingu til að álykta að sökin liggi að mestu hjá þolandanum.

Á meðan fordóma er að finna í samfélaginu er líklegt að einelti meðal fullorðinna haldi áfram að vera falið vandamál. Forvarnir gegn einelti geta verið margvíslegar. Ein hugmynd er sú að mynda samtök sem hafa það að markmiði sínu að sporna gegn og uppræta einelti meðal fullorðinna. Slík samtök gætu haft ýmis hlutverk s.s. að búa til fræðsluefni, standa að fyrirlestrum og halda fundi svo fátt eitt sé nefnt. Ef samtök sem þessi eiga að þrífast þurfa þau helst að samanstanda af einstaklingum með mismunandi bakgrunn og fjölbreytta reynslu. Um getur verið að ræða einstaklinga sem hafa brennandi áhuga á að uppræta þennan vanda, fólk sem hefur reynslu af því að vera lagt í einelti, aðstandendur þeirra og jafnvel fyrrum gerendur.

Ef samtök sem hér er lýst eiga að geta sinnt svo víðtæku hlutverki er nauðsynlegt að þau starfi í náinni samvinnu við stjórnvöld.

Höfundur er sálfræðingur.

Verndum Lauga-veginn í Boston

UMRÆÐAN
Húsafriðun

ÓLÖF NORDAL

Það er ekkert nýtt að deilt sé um miðbæ Reykjavíkur. Við munum deilurnar um húsin við bakarabrekkuna og Amtmannsstíg, sem leiddu til stofnunar Torfusamtakanna. Við munum deilurnar um Smjörhúsið við Hafnarstræti og við skulum ekki gleyma Dillonshúsi sem flutt var frá horni Suðurgötu og Túngötu og upp á Árbæjarsafn. Þar stendur ekkert hús í dag. Væri ekki ráð að flytja það til baka aftur?

Það eru mörg hús í nútímanum sem eiga líka skilið að þeim sé sinnt. Ég nefni sérstaklega Norræna húsið í Reykjavík.

Einu sinni sögðu menn að kominn væri tími til að setja stífelsi í Tjörnina og flytja hana upp á Árbæjarsafn. Auðvitað var það sagt í gamansömum tón, en segir samt sína sögu um tíðarandann þá. Nú er tekist á um hús á Laugaveginum. Hús, sem að margra mati voru byggð af vanefnum. Fyrir utan það að þessi hús eru fjarri því að líkjast sinni upprunalegu mynd. Látum það vera. En þegar við metum, hvort við eigum að halda í hús, eða hafna þeim, verðum við líka að horfa til þess í hvaða samhengi þau voru byggð og hvaða saga stendur að byggingu þeirra.

Það eru mörg hús í nútímanum sem eiga líka skilið að þeim sé sinnt. Ég nefni sérstaklega Norræna húsið í Reykjavík. Það er vel teiknað hús, vel byggt og vel í sveit sett. Samt sem áður hafa menn þrengt verulega að húsinu. Sumir segðu jafnvel að það sé orðið að bílskúr nærliggjandi húsa. Það skiptir ekki meginmáli. Hitt skiptir miklu meira máli, að aldur húsa segir ekkert endilega allt um varðveislugildi þeirra og jafnvel staðsetning þeirra hefur heldur ekki úrslitaþýðingu. Þess vegna var það dálítið sérkennilegt að fundur verndarsamtaka húsa við Laugaveg skyldi haldinn í Boston. Tímanna tákn?

Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi.

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

Jólapakkar

stinnari líkami á aðeins 4 vikum

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...

Jóla pakki 1

Slendertone belti + buxur eða pils
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

Jóla pakki 2

Slendertone belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

Jóla pakki 3

Slendertone buxur eða pils + armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

Jóla pakki 4

Tilboðsverð fyrir dömur - alhliða pakki
Slendertone belti + buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-

Jóla pakki 5

Pakki 4 + nuddtæki - alhliða vellíðan
Slendertone belti + buxur eða pils + armar og Slendertone nuddtæki
þjálfar og stinnir og endurnærir allan líkamann
kr. 49.890.-

Jóla pakki 6

Fyrir hann og hana
Slendertone belti + nuddtæki
kr. 33.900.-

SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

SLENDERTONE System

Tími til að líta vel út ...!

Eitt stjórntæki með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.

KORTER.IS

sem virka...

Slendertone Total Body Massage

Nuddtæki fyrir elskuna þína...

Enn ein nýjungin frá Slendertone. Einfalt handfrjálst nuddtæki fyrir hann og hana, sem gefur möguleika á 6 tegundum af nuddi hvenær sem þér hentar. Hægt er að nota hvert kerfi á 7 mismunandi líkamshluta, m.a. efra bak, neðra bak, kálfa og herðar. Mýkir, örvar blóðrás, minnkar bólgur og losar spennu í vöðvum. Byggir á viðurkenndri EMS tækni.

6 nuddkerfi

- Kneading Massage
- Swedish Massage
- Shiatsu Massage
- Deep Tissue Massage
- Athletes Massage
- Power Massage

verð kr. 14.985

Slökun - vellíðan - innri ró

SLENDERTONE System

40 ár í fremstu röð...

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Sendum í póstkröfu

Hryðjuverk undir fölsku flaggi

UMRÆÐAN
Hryðjuverk

ÞÓRARINN HJARTARSON

Stríðið gegn hryðjuverkum“ sem geisað hefur eftir 11. september 2001 er ljótur leikur. Atburðirnir þann dag urðu nýhægrisinnuðum Bandaríkjanna stökkpallur til afar herskárrar útþenslustefnu. Það er nærtækt að skilja sjálfa atburðina 11. september í því ljósi. Bush forseti ku hafa skrifað í dagbók sína að kvöldi 11. september: „Það sem gerðist í dag var Perluhöfn 21. aldar“ (Washington Post 27. janúar 2002).

Margir gagnrýnir höfundar vitna í stefnumörkun samtaka að nafni „Verkefni fyrir nýju amerísku öldina“ frá árinu 2000, samtaka nýhægrimannanna kringum Bush, m.a. Cheney, Wolfowitz og Rumsfeld. Þar sagði að Bandaríkin yrðu að snúa frá þróun í átt til afvopnunar og treysta hernaðarlega yfirburði sína til hnattrænna yfirráða. Brýnt væri að tryggja yfirráð yfir olíusvæðunum í Austurlöndum nær. En hugarfar Bandaríkjamanna væri veikur hlekkur: „Að breyta bandarískra hernum herfræðilega í heimsvaldasinnaðan kraft hnattrænna yfirráða útheimtir geysilega aukningu á útgjöldum til varnarmála... Umbreytingin mun líklega taka langan tíma nema til komi hamfaraatburður sem virkar sem hvati, líkt og nýtt Pearl Harbor.“ („Project for the New American Century“, Wikipedia)

Eftir 11. september og sprengjurnar í London 2005 hefur verið komið á í áföngum sérstökum „hryðjuverkalögum“ í Bandaríkjunum, í Bretlandi, Evrópusambandinu og víðar. Lögin tryggja aðgang lögreglu að persónuupplýsingum og skilríkjum, bankareikningum, heimilistölvum, einkasíma... Komið er upp miðlægum gagnagrunnum um þegna einstakra ríkja. Þaðan rata gögnin líka til CIA. Heimildir og vald lögreglu og leyniþjónustu stóraukast og aðgreiningu milli hers og borgaralegra stofnana er eytt skref fyrir skref vegna „hryðjuverkaógnar“.

Fulltrúar lögregluríkis og heimsvaldastefnu þurfa að „markaðssetja og selja“ „hryðjuverkaógnina“. Þegar þeir hafa útnefnt „íslamska hryðjuverkamenn“ sem helsta óvininn er fullkomlega rökrétt: a) að framkvæma hryðjuverk og koma sök á íslamista b) að lokka reiða (og kannski heittrúaða) íslamista til hryðjuverka c) að blása upp raunveruleg og sviðsett hryðjuverk í fjölmiðlum eins og nokkur kostur er. Það er löng hefð fyrir því að leyniþjónustur framkvæmi voðaverk undir fölsku flaggi (Ríkisþingsbruninn í Berlín og árás á bandarísk herskip á Tonkin-flóa í Víetnam 1964 eru tvö vel þekkt dæmi).

CIA á sér langa sögu í stuðningi við íslamska skæruliða- eða hryðjuverkahópa, einkum frá stríðinu við Sovétríkin í Afganistan. Pakistan varð þá að mikilvægasta bandamanni Bandaríkjanna á svæðinu og pakistanska leyniþjónustunetið ISI hefur haft mikla milligöngu við íslamska hópa síðan. Eftir kalda stríðið, þegar sköpun nýs „ytri óvinar“ varð mikilvæg, er auðvitað æskilegt að viðkomandi hópar berjist opinberlega gegn Bandaríkjunum. Mikilvægastur CIA í þessu hlutverki hefur reynst hópurinn dularfulli, Al-Qaeda.

Á tímanum eftir 11. september og sérstaklega kringum innrásina í Írak voru bandarískar almannavarnir aftur og aftur settar á hátt viðbúnaðarstig og ævinlega var það tengt við Al-Qaeda. Í hverju einasta tilviki reyndist viðbúnaðurinn reistur á

Eftir kalda stríðið, þegar sköpun nýs „ytri óvinar“ varð mikilvæg, er auðvitað æskilegt að viðkomandi hópar berjist opinberlega gegn Bandaríkjunum.

mjög hæpnum eða tilbúnum forsendum en eftir sat samt tilfinning almennings fyrir „hryðjuverkaógninni“.

Eftir sprengingarnar í neðanjarðarlestum Lundúna 2005 lýsti Tony Blair Al-Qaeda strax ábyrg. Fljótlega höfðu leyniþjónustur grafið upp nöfn tveggja mikilvægra bakmanna tengdra þeim samtökum. Annar þeirra, Noor Khan, hafði áður tengst tilbúinni hryðjuverkaógnun í Bandaríkjunum og hann virtist tengjast pakistönsku leyniþjónustunni ISI. Hinn, H. R. Aswat, hefur breskt ríkisfang en býr í Zambíu. Hann vinnur fyrir íslömsk samtök í Bretlandi, Al-Muhajiroun, sem hafa verið virk í Afganistan, Bosníustríði og Kosovo-deilunni og tengjast greinilega bresku leyniþjónustunni B-16. Vikurnar kringum London-sprengingarnar var Aswat fangelsaður oftar en einu sinni í Pakistan og Zambíu en jafn óðum sleppt að tilstuðlan B-16.

Sprenging Gullnu moskunnar í Samarra í Írak í febrúar 2006 ber skýr merki þess að vera hryðjuverk undir fölsku flaggi, vandlega valið af hernámsöflunum til að „deila og drottna“. Ásamt hinni opinberu skýringu um Al-Qaeda-aðgerð hafa borist frá Írak aðrar skýringar, um menn íraska innanríkisráðuneytisins (stjórnað af CIA) sem lokuðu svæðinu af og undirbjuggu sprenginguna heila nótt (New York Times 13. febr. 2007).

Æðsti maður pakistönsku leyniþjónustunnar ISI, Mahmoud Ahmad, var í Washington heila viku fyrir 11. september og nokkrum dögum lengur og átti fundi með kollegum sínum hjá CIA og Pentagon og Dick Armitage, varautanríkisráðherra. Eftir hryðjuverkin leitaði Bush-stjórnin samvinnu við Pakistan og Ahmad var þar lykilmaður. Þegar hann kom heim sendi Pervez Musharraf hann til Afganistan með úrslitakostina frá Bush um að framselja Osama bin Laden eða fá á sig innrás ella. En þessi æðsti maður ISI hafði komið við sögu áður. Samkvæmt Times of India skömmu síðar (9. október) vitnaði indversk leyniþjónusta um peningasendingu fyrir tilstilli hans inn á bankareikning flugræningjans Mohammed Atta í Flórída skömmu fyrir 11. september.

Höfundur er sagnfræðingur.

skovby
Excellent Dining Rooms

Mikið úrval af afar vönduðum **borðstofuhúsgögnum**

Er veisla með stórfjölskyldunni um jól eða áramót?

Hönnuður: Per Hansbæk

Stækkanlegt borð f.20 manns

Komdu núna og gerðu frábær kaup

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu, og langömmu,

Guðnýjar Kristrúnar Níelsdóttur

áður til heimilis á Stýrimannastíg 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns, Landakots og dagdeildar Vitatorgs.

Páll Stefánsson
Soffía Stefánsdóttir
Hildur Stefánsdóttir
Halldóra Viktorsdóttir
Georg Ólafsson
Sigurgeir Kjartansson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg systir mín og mágkona,

Guðbjörg Stefánsdóttir

Dalbraut 27, Reykjavík,

sem lést 14. desember síðastliðinn, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 28. desember kl. 15.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar
Soffía Stefánsdóttir **Páll Gíslason**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Símon Waagfjörð

frá Garðhúsum í Vestmannaeyjum, til heimilis að Boðahlein 8 í Garðabæ,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 13. desember. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 21. desember kl. 13.00.

Elín Jóhannsdóttir
Símon Þór Waagfjörð **Kolbrún Hjörleifsdóttir**
Kristín Sigríður Vogfjörð
Jóhanna Waagfjörð
Jónína Waagfjörð **Gunnar S. Sigurðsson**
og afabörn.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Margrét Jóhannsdóttir

frá Skriðufelli í Þjórsárdal, Þangbakka 10, Reykjavík, er látin.

Útförin fer fram frá Langholtskirkju í dag, fimmtudaginn 20. des., kl. 13.00.

Sigurður J. Sigurðsson
Sigurður Sigurðsson **Lilja Sörladóttir**
Þórdís Sigurðardóttir **Gunnar Pétursson**
Ólafur J. Sigurðsson **Ólöf Ragnarsdóttir**
Þuríður R. Sigurðardóttir **Kristján A. Ólason**
Margrét Sigurðardóttir **Guðmundur Arason**
Hrafnhildur Sigurðardóttir **Barcley T. Anderson**
Berglind Sigurðardóttir **Ólafur Sigurðsson**
og ömmubörn.

†

Eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Stefán Benedikt Benediktsson

frá Húsavík, Sjávargrund 4a, Garðabæ, er látinn.

Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 21. desember kl. 11.00.

Sigurbjörg Sigvaldadóttir
Hanna Stefánsdóttir **Jón Guðlaugsson**
Sigrún Stefánsdóttir **Sigþór Sigurjónsson**
Bylgja Stefánsdóttir
Stefán S. Stefánsson **Guðfinna Baldvinsdóttir**
Guðný Stefánsdóttir **Agnar Agnarsson**
afabörn og langafabörn.

JOHN STEINBECK RITHÖFUNDUR ANDAÐIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1968, 66 ÁRA AÐ ALDRI.

„Enginn maður veit raunverulega hvernig aðrar manneskjur hugsa. Það næsta sem hann kemst því er að gefa sér að þær hugsi eins og hann sjálfur.“

John Steinbeck skrifaði meðal annars hina frægu bók Þrúgur reiðinnar. Hann fékk bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1939.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 20. DESEMBER 1930

Fyrstu hljóð útvarpsins

Þennan dag árið 1930 hóf ríkisútvarpið að senda út á öldum ljósvakans. Auglýst var eftir fréttamanni sem þyrfti að vera fær í erlendum málum og kunnugur íslenskum þjóðarhögum. Einnig var auglýst eftir þul sem væri vel máli farinn. Dagleg fréttaútsending 10 mínútur og öll dagskrá var send út beint nema af plötum. Fyrsti útvarpsstjórinn var Jónas Þorbergsson en Ásgeir Magnússon kennari var fyrsti fréttamaðurinn og sá um bæði innlendar og erlendar fréttir. Fljótlega kom útvarpið sér upp tengiliðum úti um land en erlendar fréttir voru í fyrstu upp úr blöðum og tímaritum uns farið var að vakta fréttatíma erlendra stöðva. Ríkisútvarpið hafði í upphafi einkarétt á sölu útvarpstækja. Þau ódýrustu kostuðu um 200 krónur, sem var nálægt mánaðarkaupi verkamanns.

Heimild/Nýjustu fréttir/Guðjón Friðriksson

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Ástráðs Valdimarssonar.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deilda 6-E og 7-A Landspítalans í Fossvogi. Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.

Kristjana Margrét Guðmundsdóttir
Guðrún Ástráðsdóttir **Már Þorvaldsson**
Hjördís Ástráðsdóttir **Peter Tompkins**
Brynja Ástráðsdóttir **Pétur Bjarnason**
og afabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, fósturfaðir, afi og langafi,

Einar Jón Hallur Kristinsson

Suðurhólum 14,

lést mánudaginn 10. desember á líknardeild Landakotsspítala. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 20. desember kl. 15.00.

Guðmunda Jónsdóttir
Kristinn J. Einarsson **Aðalbjörg Sigurjónsdóttir**
Jón Einarsson **Sirivan Mekavipat**
Feldís H. Einarsdóttir **Gunnar Hilmarsson**
Álfheiður M.L. Einarsdóttir **Björn Björnsson**
Málfríður Kristinsdóttir
Andri Már Gunnarsson
barnabörn og langafabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Ögmundar Jóhannessonar.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi fyrir frábæra umönnun og nærgætni á erfiðri stundu.

Kristín Ögmundsdóttir **Sigurjón Kristinsson**
María Ögmundsdóttir **Sæmundur Einarsson**
Alda Ögmundsdóttir **Erlendur Jónsson**
Sigurður J. Ögmundsson **Guðrún J. Aradóttir**
Jón J. Ögmundsson **Unnur G. Knútsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg dóttir okkar, systir og barnabarn,

Berglind Una Magnúsdóttir

Birkihlíð 2b, 220 Hafnarfirði,

lést þann 10. desember sl. Útförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju, Vatnsleysuströnd þann 21. desember kl. 11.00.

Magnús Sigurðsson **Sigríður Lárusdóttir**
Daníel Magnússon
Una Hallgrímsdóttir **Ásgeir Þórir Sigurjónsson**

MARGRÉT JÓHANNSDÓTTIR, FORMAÐUR GEFNAR „Konurnar hafa áhrif á sitt samfélag gegnum kvenfélagið,“ segir hún. MYND/VÍKURFRÉTTIR

KVENFÉLAGIÐ GEFN Í GARÐI: 90 ÁRA

Gleði í starfinu

Á sama tíma og fjarar undan mörgum kvenfélögum landsins eflist og dafnar kvenfélagið Gefn í Garðinum.

Félagið fagnaði níutíu ára afmæli með bravúr fyrr í þessum mánuði og gaf af því tilefni út veglegt rit um eigin sögu. Í Gefn eru um 100 konur á öllum aldri, sem verður að teljast gott í 1.600 manna sveitarfélagi. „Ein gekk í félagið í gærkveldi og önnur á nóvemberfundinum,“ segir formaðurinn, Margrét Jóhannsdóttir, ánægjulega og upplýsir að haldnir séu fundir mánaðarlega. Hins vegar segir hún ekki hægt að ganga úr félaginu nema skriflega á aðalfundi. En hver er ástæðan fyrir vinsældum félagsins að mati Margrétar? „Það hefur nú ekkert verið rannsakað en hér í Garðinum er mikil samheldni og starfið afskaplega kærleiksríkt og ánægjulegt sem unnið er í félaginu. Konurnar hafa áhrif á sitt samfélag í gegnum það, enda tjá þær sig óhikað á fundum.“

Margrét hefur verið í kvenfélaginu frá 1975 og setið í stjórninni í tíu ár, síðustu tvö sem formaður. Henni finnst starfið ánægjulegt. „Það hefur að minnsta kosti gefið mér mikið,“ segir hún og nefnir helstu viðfangsefnin. „Gefn er fyrst og fremst líknarfélag, upphaflega stofnað til að styðja við byggingu Útskálakirkju, en félagið einsetti sér í byrjun að tekjur þess yrðu líka notaðar til að hjálpa því fólki sem bágast ætti í byggðarlaginu og gjafir frá félaginu hafa dreifst.“

Félagskonur fara utan á fimm ára fresti og í nýja afmælisblaðinu er einmitt fjörleg frásögn um Kanadaferð á síðasta sumri. Margrét segir að kvenréttindadeginum 19. júní sé ávallt fagnað með ferðalagi innanlands þar sem slett er úr klaufunum. Árlegur jólabasar félagsins hefur á seinni árum snúist upp í kökubasar því bæði félagskonur og aðrar konur vilja gjarnan kaupa heimabakaðar kökur að sögn Margrétar, sem nefnir einnig jólatrésskemmtun milli jóla og nýárs sem haldin hefur verið frá 1920. Einnig sér félagið um erfidrykkjur í sókninni ef óskað er. „Duglegar að baka? Já, það er afskaplega gott að leita til okkar félagskvenna enda á það þannig að vera,“ segir formaðurinn.

gun@frettabladid.is

50 ára afmæli

Guðmundur Þóroddsson

forstjóri REI er 50 ára í dag. Af því tilefni býður hann vinum og vandamönnum að fagna með sér áfanganum í Gullhömrum Grafarholti í dag, 20. desember, milli kl. 17-19.

ROLEX



OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER

WWW.ROLEX.COM

Franch Michelsen

ÚRSMÍÐAMEISTARI

LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opið í dag fimmt

Ali ferskur svínabógur **499 kr/kg.**

FK Fersk svínarifjasteik 499 kr/kg.

Íslenskir 100% ungnautaborgarar 30% afsláttur
489 kr pakkinn. *Merkt verð 698 kr.*

Nóakonfektið 650g kassi **998 kr.**
Allir bestu Nóa molarnir í einum kassa.

Ferskt íslenskt 100% ungnautahakk **799 kr/kg.**

Bónus ís bragðarefur **1 ltr 259 kr.** Jólaísinn í ár.

After eight 400g **298 kr pakkinn**

BÓNUS **BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM: 10.00 TIL 22.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

tudag frá 10 til 22

Rafræna Bónus gjafakortið er góð jólagjöf. Þú kaupir inneign á kortið að eigin vali !

Fæst aðeins á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13
s.588 8699 gjafakort@bonus.is

Kæst og söltuð skata **899 kr/kg.**
Kæst og söltuð tindaskata **499 kr/kg.**

Reyktur og grafinn lax 25% afsláttur
1279 kr/kg. Merkt verð 1598 kr/kg.

Saltfiskbitar útvatnaðir **725 kr/kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM: 10.00 TIL 22.00

BÓNUS

Fyrsta flokks grín!

Tilvitnanir í heimsþekkta húmorista frá Shakespeare til okkar daga. Þorsteinn Eggertsson tók saman.

Bók sem grípa má til við öll tækifæri!

Kraftmikil skáldævisaga

Afar lifandi myndir frá litríkum æskuárum í Keflavík. Bókin er skrifuð af miklum krafti, atburðarásin er hröð og textinn geislar af frásagnargleði.



Ný söngbók Gunnars

Árið 2005 kom út bók með 40 vinsælum lögum Gunnar Þórðarsonar og seldist fyrsta prentun upp á skömmum tíma. Nú hefur Gunnar valið 40 lög til viðbótar og birtast þau í þessari bók.

Bók fyrir alla tónlistarmenn!



Heimsbókmenntir handa börnum

Þessi sígildu verk Charles Dickens og Jules Verne í myndasöguformi. Frábærar bækur handa börnum frá 10 ára aldri.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Kabbalah-trú og góðgerðarmál

ROALD VIÐAR EYVINDSSON VEITIR RÁÐ UM HVERNIG MEGI FÆKKA JÓLAGJÖFUM ÁN ÞESS AÐ VALDA USLA

Ertu einn þeirra sem átt vini eða ættingja sem þú vilt hætta að gefa jólagjafir en þorir ekkert að segja? Ef svo er, ættirðu ef til vill að prófa eftirfarandi:

1. Teldu viðkomandi trú um að þú hafir tekið upp Kabbalah-trú, dulhyggjustefnu í gyðingdómi, og sért því hættur að gefa jólagjafir. Þú verðir bara að fylgja eigin trúarsannfæringu og ætlir því ekki lengur að halda upp á páska eða jól og hafnir allri efnishyggjunni í kringum gjafastandið.

2. Önnur afsökun er að sálfræðingurinn hafi sagt þér að hugsa meira um sjálfan þig. Þú hafir ákveðið að fara að þessu ráði og fyrsta skrefið sé að sleppa öllum jólagjöfum í ár. Þannig eigirðu fyrir skemmtiferðasiglingunni sem þig hefur dreymt um í mörg ár, en ekki farið í þar sem þú hefur verið upptekinn við að helga líf þitt þörfum annarra.

3. Þú fannst bara ekkert nógu gott til að gefa viðkomandi. Eftir miklar vangaveltur komstu að því að vinátta ykkar sé þér svo mikils virði að hún verði ekki tjáð með veraldlegum hlutum. Þess vegna hafirðu skilað Æ-fóninum. Hann náði bara engan veginn yfir allan kærleikann sem ríkir á milli ykkar.

4. Þú ætlar að láta andvirði gjafarinnar, sem þú ætlaðir að gefa viðkomandi, renna í góðan málstað. Mörg fyrirtæki stundi þetta og með þessu viljir þú leggja hönd á plóginn. Þú getur reitt þig á að viðkomandi þorir ekkert að segja af ótta við að virðast kaldlyndur. Ef þú endilega þarft skaltu segja að þetta hafi verið verulega góður málstaður, á meðan þú klappar veskinu.

5. Loks ein snyrtilegasta leiðin í bransanum: jólakortið. Sendu jólakort nokkru fyrir jól þar sem þú þakkar fyrir árið og óskar gleðilegs nýs árs. Það er vitað að jólakorti fylgir ekki pakki og því hefurðu fyrirbyggt frekari gjafaskipti án útskýringa. Skiptir engu þótt hinn aðilinn sé búinn að kaupa þína gjöf. Hann getur þá gefið öðrum hana næstu jól og sparað sér pening. Í raun hefurðu gert hið fullkomna góðverk.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ný sending af Hornafjarðarhumri komin í Nettó

HUMAR
Skelbrot
1 kg
799 kr. pk

HUMAR
stór, 2 kg
2.990 kr. pk

HUMAR
skelflettur
0.5 kg
1.499 kr. pk

afsláttur
1.000 kr

Gleðjumst saman!
netto

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 20.–23. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SÍA Umbrot: Vikurfréttir

Kl. 20.30
Sönghópurinn Reykjavík 5 heldur sína árlegu jólatónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld kl. 20.30. Sönghópinn skipa þau Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Gísli Magnason, Hera Björk Þórhallsdóttir, Kristjana Stefánsdóttir og Þorvaldur Þorvaldsson.

menning

menning@frettabladid.is

Örlög grenitrjáa

Nú þegar jólahátíðin er við það að ganga í garð er undirbúningur á flestum landsins heimilum í algleymi. Jólatréð er ómissandi hluti af jólunum í huga margra Íslendinga þar sem það stendur ljósum prýtt í stofunni um nokkra stund. Eins og okkur þykir nú vænt um prúðbúnu jólatrén okkar þegar leikar standa sem hæst eru það færri sem láta sig varða örlög þeirra þegar þrettándinn er liðinn. Trjánum er kastað út af heimilum landsmanna eins og innbrotsþjófum um nótt og svo eru þau til ama langt fram í febrúarmánuð þar sem þau fjúka nakin og barrlaus um göturnar og þvælast fyrir ökumönnum og gangandi vegfarendum.

Örlög jólatrjáanna hafa þó ekki farið fram hjá öllum. Ljósmyndarinn og Reykvíkingurinn Kristín Hauksdóttir opnar í dag sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem ber heitið Greni/Tannenbaum. Sýningin er hugleiðing Kristínar um skógrækt og grenitré. Einkum er henni hugleikið hlutverk grenisins í tengslum við jólahátíðina og ekki síður það heimilisleysi sem tekur við hjá trjánum að jólunum loknum. Hvort sýningin er ádeila á neyslu-hyggju íslensku jólanna skal ósagt látið, en á ljósmyndum Kristínar er ferðast um Reykjavík og nágrenni þar sem ýmislegt forvitnilegt og spaugilegt ber fyrir augu.

Kristín Hauksdóttir er menntuð í myndlist og ljósmyndun frá Myndlista- og handíðaskólanum og frá Pratt Institute í New York. Sýningin Greni/Tannenbaum stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, frá og með deginum í dag og fram til 12. febrúar næstkomandi. **- vþ**

ILLA FARIÐ MEÐ GOTT TRÉ Ljósmynd eftir Kristínu Hauksdóttur.

Salurinn

LAUGARDAG 12. JANÚAR 2008 KL. 17
TÍBRÁ: NÝÁRSTÓNLEIKAR
HULDA BJÖRK OG SALONSVEIT SIGURÐAR INGVA SNORRASONAR.
ÖRFÁ SÆTI LAUS
Miðaverð 2000/1600 kr.

MIÐASALAN ER OPIN VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 – 16 FRAM AÐ JÓLUM

SMELLTU Á NÝJU HEIMASÍÐUNA WWW.SALURINN.IS OG SKOÐAÐU FALLEGU GJAFAKORTIN

FRÁBÆR JÓLAGJÖF!

GLEÐILEG JÓL
ÞÖKKUM ÁNÆGJULEGAR SAMVERUSTUNDIR Á ÁRINU

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

Jólablús með vinum

Í miðjum erli aðventunnar býður blússveitin Vinir Dóra upp á tækifæri til að slaka á og njóta þess að hlusta á lifandi blús. Við fyrstu sýn kann að virðast sem blúsinn sé ekki sérlega viðeigandi jólatónlist, en þegar nánar er að gáð er ljóst að í blúsnum býr ekki aðeins treginn og ómur af svita og tárum, heldur einnig gleðin og hamingja þeirra sem rísa úr fjötrum og fjárhúsum heimsins til frelsis og birtu. Það mætti því segja að blúsinn sé óðurinn til lífsins með öllum þess hæðum og lægðum.

Það má því gera ráð fyrir að jólablús Vina Dóra verði öðruvísi aðventutónleikar. Vinir Dóra er sem fyrr skipuð þeim Halldóri Bragasyni gítarleikara og söngvara, Guðmundi Péturssyni gítarleikara, Ásgeiri Óskarssyni trommuleikara og Jóni Ólafssyni bassaleikara. Hljómsveitin fær til sín góða gesti á tónleikunum, þá Kristján Kristjánsson, betur þekktan sem KK, og Björgvin Gíslason gítarleikara, ásamt fleirum. Það má til gamans geta þess að þeir KK og Björgvin eru báðir sérlegir heiðursfélagar Blúsfélags Reykjavíkur, en þá nafnbót hljóta þeir tónlistarmenn sem hafa unnið gott starf í þágu blústónlistar hér á landi.

Tónleikarnir fara fram annað kvöld á skemmtistaðnum Rúbín í Öskjuhlíð og hefjast kl. 21. Miðaverð er 2.000 kr. og opnar miðasalan í Rúbín kl. 19. Þessir tónleikar eru einstakt tækifæri til að hvíla sig á veraldlegu amstri aðventunnar, og hlusta á fremstu blústónlistarmenn landsins miðla tilfinningaþrunginni tónlist af sinni alkunnu snilld. **- vþ**

HEIÐURSBLÚSARI KK kemur fram á blústónleikum annað kvöld.

Sæunn Þórisdóttir lét gamlan draum verða að veruleika þegar hún opnaði bókakaffið Glætuna í Aðalstræti.

Kaffi yfir bókunum í bænum

Bókakaffihúsið Glætan var opnað nýlega í Aðalstræti. Markmiðið er að bjóða upp á jákvæðan, skemmtilegan og uppbyggilegan fróðleik yfir kaffinu.

„Ég gekk með hugmyndina að bókakaffi í maganum í nokkur ár. Síðan tók ég þátt í frumkvöðlanámskeiði fyrir konur hjá Iðntæknistofnun í fyrra, sem nefnist Brautargengi. Þar gat ég látið reyna á hugmyndina, þróað hana og fengið innblástur frá íslenskum athafnakonum. Þar varð hugmyndin enn betri og síðan að veruleika," segir Sæunn Þórisdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Glætunnar, bókakaffi sem opnaði nýlega í Aðalstrætinu í miðborg Reykjavíkur.

„Markmiðið er að bjóða upp á notalegt umhverfi þar sem jákvæðar, skemmtilegar og uppbyggilegar bækur eru í boði með kaffinu. Enda þekkja flestir Íslendingar hvað er gott að drekka gott kaffi yfir góðri bók," segir Sæunn sem býður upp á fjöldann allan af enskum og íslenskum titlum. „Við erum til dæmis með mikið af tómstundar-, lista- og matreiðslubókum. En líka skáldsögur og barnaefni þar sem ég er meðal annars að stíla inn á enskukennslu fyrir krakka. Einnig erum við með hljóðbækur, myndiska og geisladisk. Síðast en ekki síst er ég með heilmikið efni fyrir leiðtoga og stjórnendur og fólk í viðskiptum. Sú deild á líka eftir að vaxa því það er fólk sem er sífellt að reyna að bæta sig," segir Sæunn, en allar bækurnar sem eru til sölu eru einnig í boði fyrir gesti sem vilja glugga í bók með kaffinu.

Á neðri hæðinni er að sögn Sæunnar notaleg setustofa þar sem hægt er að halda fundi, en þar er einnig gott úrval af notuðum titlum á bæði ensku og íslensku.

Auk þess að bjóða upp á kaffi og bækur eru einnig fjölbreyttar uppákomur á fimmtudögum, ýmist tónlist, ljóðalestur eða annað til skemmtunar. Einnig stefnir Sæunn á námskeiðahald eftir áramót. „Ég er með ýmiskonar efni sem tengist bæn, hugleiðslu og „soaking" sem er nýtt form af hugleiðslu. Því er best lýst sem hugleiðslu með tónlist og stefnan er að bjóða upp á námskeið í því eftir áramót."

Nafn staðarins er að sögn Sæunnar hugarsmíð þriggja kynslóða. „Við sátum saman og veltum fyrir okkur nafni þegar einni dætra minni varð að orði „Glætan". Afi hennar var ekki lengi að grípa það á lofti og eftir stutta umhugsun voru við öll sátt við nafnið. Enda er þetta nafn sem fær fólk til að brosa sem er einmitt eitt af markmiðum Glætunnar," segir Sæunn.

Ásamt kaffi og meðlæti er einnig súpa og brauð í hádeginu og þráðlaust net. Afgreiðslutími Glætunnar er kl. 8-18 nema á fimmtudögum þegar er opið til 22. Auk þess verður búðin opin lengur á aðventunni. Einnig eru fjölmargar uppákomur í desember að sögn Sæunnar, bæði tónlist og upplestur.

Glætan er til húsa í Aðalstræti 9. **rh@frettabladid.is**

Vinsæl verðlaunabók

Íslensku barnabókaverðlaunin 2007

„Hér tekst því að skapa vel heppnaða bók um vináttu og sorg og líf venjulegra krakka." Úlfhildur Dagsdóttir / bokmenntir.is

„Það er óhætt að segja að þessi bók brjóti blað í íslenskri barnabókmenntasögu og full ástæða til að óska bæði höfundinum og íslenskum börnum til hamingju með hana." Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA 10-19

Packard Bell

Packard Bell SB87

SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ

ÖFLUGASTA OG FLOTTASTA FARTÖLVAN Í ÁR HLAÐIN KRAFTI OG NÝJUNGUM Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI TIL JÓLA

Intel Core 2 Duo
Nýjasti og einn öflugasti Santa Rosa Core 2 Duo örgjörvinn frá Intel með enn meiri hraða!

17"DIAMOND VIEW
Einn besti ferðatölvu-skjárinn í dag. Ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 8ms hraða

512MB 8600GT
Nýjasta og öflugasta skjákortið í dag með 512MB sjálfstætt minni og 1.28GB Turbo Cache

SJÓNVARPSKORT
Innbyggt Analog og Digital sjónvarpskort með glæsilegri VISTA Media Center fjarstýringu

BLU-RAY SPILARI
Nýja Packard Bell far-tölvan spilar HD Blu-Ray kvikmyndir í bestu mögulegum gæðum

300Mbps DRAFT-N
Nýjasti staðallinn í þráðlausu neti með 6x meiri hraða, 3x meiri drægni og áreiðanleika

- Intel Core 2 Duo T7500 2.2GHz 4MB örgörvi
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 400GB DUAL SATA 7200RPM harðdiskur
- BLU-RAY spilari og DVD Multi DL skrifari
- 17" WXGA Diamond View 8ms skjár
- 512MB GeForce 8600GT skjákort MEÐ HDMI
- 2.1 hátalarakerfi með innbyggðu bassaboxi
- 1.3MP hágæða vefmyndavél innbyggð
- Sjónvarpskort með MCE fjarstýringu
- Windows VISTA Home Premium

ATHUGIÐ! RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁNAÐA

179.900 VE48

5.550 VE lán í 48 mánuði

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi innifölduð. Birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl

OPNUNARTÍMAR
Alla daga til Jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Stórlaxar á síðasta Súfistakvöldinu

Síðasta Súfistakvöld vetrarins verður haldið á kaffihúsi Súfistans á Laugavegi 18 í kvöld kl. 20. Að venju koma þar fram nýútgefnir höfundar og lesa úr verkum sínum fyrir gesti.

Þar sem upplestrarkvöldið er það síðasta í þessari vel heppnuðu röð verður að teljast við hæfi að það eru engir aukvisar sem koma þar fram heldur lífsreynt fólk sem hefur marga fjöruna sopið á ólíkum sviðum lífsins. Fyrstan má nefna sjálfan Bubba Morthens sem les upp úr bók sinni Að kasta flugu í straumvatn er að tala við Guð. Bubbi hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem einn af vinsælustu en jafnframt umdeildustu listamönnum þjóðarinnar. Í bókinni sinni sýnir hann á sér nýja hlið; hann opinberar sinn innri rithöfund og veiðimann fyrir þjóðinni.

Þeir kumpánar Einar Bárðarson og Arnar Eggert Thoroddsen lesa úr bókinni Öll trixin í bókinni. Í bók þessari hefur Arnar skrásett sögu þess hvernig Einar barðist með kjafti og klóm til að komast á toppinn í hinum alræmda skemmtanabransa og vinna sér inn nafnbótina Umboðsmaður Íslands.

Elísabet Jökulsdóttir les upp úr bók sinni Heilræði lásasmiðsins. Í bókinni fjallar Elísabet um ástarsamband sitt við mann sem hún kynntist á ferðalagi í New York. Elísabet segir ljúfsára sögu tveggja einstaklinga sem mætast um stund en hljóta á endanum að skilja.

Síðasta skal nefna Guðrúnu Sigfúsdóttur sem les upp úr bók Clare Dickens, Þegar ljósið slokknar. Hér er á ferð sagan af Titusi, syni Clare, en hann greindist með geðhvörf sextán ára gamall. Þá upphófst erfið barátta við illvígan sjúkdóm sem Titus þurfti á endanum að lúta í lægra haldi fyrir.

Þess ber að geta að ofantaldar bækur verða á sérstöku tilboði í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18 í tilefni af Súfistakvöldinu. - vþ

BUBBI MORTHENS Kemur fram sem rithöfundur á Súfistanum í kvöld.

FRIÐRIK OLGEIRSSON Áritar bók sína um Davíð Stefánsson á Akureyri í dag.

Friðrik áritar bók sína

Margir unnendur íslenskrar ljóðlistar geta eflaust vænst þess að fá bókina um skáldið ástsæla Davíð Stefánsson frá Fagraskógi í jólapakkann í ár. Persónuleg áritun frá Friðriki Olgeirssyni, höfundi bókarinnar, gerir góða gjöf enn betri og því er við hæfi að benda Akureyringum á að slíka áritun má einmitt nálgast í bókaverslun Eymundsson í Hafnarstræti kl. 16 í dag.

Friðrik lætur ekki nægja að árita bókina heldur les hann einnig upp úr henni valda kafla. Þeir Akureyringar sem enn hafa ekki fjárfest í eintaki geta því fengið að heyra eilítið sýnishorn af því sem í bókinni býr. Það hefur fyrir löngu sýnt sig að upplestrar af þessu tagi eru sannarlega hin besta hugmynd svona fyrir jólin þar sem þeir geta gert mikið til að hjálpa óákveðnum að gera upp hug sinn. - vþ

Fjölbreytt efnisskrá

Tónleikar fara fram í Fríkirkjunni í Reykjavík nú á laugardag. Þar koma fram tónlistarkonurnar Arnbjörg María Daníelsen sópransöngkona, Guðbjörg Sandholt messósópransöngkona, Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari, Guðný Þóra Guðmundsdóttir fiðlu- og víóluleikari og Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari. Þær flytja tónlist eftir nokkur ólík tónskáld. Má þar nefna Händel, Bach, Caccini, Brahms, Reger, Vivaldi og Humperdinck.

ARNBJÖRG MARÍA DANÍELSEN

Tónleikarnir hefjast kl. 20. Miðaverð er 1.500 kr., en 1.000 kr. fyrir nema og eldri borgara. - vþ



Ferill Errós skráður



MYNDLIST

Erró í tímaröð – Líf hans og list

Danielle Kvaran
Þýðing: Sigurður Pálsson

★★★★★

Mikilvægt yfirlit um stærsta nafnið í íslenskri myndlist á vorum tímum

Danielle Kvaran tók sér nokkur ár í að vinna verkið sem hér er til skoðunar, Erró í tímaröð, líf hans og list. Útkoman er nauðsynlegt inngangsrit um þennan starfsama og mikilvæga myndlistarmann okkar, heimsmanninn Guðmund Guðmundsson. Oft er haft á orði þegar ný sýning á verkum úr hans stóru gjöf til Reykvíkinga kemur upp í Hafnarhúsi að allt sé það eins, ekkert komi á óvart: offlæðið sem einkennir verk hans reynist flestum ofviða, áhorfandi á efitt með að greina skóginn fyrir trjánum. Sú athygli sem bókin hefur vakið á liðnum dögum snýst mest um þrykkin sem gefin verða um miðjan næsta mánuð þegar hann kemur hingað í stuttan stans til að árita þessa bók Daniellu. Bókin leiðir samt í ljós að Erró er gríðarlega mikilvægur listamaður, ekki aðeins í íslensku sögulegu ljósi, ekki í sögu myndlistar Evrópu á síðari hluta síðustu aldar, heldur verður að skoða hann í enn víðara samhengi, einkum með tilliti til asískrar listar. Hann hefur lagt undir sig heiminn og dregið hann af miklum krafti inn í þann heim sem lífsverk hans er.

Daniella bætir um þann ritafjölda sem þegar er til um lífsverk Guðmundar: hún rekur ferilinn ár fyrir ár, þetta er atriðaskrá fyrir ævisögu og um leið er hægt að rekja þróun hans sem málara. Fyrir í hillunni eru stóru katalókarnir sem nú eru orðnir fjórir, sá síðasti rekur árin 1998 til 2006, sem eru nauðsyn þeim sem vilja átta sig á heildarsafni verka hans. Þá eru rit Aðalsteins Ingólfssonar, Erró - margfalt líf, (1991), Gunnars Kvaran, Rými/tími í verkum Erró (1989) og Marc Auge, Goðsagnamálarinn Erró (1994) auk aragrúa smærri bóka og sýningarskráa sem hann hefur átt hlut í eða staðið undir einn. Því á hverjum tíma eru verk hans á ferð.

Engan ætti að undra að bókverk ýmiss konar um Erró séu mörg: hann er ekki einhamur maður í list sinni, afköstin eru slík og þegar betur er að gáð eru innan verkanna mörg hólf, ótrúlegur fjöldi efnissviða sem hann hefur gert að sínum þótt málverkið sé hans aðal. Bæði steinþrykkin, klippimyndirnar, verk unnin í smelti og mósaík-verkin eru kapítuli út af fyrir sig. En málverkið er hans aðalmiðill.

Sá sem lítur yfir feril Guðmundar verður fljótt orðlaus. Verkin eru svo ótrúlega mörg og hann hefur komið svo víða við í umsköpun og flokkun myndflaumsins sem hann sorterar og setur niður í sínar flóknu myndir sem margar eru að auki þanin í fletinum þótt víða megi finna vasa þar sem yfirlætisfull viðfangsefni eru í fyrirrúmi, fáguð – nú eða klúr – eru aðalatriði. Þótt við eigum hér eitt stærsta safn verka hans á einum stað og í Hafnarhúsi séu að jafnaði uppi syrpur úr því er myndlist hans ekki víða aðgengileg á almannavettvangi á Íslandi. Enginn söfnuður hefur enn kallað hann til að skreyta kirkju hér eftir vinnu hans á Hólum og væri ekki úr vegi að honum yrði veitt slíkt tækifæri, því maðurinn er enn að þótt hann sé 75 ára gamall.

Stóra verkið hans sem var við inngang á nýbyggingu Kringlunnar er komið niður (hvar er það?) og málverk hans sem í upphafi prýddi fordyri Borgarleikhússins var tekið niður fyrir mörgum árum. Þó er list hans einmitt fyrir fjöldaneyslu. Ekkert gallerí á Íslandi hefur verk hans á boðstólum að staðaldri, reki prent hans eða mósaíkverk á íslensk uppboð fara þau á lágu verði og menn rekur í rogastans ef málverk hans seljast á bærilegu verði í útlöndum eins og gerðist í síðustu viku. Þau eru raunar fáanleg suður eftir allri Evrópu á eftirmarkaði og þá verðlögð á nokkrar millur. Ef einhver vill kaupa.

Erró er einhver mikilvægasti myndlistarmaður Íslendinga frá upphafi: hugmyndafræðilegur grunnur hans er gagnrýni á vald í öllum þess myndum. Raunar fyndið að það kom í hlut Davíðs Oddssonar í borgarstjórnartíð hans að veita gjöfinni viðtöku þegar til þess er litið að Davíð stóð að hinni einarðlegu afstöðu lýðveldisins með innrásarherjum hins vestræna heims sem varð Guðmundi síðar myndefni. Gaman væri að sjá þá syrpu á veggjum Hafnarhússins.

MYNDLIST Opna úr hinni glæsilegu bók sem Listasafn Reykjavíkur og JPV hafa gefið út eftir Danielle Kvaran.

Erró varð til þess að gefa poppinu stjórnmálalegt inntak, nokkuð sem bandarískum og breskum poppurum var um megn. Nú skortir þann sem hér slær lykla þekkingu á þráðunum í þeim vef, fróðlegt er að bera saman þéttleikann í myndlist Fahlströms hins sænska og Guðmundar. Fahlström féll frá snemma, en báðum var offlæðið efni. Guðmundur hefur æ síðan haldið sig við hinn þétta vef myndvísana, hvert verk hans kallar á mikla umræðu, vekur ótal spurningar og þurfa menn þá að líta vítt eftir kveikjum og tengslum.

Verk Errós eiga að vera í öllum skólum, þau eiga að skreyta sjúkrahús, almannastofnanir og staði þar sem fólksstraumur fer um. Um gjöf hans á að reisa sérstakt safn. Listasafn Reykjavíkur á að fá sérstaka fjármuni til að sýna lífsstarfi hans verðskuldaðan sóma, héðan á að stýra rannsóknum á ferli hans sem við höfum allt of lengi gefið útlendingum eftir.

Rit Danielle Kvaran er þörf áminning um hversu slaklega við höfum staðið okkur í að sinna lífsverki hans.

Páll Baldvin Baldvinsson

Lækkað verð


295,-
ISIG skraut 48 hlutir, ýmsar tegundir ~~495,-~~

35,-
ISIG gjafaborði 50 m ~~65,-~~

95,-/9 stk.
ISIG skraut pakki ýmsir litir ~~150,-/9 stk.~~

95,-/6 stk.
ISIG gjafapokar ýmsir litir
~~150,-/6 stk.~~

150,-/20 stk.
ISIG kerti H19 cm ýmsir litir ~~295,-/20 stk.~~

75,-
ISIG jólaskraut 10 m ~~150,-~~

150,-
ISIG gjafapappír 2x0,7 m ýmsir litir ~~295,-~~

395,-
ISIG kertastjaki fyrir kubbakerti H12 cm ~~795,-~~

95,-/20 stk.
ISIG kort 12x12 cm ýmis mynstur ~~250,-/20 stk.~~

295,-
ISIG skraut 48 hlutir, ýmsar tegundar ~~495,-~~

95,-
ISIG ilmkerti H9 cm ýmsir litir ~~195,-~~


95,-
ISIG gjafapappír 5x0,7 m ýmsir litir ~~195,-~~


75,-
ISIG gjafapappír 8 m ~~95,-~~


1.490,-
GLÄNSA DIAMANT innisería 48 ljós L5 m ýmsir litir ~~2.490,-~~


50,-
ISIG skraut 2 m ýmsir litir ~~95,-~~

195,-
ISIG ilmsprittkerti 42 stk. ýmsir litir ~~395,-~~

350,-/6 stk.
ISIG gjafapappír 3x0,7 m ýmis mynstur ~~495,-/6 stk.~~

250,-
GLÄNSA STJÄRNA sería (rafhlöðu) ýmsir litir L2,3 m ~~395,-~~

195,-/6 stk.
ISIG skrautdropar ~~395,-/6 stk.~~

95,-
ISIG kubbakerti H12 cm ýmsir litir ~~150,-~~

695,-
ISIG kerti m/7 kveikum, ýmsir litir Ø26, H14 cm ~~1.590,-~~


150,-
GLÄNSA sería (rafhlöðu) ýmsir litir L1,1 m ~~250,-~~

© Inter IKEA Systems B.V. 2007

Opið til 22:00 fram að jólum | Þorláksmessa 12:00-18:00 | www.IKEA.is

Úr Njálu í Séð og heyrt

BÓKMENNTIR

Kalt er annars blóð

Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir

★★★★

Saga í mörgum lögum – algjör randalína

Vinátta, ást, afbrýðisemi, öfund, hatur og morð – þetta er sígilt inntak bókmennta, þar á meðal Njálu... sem Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir spinnur eftir í Kalt er annars blóð: þar með geta Njálustúdíósar skemmt sér við samanburðinn, skoðað nútímaútfærslu Þórunnar og spáð í hliðstæður, hvort þeir séu sammála hennar útleggingum eða hefðu gert öðruvísi. Mér fannst makalaust gaman að lesa mig fram á hliðstæður við þekkta snilldarparta Njálu eins og þegar Halla er kynnt til sögunnar, álög Gunillu og lát Gunnars.

Er augljósasta nútímaútgáfa Gunnars kókaínsniffandi sellóleikari á niðurleið – og Hallgerðar fyrirsæta sem er að falla á aldri? Það finnst mér eiginlega ekki, ef beint er spurt – finnst nú meira spunnið í Hallgerði dóttur Njáluhöfundar en svo – en í útgáfu Þórunnar lúta persónurnar lögmálum hennar sögu og þar gengur þetta öldungis ágætlega upp.

Undirtitillinn, „skáldsaga um glæp“, beinir sögunni inn á kjörlendur íslenskra bókmennta þessi árin, glæpasögur – þar sem bæði gamalreyndir krimmahöfundar og nýhöfundar leggja í púkkið. Læmingjahugur Íslendinga þarf ekki að koma á óvart, sbr. fótanuddtækin um árið – og þó: það tekur tíma að skrifa bók, enga stunda að kaupa dót sem aðrir mæla með. En glæpasögur eru auðvitað stór grein í bókabúskap heimsins og útflutningur á þessu sviði hefur gengið stórvel.

Það er þó snöggtum meira af andagift og snilldartöktum í bók Þórunnar en gerist og gengur um glæpasögur. Ég er enginn lófalesari slíkra bóka, hef varla opnað glæpasögu síðan ég las Simenon og Agöthu Christie fyrir margt löngu en hef þó lesið Ég heiti Rauður eftir Orhan Pamuk sem er líkt og bók Þórunnar fremur skáldsaga um glæp en venjuleg glæpasaga.

ÞÓRUNN ERLU-VALDIMARSDÓTTIR

Í báðum er stjörnuflug í stílnum, slett úr klaufunum í ýmsar áttir – morðinginn talar/kemur fram í báðum bókum án þess að við vitum hver hann er, dýr tala og báðar sögur skiptast í marga stutta kafla þar sem er fylgst með mörgum persónum í margslunginni sögu. Þórunn vísar til annars höfundar, Peter D. Deutermann, með því að láta Leó lesa Cat Dancers – hef ekki lesið þá bók en sýnist af lýsingum að sú bók byrji á líkan hátt.

Andagift Þórunnar lýsir sér meðal annars í mörgum stórsniðugum lýsingum. Þegar flugvél tekur dýfur „verða hjörtun eftir ofan við vinstri öxl. Eru í teygju, sem betur fer, og skríða inn í brjóstkassann aftur, sjúskuð og rugluð eins og maginn.“ (Bls. 167). „Klukkuverkið í (Höllu) er stillt á andstyggð þegar hún er í samkeppnisham.“ (Bls. 192-3). Lýsingarnar á því þegar gengið er í skrokk, í orðsins fyllstu merkingu, á líki Ödda og yfirleitt viðskipti við lík og skrokka eru, hmm, kjötlegar og sláandi vel skrifaðar. Almennt er ekki flæði í textanum, hann er að mestu í stuttum setningum og yfirbragðið því í staccato – auðvitað stílbragð en ég varð ögn þreytt á því á köflum.

Morðingjar eru sem betur fer iðulega of vitlausir og/eða taugaspenntir til að fremja hinn fullkomna glæp og/eða löggan of klár og tæknivædd. Það er heldur ekkert auðvelt að fremja hinn fullkomna bókmenntaglæp. Samkvæmt krufningunni sem lesendur eru viðstaddir er Öddi skotinn aftan frá en ég fæ það ekki alveg til að ganga upp í lýsingum á morðinu í 15. og 54. kafla, sama er með gerandann – fæ mig þó ekki til að kryfja það nánar hér til að spilla ekki lesningunni fyrir þeim sem hafa ekki lesið bókina.

Hluti af plottun glæpasagna er hver veit hvað og hvenær og hvað afhjúpast hvenær. Það er firna snjallt þegar Ása sér samlíkingu milli Hrúts í Njálu og nafna hans í hennar veruleika en að sama skapi erfitt að skilja af hverju hún hugleiðir ekki frekari hliðstæður málanna síðar þegar hún er á kafi í málinu með ástmanni sínum. Eitt er að Ása detti ofan á líkið en ögn strekktara að hausinn finnist líka.

En kannski er allt í lagi að allt gangi ekki upp – svo margt annað í gangi hér en „hver-gerði-það“ mál: saga um ástir og ástleysi, svipmyndir af Reykjavíkurlífi samtímans, krufning á samskipta- og kynhegðun kynjanna.

Fyrst lesandinn er leiddur svo skemmtilega út í að hugleiða Njálu er erfitt að komast hjá að velta fyrir sér persónum Þórunnar í því samhengi. Það er kannski ómaklegur samanburður – Njála er fræg fyrir ótrúlega skarpar og meitlaðar persónulýsingar – en í persónum Þórunnar er grunnt á klisjunum sem er kannski með vilja þó mér þyki það ekki lukkað, aldurseinkenni grautarleg og persónurnar óskýrar og ekki sérlega sannfærandi, til dæmis Gunnar. Opinskáar síhugsanir um kynlíf einkenna flestar persónurnar, ekki fjarri lagi þegar Njála er annars vegar þó nútímalesendum sé það að hluta hulið. En bók Þórunnar er ekki aðeins drifin áfram af persónum heldur vel heppnuðum lýsingum, útúrdúrum og athugasemdum – í mörgum lögum, algjör randalína, sem mér finnst spennandi. Og já, í heimi þessarar skáldsögu hefur Séð og heyrt greinilega skákað Njálu – sem er auðvitað rok hnyttið!

Sigrún Davíðsdóttir

Mundu að panta!

fyrir jólin

Heimsendingar alla daga
fram að jólum frá 10 til 22

800-5555

Afgreiðslan
Breiðhöfða 11
er opin virka daga
8 til 17

Þú sérð innihaldið!

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas] AGA

Samstarfsaðilar ÍSAGA – endursala á AGA Gasol:

BYKO

ATLANTSOLIA

* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

ÍSAGA ehf.
Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík.
Sími 577 3000, Fax 577 3001.

ISA-336 – ÍDEA grafísk hönnun

> LEÐURBLÖKUÆÐI

Sannkallað Leðurblökuæði, eða réttara sagt, Jókeræði, ríkir nú á netinu eftir að fyrstu myndbrotin úr næstu Batman-mynd láku á netið. Þar má sjá Heath Ledger í hlutverki Jókersins og eru flestir sammála um að þessi stutta frammistaða lofi mjög góðu.

bíó

bio@frettabladid.is

Rússneska stríðið í New York

Síðasta helgin fyrir jólin einkennist nokkuð af því að kvikmyndahúsin eru að að geyma síðustu konfektmolana þar til þjóðin mætir útþanin eftir reykt kjöt og uppstúf, reiðubúin fyrir eftirréttinn. Frumsýndar verða The Golden Compass með Nicole Kidman og Daniel Craig í aðalhlutverki og I Am Legend með Will Smith í aðalhlutverki.

Þó vekur ein kvikmynd athygli sem tekin verður til sýningar um helgina en það er We Own the Night með þeim Mark Wahlberg, Joaquin Phoenix og Robert Duvall í aðalhlutverkum.

PHONIX Leikur aðalhlutverkið í We Own the Night eftir leikstjórann James Gray

Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum sem áttu sér stað í New York um miðjan níunda áratuginn þegar rússneska mafían og lögreglan í Stóra eplinu áttu í blóðugu og miskunnarlausu stríði.

Leikstjóri myndarinnar er James Gray sem virðist hafa tekið miklu ástfóstri við þá Wahlberg og Phoenix en þeir léku einnig aðalhlutverkin í síðustu mynd hans, The Yards, sem frumsýnd var fyrir sjö árum og var þá tilefnd til Gullna pálmans á Cannes. Phoenix hlaut þá einnig gagnrýnendaverðlaunin eftirsóttu fyrir leik sinn í þeirri mynd auk The Gladiator og Quills. Af öðrum myndum sem frumsýndar verða um þessa helgi má nefna Enchanted með Grey's Anatomy-stjörnunni Patrick Dempsey í aðalhlutverki.

STJARNA Patrick Dempsey er að verða jafn vinsæll fyrir leik sinni Grey's Anatomy og George Clooney varð á sínum tíma í E.R.

Coen-bræður sigursælir á hátíðum

Bræðurnir Joel og Ethan Coen eru fremstir í kapphlaupinu um Óskarinn eins og staðan er í dag. Kvikmynd þeirra, No Country for Old Men, hefur nú þegar tekið til sín helstu verðlaunin sem nú er deilt út eins og sælgæti í skóinn. Myndin trónir í efsta sæti á lista AFI, American Film Institue, yfir bestu myndir ársins og hirti aðalverðlaun gagnrýnenda í New York, sem þykja yfirleitt nokkuð spekingslega vaxnir þegar kemur að verðlaunum.

Myndin fékk fjórar tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna en hún segir frá veiðimanni sem kemur sér í mikið klandur eftir að hafa rambað á nokkur lík, töluvert magn af heróíni og tvær milljónir dollara. Með helstu hlutverk fara þeir Woody Harrelson og Tommy Lee Jones en stjarna myndarinnar þykir vera spænski leikarinn Javier Bardem. Myndin verður væntanlega frumsýnd í febrúar hér á landi.

LÍKLEGIR TIL AFREKA Coen-bræður virðast hafa gert enn eitt meistarastykkið en nýjasta kvikmynd þeirra sópar að sér verðlaunum.

Nauðsynlegar kvikmyndir fyrir jólahald þjóðarinnar

Hefðin ræður ríkjum þegar jólin eru annars vegar. Allur aðdragandi jólanna er hjá flestum í föstum skorðum og lítið má út af bregða til að allt verði ómögulegt. Kvikmyndirnar eiga þar sína fulltrúa en í hugum margra eru varla komin jól án þess að fólk hafi horft á eftirlætisjólamyndina sína.

ÁHRIFAMIKIL Yndislegt líf með James Stewart er í huga margra hin eina og sanna jólamynd.

Þrátt fyrir að jólin séu haldin til minningar um fæðingu frelsarans í fjósinu í Betlehem þá eiga vinsælustu jólamyndirnar fátt sameiginlegt með frásögn Lúkasarguðspjallsins eins og það birtist í Nýja testamentinu. En inntökuskilyrðin í jólamyndaflokkinn eru hvorki ströng né háð því að hafa einhvern jólaboðskap heldur verður myndin einfaldlega að gerast þegar hátíð ljóss og friðar er á næsta leiti.

Yndislegt líf

Sú kvikmynd sem flestir Bandaríkjamenn tengja við jólin er It's a Wonderful Life eða Yndislegt líf eftir Frank Capra sem frumsýnd var árið 1946 í Hollywood. Miklar væntingar voru gerðar til myndarinnar á sínum tíma en hún stóð ekki undir væntingum í miðasölu og reyndist hálfgert flopp. Kostnaður við gerð hennar var ógnarhár og framleiðendurnir eyddu fúlgum fjár í að koma henni á framfæri. En allt kom fyrir ekki.

Myndin féll í skuggann af stríðsmyndinni The Best Years of Our Lives, um hermenn sem reyna að taka upp sitt fyrra líf eftir seinna stríð, saga sem átti að einhverju leyti betur við bandarískt þjóðfélag skömmu eftir að Rússarnir höfðu fellt Hitler af stall sínum. Óskarsverðlaunahátíðin staðfesti þetta síðar þegar stríðsmyndin rúllaði yfir Capra í Kodak-höllinni og fékk fjögur stærstu verðlaunin.

Trónir á toppnum

En sagan átti eftir að fella sinn dóm og á meðan The Best Years of Our Lives hefur fallið í gleymskunnar dá lifir kvikmynd Capra. Og virðist alltaf hafa einhverjar skírskotanir í þjóðfélagið. Myndin, sem byggð er á smásögu rithöfundarins Philip Van Doren Stern, fjallar um George Bailey sem finnst líf sitt heldur ómögulegt og telur sig vera byrði á öllum í kringum sig. Hann óskar þess einskis meir en að hann hefði aldrei stigið fæti á jörðina og ákveður að taka eigið líf á jólanóttinni. En á síðustu stundu er honum bjargað af verndarengli sem tekur Bailey með sér í ferðalag um lífskeið hans. Og þótt Yndislegu lífi svipi óneitanlega til ævintýris Charles Dickens um Skrögg hefur engri kvikmyndaútgáfu af þeirri sögu tekist að komast með tærnar þar sem Yndislegt líf hefur hælana.

Þótt áhorfendur hafi í fyrstu ekki flykkst á myndina þá eru áhrif Yndislegs lífs ótvíræð. Myndin þykir sú áhrifamesta í sögu bandarískrar kvikmyndagerðar að mati AFI og er meðal tuttugu bestu kvikmynda í sögunni samkvæmt niðurstöðu sömu samtaka. Frammistaða James Stewart í hlutverki Baileys þykir jafnframt ein af þeim tíu bestu á hvíta tjaldinu.

Jólasveinninn og McClane

En það er ekki bara sagan af Bailey sem er hafin upp til skýjanna yfir jólahaldið. Miracle on 34th Street með Natalie Wood í aðalhlutverki er einnig vinsæl yfir hátíðarnar beggja vegna Atlantshafsins. Sagan um stúlkuna sem trúir því ekki að jólasveininn sé til er í huga margra holdgervingur jólanna; að stundum verði maður að trúa án þess að hafa sönnun fyrir því. Hin unga Susan Walker á erfitt með að trúa því að maðurinn sem mamma hennar réð til að vera jólasveinn í búðinni sinni sé í raun jólasveininn holdi klæddur. En þegar jólin sjálf nálgast fara að renna á hana tvær grímur og hún kemst að hinu sanna um Kris Kringle. Kvikmyndin, sem er frá árinu 1947, þykir einstakur jólagullmoli og fékk á sínum tíma þrenn Óskarsverðlaun.

TRÚIN BÝR TIL JÓLASVEIN Sagan um Susan Walker sem trúir ekki á jólasveininn þykir fanga hinn sanna jólaanda.

Þriðja myndin sem oft kemst inn á lista yfir bestu bíómynd aðventunnar verður seint talin fanga hinn sanna jólaanda (ef undanskilin er setningin „Kvikmyndin, sem er frá árinu 1947, þykir einstakur jólagullmoli og fékk á sínum tíma þrenn Óskarsverðlaun.

Þriðja myndin sem oft kemst inn á lista yfir bestu bíómynd aðventunnar verður seint talin fanga hinn sanna jólaanda (ef undanskilin er setningin „Kvikmyndin, sem er frá árinu 1947, þykir einstakur jólagullmoli og fékk á sínum tíma þrenn Óskarsverðlaun. Fyrsta Die Hard-kvikmyndin með Bruce Willis í hlutverki John McClane nýtur yfirleitt mikilla vinsælda þegar nær dregur aðfangadegi. Margir geta hreinlega ekki hugsað sér aðfangadag án þess að hafa horft á New York-lögguna berja þýska þjófa sundur og saman í Nakatomi-byggingunni.

WILLIS OG JÓLIN John McClane er kannski ekki beint jólalegur að sjá en er engu að síður stór hluti af jólahaldinu.

BT FYRIRTÆKI

FRÁBÆR VINNUVÉL

TOSHIBA SATELLITE PRO A200
Intel Pentium T2130
120GB SATA harður diskur
1GB DDR2 667 vinnsluminni
15.4" WXGA skjár CSV
Intel 943GM skjástýring
DVD skrifari – Dual Layer
Þráðlaust net 802.11 b/g
Windows Vista Business
Fartölvusett fylgir

SÉRTILBOÐ

89.999

FYLGIR

GÓÐ VINNUVÉL

TOSHIBA SATELLITE PRO L40
Intel Celeron M 530
1024MB DDR2 667
80GB SATA harður diskur
15.4" WXGA skjár
Intel GMA X3100 skjástýring
Þráðlaust net 802.11 b/g
DVD skrifari – Dual Layer
Windows Vista Home Basic

SÉRTILBOÐ

49.999

EIN MEÐ ÖLLU

FSC ESPRIMO MOBILE U9200
Intel Core 2 Duo T7300
2GB DDR2-667 (2x1GB)
80GB SATA harður diskur
12,1" WXGA skjár + webcam
DVD skrifari - Dual Layer
WLAN Intel 4965 a/g/n
Windows Vista Business
Með portreplicator (dokku)

149.999

LITALASER MEÐ NETKORTI

HP COLORLASER 2600N
Fyrir minni hópa og fyrirtæki
Allt að 8bls í svörtu og lit á mín
Prentar fyrstu bls.: 20 sek
600x600 dpi upplausn
USB og 10/100 netkort

SÉRTILBOÐ

19.999

HAGKVÆMUR LASER PRENTARI

HP LASERJET 1018
Frábær vinnuprentari
12 bls. á mín.
10 sek. í fyrstu síðu út
Örgjörvi: 234 MHz
Upplausn: 600x600dpi
USB tengdur

SÉRTILBOÐ

6.999

FARTÖLVUMÚS

Toshiba Retractable laser mous
Fartölvumús með
inndraganlegri snúru

2.999

FARTÖLVUSETT

Toshiba NB Starter Kit
Fartölvutaska, mús og
4-porta USB hub -
allt í einum pakka.

6.999

VEFMYNDAVÉL

Toshiba Web Cam
Vönduð vefmyndavél frá Toshiba
Upplausn 640x480
30 rammar á sekúndu
24 bita litadýpt
USB tengi

4.999

SKEIFUNNI 17 • opið: mán. - fös. 10:00 -18:00 & lau. 10:00 - 16:00

BT FYRIRTÆKI



Enn er tími ...

... til að gera jólakonfekt, ef þú hefur það eins einfalt og auðið er. Fylltu mjúkar og girnilegar döðlur af marsípani, og hjúpaðu með súkkulaði. Afar einfalt og skelfilega gott!

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN BIRGITTA HAUKDAL SÖNGKONA

Eldar alltaf hreindýrasteik um jólin

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Um jólin gæti ég ekki hugsað mér að missa af hreindýrasteikinni sem ég matreiði með kærastanum á annan í jólum.
Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Sushi á veitingastaðnum Nobu í London, ég er mikill sushi-aðdáandi. Nobu-staðirnir eru geggjaðir og klikka aldrei.
Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Hrogn, lifur og siginn fiskur, honum þurfti að troða ofan í mig þegar ég var barn.
Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Enginn notar svartan pipar eins mikið og ég. Ég er alltaf að kaupa svartan pipar því hann klárast á undan öllu öðru.
Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Godiva-konfekt eða konfekt frá Hafliða. Ég er svo mikill súkkulaðigrís.
Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Þar sem ég er söngkona á ég alltaf til súrsaða engiferrót í ísskápnum. Hún hreinsar svo hálsinn. Svo á ég líka alltaf kók; er haldin þeim sjúkdómi.
Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Veiðistöng til að redda sushi í matinn og kærastann því þá er allt gott.
Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?
Ígulker á Krít. Maður borðar þau hrá, en ég mæli ekki með þeim.

Ljúfar Lúsíubollur

Hjá frændum okkar Svíum er bakstur Lúsíubolla, eða Lúsíukatta, ómissandi fyrir jólin. Lúsíubollur eru til í nokkrum útgáfum, en allar skarta þær þó fagurgulum saffranslitnum. Þessa uppskrift er að finna á heimasíðunni recepten.se, en hún gerir ráð fyrir um 50 bollum.

50 g ger fyrir sætt deig
150 g smjör
5 dl mjólk
250 g kotasæla
1 poki saffran (0,5g)
1 ½ dl sykur
½ tsk. salt
Um 17 dl hveiti

Myljið gerið í skál. Bræðið smjör í potti, hellið mjólk út í og hitið að 37ºC. Hellið hluta blöndunnar yfir gerið og hrærið þar til það hefur leyst upp. Bætið afganginum af blöndunni út í, ásamt kotasælu, saffrani, sykri og salti. Hnoðið deigið. Leggið í skálina, breiðið viskastykki yfir og látið lyfta sér í um 30 mínútur.

Hnoðið deigið þar til það er slétt, og skiptið í fimm hluta. Mótið 10 bollur úr hverjum hluta. Rúllið deiginu aðeins út og mótið vel sveigt S. Skreytið hverja bollu með tveimur rúsínum, penslið með eggi og bakið við 225°C í um 8 mínútur.

FAGURGULAR AÐVENTUBOLLUR Frændur okkar Svíar borða Lúsíubollur alla aðventuna. NORDICPHOTOS/GETTY

Vínbúðirnar lokaðar á Þorláksmessu

Ófáir landsmenn leggja leið sína í vínbúðirnar á Þorláksmessu og daginn fyrir gamlársdag til að fylla barskápinn fyrir hátíðirnar. Í ár verða verslanirnar þó lokaðar á þessum dögum, þar sem þá ber upp á sunnudag. Lögum samkvæmt er óheimilt að hafa áfengisverslanir opnar á sunnudögum, og þurfa þeir sem vilja vín með jólamatnum því að vera fyrr á ferðinni í ár.

Í fréttatilkynningu frá Vínbúðunum segir að reynt verði að koma til móts við þarfir viðskiptavina í kringum hátíðarnar, og verður afgreiðslutími á höfuðborgarsvæðinu og í stærri verslunum, svo sem á Akureyri, Selfossi og í Keflavík, til tíu um kvöldið laugardaginn 22. desember. Þeir sem eru hvað seinastir í tíðinni hafa svo möguleika á að kaupa jólavínið á aðfangadag, þegar opið verður frá 9-13, og á gamlársdag frá 9-14. Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma vínbúðanna er að finna á heimasíðunni vinbud.is.

VÍNVERSLUN FÆRIST FRAM Samkvæmt lögum um áfengissölu verða vínbúðir landsins lokaðar á Þorláksmessu og degi fyrir gamlársdag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Matreiðslubækur í metratali

Hjónin Jón Jóhannesson og Sigrún Magnúsdóttir gefa í hjáverkum út matreiðslubækur undir merkjum Altungu. Þau eiga marga metra af slíkum bókum í eigin hillum.



ELDAR Í HÆGUM TAKTI Jón Jóhannesson og eiginkona hans hafa gefið út bókina Eldað í hægum takti, en uppskriftin að kjúklingnum með calvados og eplum er einmitt úr henni komin. MYND/ÞÓRIR TRYGGVASON

Bókaforlagið Altunga er fjölskyldufyrirtæki hjónanna Jóns og Sigrúnar, sem eru mikið áhugafólk um mat. Þau hafa áður gefið út þrettán litlar matreiðslubækur, sem Sigrún hreifst af í Danmörku fyrir nokkrum árum. „Hún keypti nokkur stykki af þessum bókum, og þá helltist yfir hana þörf til að gefa þær út. Við börðumst nú lengi gegn því, enda kunnum við svo sem ekkert á bókaútgáfu," útskýrir Jón og hlær við. Úr varð þó að þau fengu útgáfuréttinn, og hafa „dundað" við útgáfu síðan, að sögn Jóns.

Fyrir þessi jól gefa þau út bókina Eldað í hægum takti, en í henni er að finna uppskriftir frá Ítalíu, Frakklandi og Norður-Afríku, svo eitthvað sé nefnt. „Ég fór að prófa að elda upp úr þessari bók og líkaði það alveg ofboðslega vel, árangurinn varð svo góður," útskýrir Jón. „Svo nær hún í raun og veru yfir allt, því í henni eru uppskriftir að forréttum, aðalréttum og eftirréttum, auk meðlætis," bætir hann við.

Þó að þessi uppskrift, sem er úr bókinni komin, geri ráð fyrir heilum kjúklingi sem er hlutaður niður segir Jón lítið mál að skipta honum út fyrir vængi eða leggi.

POULET VALÉE D'AUGE
Fyrir 4
1,6 kg kjúklingur
2 græn epli (græn)
1 msk. sítrónusafi
60 g smjör
½ laukur, fínsaxaður
½ sellerístilkur, fínsaxaður
10 g hveiti
80 ml calvados eða brandí
375 ml kjúklingasoð
100 ml sýrður rjómi
Hlutið kjúklinginn í 8 hluta.

Flysjið epli og fjarlægið kjarna, fínsaxið hálft epli en skerið afgang í 12 báta. Veltið þeim upp úr sítrónusafanum.

Hitið helminginn af smjörinu í stórum potti og steikið kjúklingabitana með skinnið niður, þar til þeir verða gullnir. Snúið og steikið í 5 mín. Takið kjötið frá og hellið fitunni af.

Hitið svolítið minna af smjöri í sama potti. Steikið lauk, sellerí og söxuð epli við meðalhita í 5 mín., án þess að brúna. Takið af hita, dreifið hveiti yfir grænmetið og hrærið saman.

Bætið calvados út í og setjið aftur yfir hita. Hrærið soðinu smám saman í og hitið að suðu. Setjið kjúklinginn saman við og látið malla undir loki í 15 mín. eða þar til kjúklingurinn er soðinn í gegn og meyr.

Á meðan er afgangurinn af smjörinu bræddur á lítilli pönnu og eplabátarnir steiktir þar til þeir verða brúnir og meyrir. Takið þá frá og haldið heitum.

Takið kjúkling úr pottinum og haldið heitum. Fleytið fitunni ofan af og setjið sýrðan rjóma saman við sósuna. Sjóðið í 4 mín. eða þar til sósan loðir við bakhlið á trésleif. Saltið og piprið og hellið yfir kjúklinginn. Berið fram með eplabátunum.

Gjafakörfur aldrei vinsælli

Þó að fólk eigi allt á milli himins og jarðar er alltaf hægt að gleðja bragðlaukana með stútfullri og skemmtilegri gjafakörfu. Gjafakörfur frá Ostabúðinni á Skólavörðustíg hafa löngum verið vinsælar, og eins hrósa kaffiunnendur happi yfir gjafakörfum frá Te og kaffi eða kaffiskrínum Kaffitári.

Í Hagkaupum í Kringlunni og Smáralind má svo grípa með sér gjafakörfur frá Kokkunum, en þeir reka þar svokölluð sælkeraborð. Rúnar Gíslason, einn eigandi Kokkanna, segir körfurnar aldrei hafa verið vinsælli. „Þetta tók svolítið stökk í fyrra, og það virðist ætla að halda sér núna," segir Rúnar. Kokkarnir bjóða upp á sex gerðir af gjafakörfum, og í stærri tegundunum komast sælkerar heldur betur í feitt. „Þá er þetta orðinn sérgerður matur. Paté-in eru til dæmis okkar handverk, og eitthvað sem við leggjum mikinn metnað í," útskýrir Rúnar. Í körfunum leynast einnig heimagerð Cumberland-sósa, mangó- og epla-chutney og piparrótarsósa, auk þeirra erlendu osta sem fyrirtækið flytur inn.

SÆLKERAGLAÐNINGUR Rúnar Gíslason segir gjafakörfur aldrei hafa verið vinsælli, en þar að auki kaupir fólk gjarnan eitthvað góðgæti fyrir sjálft sig. FRÉTTABLAÐIÐ/

Rúnar segir einnig mikið um að fólk líti við til að kaupa eitthvað gómsætt í eigin ísskáp. „Það fer alveg rosalegt magn af hreindýrapaté og sveitapaté hjá okkur. Svo eru það auðvitað ostarnir, og við bjóðum líka upp á tvær tegundir af hunangi, fíkjuhunang og valhnetuhunang, sem fer rosalega vel með þeim," útskýrir Rúnar.

Þeir sem vilja gleðja sælkerana ættu því að kynna sér gjafakörfurnar sem í boði eru, eða velja sjálfir ofan í ætilegan pakka. - sun

H:N markaðssamskipti / SÍA



Tímíanlambahryggur og steinseljuhjúpað fillet

ásamt heitfengnum fíkjum, grænmetispönnu og dijonkaramellusósu

Fyrir 6 manns

1,2 - 1,5 kg lambahryggur
4 bökunarkartöflur
4 epli (ekki rauð)
2 sellerístilkar
½ lítri rjómi
50 g valhnetur, saxaðar
2 skarlottulaukar, fínsaxaðir
1 steinseljubúnt, saxað
6 fíkjur, ferskar
4 rauðrófur, afhýddar
1 tímíanbúnt
3 msk hunang
2 msk dijon sinnep
2 glös hvítvín
lambakraftur
kanill og sykur

Hryggurinn sagaður eftir endilöngu og úr verður 1/2 hryggur, fillet og lundir.

Skrælið kartöflur og epli, skerið í teninga ásamt sellerístilkum. Forsjóðið kartöflur í 3-5 mín. Fínsaxið skarlottulaukinn. Hitið pönnu, léttsteikið epli og kartöflur. Bætið við selleríi og lauk, gætið þess að gylla ekki. Bætið við 1/4 léttþeyttum rjóma, stráið smá kanil og sykri yfir og að síðustu steinselju og valhnetum.
Rauðrófur bakaðar heilar í u.þ.b. 30 mín. Skerið fíkjurnar í kross og bakið í 10 mín. við 160°.

Lambahryggur
Ristið rákir í hrygginn þversum og kryddið með salti og pipar. Skerið langsum meðfram hryggjarbeininu og stráið tímían í raufina. Steikið í ofni við 160° í u.þ.b. 30 mín. Skerið að beini og skiptið í sex hluta. Berið fram liggjandi á hryggjarbeininu.

Lambafillet
Fillet skorin af hryggnum og velt upp úr steinselju. Heilsteikið upp úr olíu og smjöri til helminga við vægan hita. Gætið þess að ekki komi steikingarlitur á kjötið svo litur steinselju haldi sér.

Lambalundir
Lundir skornar frá og framreiddar í forrétt eða sem lystauki - carpaccio eða grafnar.

Sósa
Sjóðið hunang niður þannig að það verði að karamellu. Hellið hvítvíni í og sjóðið niður um 2/3. Þeytið dijonsinnep út í, bætið við lambakrafti og 1/4 af rjómanum.

Lambakjöt

Friðgeir Ingi

Yfirkokkur á Hótel Holti

afhjúpar heimatrompið

LAMBAKJOT.IS

> EINS OG SPICE GIRLS

Beyoncé og stöllur hennar úr **Destiny's Child** gætu fetað í fótspor kryddstúlknanna og komið saman á ný. **Kelly Rowland** sagði á dögunum að endurkoma þeirra hefði vakið þær til umhugsunar. Þær ætla að nýta jólin til að hugsa málin.

fólk

folk@frettabladid.is

Fer að skorta uppboðsmuni

Einar Örn Einarsson hefur síðastliðin tvö ár boðið upp ýmislegt dót úr eigin handraða á internetinu í aðdraganda jólanna. Ágóðinn hefur runnið óskiptur til góðgerðasamtakanna Oxfam, og þannig orðið börnum í Mið- og Suður-Ameríku að liði. Einar Örn hefur endurtekið leikinn í ár, en segir þó að uppboðsmuni fari brátt að skorta. „Fyrsta árið fór alveg rosalega mikið. Þá seldi ég einhverja þrjú hundruð geisladiska, til dæmis. Svo kláraðist ansi mikið í fyrra, og í ár er þetta eiginlega bara komið," segir hann og hlær við.

Einar Örn segir það samt hafa komið á óvart hversu miklu hann náði að safna úr eigin hirslum í ár. „Það er eiginlega alveg ótrúlegt hverju maður sankar að sér á einu ári," segir Einar, sem hefur einnig beðið nokkur fyrirtæki um að leggja sér lið. Hann býst við því að ná að safna um tvö hundruð þúsundum í ár, en fyrsta uppboðið gaf af sér um hálfa milljón. Ofan á upphæðina úr uppboðunum bætast svo afmælisgjafir Einars Arnar. „Ég varð þrítugur í ár og benti fólki á að gefa í þetta," útskýrir hann.

Einar Örn kveðst ekki viss um að hann geti endurtekið leikinn að ári. „Í fyrra hélt ég að það yrði síðasta skiptið. En ég gæti reynt að fara einhverjar aðrar leiðir á næsta ári," segir Einar Örn, sem væri afar hlynntur því ef einhver vildi stela hugmyndinni. „Alveg endilega, bara," segir hann.

Uppboðum ársins fer að ljúka, en þeir sem vilja kynna sér vörurnar nánar, eða leggja Einari lið með öðrum hætti, geta kíkt á eoe.is/uppbod2007.

- sun

GEYMSLAN AÐ TÆMAST Einar Örn Einarsson hefur síðastliðin tvö ár boðið upp dót úr eigin handraða til styrktar börnum í Mið- og Suður-Ameríku, en nú fer að verða fátt um fína drætti í geymslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Stóra Klaufamálinu lokið

Klaufar fá helming upphæðar reikninga sinna greidda. Aukin framlög verða til Rásar 2 strax 1. apríl en þá losnar Ríkisútvarpið undan biðlaunaákvæðum rúmlega 40 starfsmanna.

„Ég átti mjög góðan fund með útvarpsstjóra. Fyrst ber að telja að hann er búinn að leysa Stóra Klaufamálið," sagði Jakob Frímann Magnússon í gær.

„Já, því er blessunarlega lokið," segir Páll Magnússon útvarpsstjóri.

„Þeir hjá FÍH og risarnir í Efstaleitinu eru búnir að tala saman. Allir vilja leysa málið og Klaufar vilja enga óvini eiga. RÚV vill greiða helming upphæðarinnar sem reikningar kveða á um, eða 200 þúsund krónur, og við göngum að því," segir Birgir Nielsen, trymbill í kántríhljómsveitinni Klaufum.

Þar með er Stóra Klaufamálinu lokið sem slíku en það gekk út á deilur um réttmæti reikninga sem Klaufar og aðstoðarmenn lögðu inn til RÚV vegna útsendingar frá kántrídansleik þeirra í Hafnarfirði. En Klaufamálið velti þyngra hlassi. Jakob er alsæll með fund sinn og Páls, segir þjóðina heppna að eiga nútímalegan og víðsýnan útvarpsstjóra. Nú geti tónlistarmenn, í það minnsta hann sjálfur, þegar tekið til við að halda gleðileg jól.

„Mitt erindi laut að stóru myndinni, almennum aðbúnaði Rásar 2 og starfsfólks. Og hvernig tónlistarmönnum er iðulega gert að koma fram án endurgjalds sökum fjárskorts rásarinnar. Skemmst er frá að segja að hann meðtók allt sem ég hafði fram að færa og lýsti yfir fullum vilja til að efla Rás 2 á nýju ári."

Jakob útskýrir að um mánaðamót mars/apríl gangi í garð nýtt fjárhagsár og þá skapist svigrúm til að efla Rás 2 og gera löngu tímabæra bragarbót á.

„Útvarpsstjóri skilur mætavel mikilvægi Rásar 2 í menningarlífinu. Hvernig hún hefur frá fyrstu tíð hlúð að nýgræðingunum og grasrót tónlistarlífsins sem hefur dafnað jafn farsællega og raun ber vitni," segir Jakob. „Hann sagði blátt áfram að hann gæti aukið framlög til Rásar 2 frá og með apríl 2008. Það eru góðar fréttir og dugar mér að heyra í bili."

Páll Magnússon staðfestir þennan skilning Jakobs. Segir þá hafa rætt dágóða stund saman einkum um Rás 2 og hlutverk hennar í menningarlífi þjóðarinnar. „Hugmyndir okkar eru ekki ósvipaðar þannig að ekki voru þetta harðar deilur. Staðreyndin er sú að Ríkisútvarpið gengur nú í gegnum erfitt skeið. Vitað var að fyrstu tólf mánuðir hins nýstofnaða opinbera hlutafélags yrði eyðimerkurganga. Sem er einkum vegna biðlaunaákvæðis en rúmlega 40 manns eru á biðlaunum. Það er dýrt fyrir RÚV. Þessu tímabili lýkur 1. apríl en þá eru liðnir 12 mánuðir frá stofnun félagsins. Þá mun okkar hagur vænkast auk þess sem við erum að færa mest af ráðstöfunarfé í dagskrána sjálfa. Rás 2 mun njóta góðs af því."

jakob@frettabladid.is

BIRGIR NIELSEN Klaufar vilja einskis óvinir vera og ætla að ganga að tilboði RÚV.

JAKOB FRÍMANN Fagnar því ákaft að fyrir liggi að efla Rás 2.

PÁLL MAGNÚSSON Hagur Ríkisútvarpsins vænkast 1. apríl en þá hverfa rúmlega 40 manns af biðlaunum.

„Þetta er snilldarbók."

Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga



„Þessi magnaða bók veitir okkur innsýn í heim sem fæstir vildu vita af en allt of margir urðu að kynnast af eigin raun."

Þorvaldur Þorsteinsson
rithöfundur

Bókin er ríkulega myndskreytt.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Systir Britney ólétt

Enn fjölgar í Spears-fjölskyldunni en í þetta sinn er það ekki poppprinsessan Britney sem á von á barni, heldur sextán ára systir hennar, Jamie Lynn.

Jamie Lynn opinberar þungunina í viðtali við tímaritið OK! og segist vera komin þrjá mánuði á leið. „Þetta var mjög óvænt og algjört áfall," segir Jamie Lynn. „Þegar ég hafði fengið þungunina staðfesta hjá lækni sagði ég engum frá henni í tvær vikur. Ég vildi sjálf ákveða næsta skref án áhrifa frá öðrum. Ég var hrædd en varð að gera það sem var rétt fyrir mig," segir Jamie Lynn.

Barnsfaðir Jamie Lynn er kærasti hennar til langs tíma, Casey Aldridge. Skömmu áður en þungunin kom í ljós sagðist Jamie Lynn reyndar í viðtali ekki eiga neinn fastan kærasta en vilja heldur halda möguleikum sínum opnum.

Móðir systranna, Lynne Spears, átti erfitt með að kyngja fréttunum. „Ég trúði þessu ekki því hún hefur alltaf verið svo varkár, brýtur ekki einu sinni útivistarreglurnar sínar. Ég fékk sjokk. Ég meina, þetta er litla sextán ára barnið mitt," segir Lynne. Þetta verður þriðja barnabarn hennar en Britney Spears á tvo syni. „Eftir viku hafði hún náð að meðtaka fréttirnar og sýndi mér mikinn stuðning," segir Jamie Lynn.

Britney Spears fékk ekki að vita af þungun litlu systur um þakkargjörðarhátíðina líkt og aðrir fjölskyldumeðlimir, heldur frétti það fyrst í gegnum fjölmiðla.

Jamie Lynn Spears leikur aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Zoey 101 sem sjónvarpsstöðin Nickolodeon sýnir. Enn er óvíst hvernig þungunin mun hafa áhrif á sjónvarpsþáttinn. Yfirmenn Nickolodeon segjast í fréttayfirlýsingu virða ákvörðun Jamie Lynn um að taka ábyrgð, og að þessa stundina skipti ekkert máli nema velferð hennar.

„Það er pottþétt eitthvað sem þið ættuð ekki að gera, það er betra að bíða," eru skilaboð Jamie Lynn til annarra unglinga um kynlíf fyrir hjónaband. „En ég get ekki dæmt þegar ég hef sjálf komið mér í þessa stöðu."

JAMIE LYNN SPEARS Á von á barni sextán ára gömul.

heima

FULL BÚÐ AF NÝRRI GJAFAVÖRU

SKENKUR
84.800

SID DICKENS
MEMORY
BLOCKS
13.500

GLÖS
4 Í PAKKA
6.900

LAMPI
CHINA
69.800

GLÖS
4 Í PAKKA
5.900

MYNDA-
RAMMAR
VERÐ FRÁ
2.500 - 5900

FLEURS
SKÁLAR
VERÐ FRÁ
1.200 - 1.800

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10 - 18
LAUGARDAGINN 22. DES. KL. 11 - 18
ÞORLÁKSMESSU 23. DES. KL. 11 - 22
AÐFANGADAG 24. DES. KL. 10 -12

HEIMA
HÚSIÐ

mood
heima
Ondvegi
BÚUM BETUR
Húsgagnaverslun

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

Þakkaði fyrir frábæra jólagjöf

Jason Bonham, sem trommaði með Led Zeppelin á endurkomutónleikum sveitarinnar í London, segir að tíminn muni leiða í ljós hvort sveitin komi aftur saman.

„Ég er ennþá nýi gaurinn í hljómsveitinni og ég bara veit það ekki," sagði Bonham, en faðir hans John trommaði upphaflega með Zeppelin. „Ég hef ekkert talað við Jimmy, Robert og John Paul nema til að þakka þeim fyrir bestu jólagjöf sem hægt er að hugsa sér. Þetta skipti mig miklu máli," sagði Bonham. „Ef þeir vilja hittast aftur myndi ég glaður taka þátt í því en það er undir þeim komið."

Hann segist hafa lagt hart að sér til að sanna að hann hafi verið verðugur þess að spila með Zeppelin. „Ég hlustaði á fullt af tónleikaupptökum. Maður þarf að vinna fyrir svona hlutum vegna þess að það eru milljón trommarar þarna úti sem væru tilbúnir til að skera þig á háls og taka við af þér."

ZEPPELIN Jason Bonham og félagar í Led Zeppelin fóru á kostum á endurkomutónleikunum í London 10. desember.

Fram undan hjá Bonham eru tónleikar með hljómsveit sinni Foreigner. Orðrómur um tónleikaferð Zeppelin gengur fjöllum hærra. Bæði hefur verið talað um tónleika í Madison Square Garden í New York og í Bretlandi. Söngvarinn Robert Plant er þegar lagður af stað í tónleikaferð, með söngkonunni Alison Krauss.

- fb

Ragnheiður á Nasa

Söngkonan vinsæla Ragnheiður Gröndal mun halda desembertónleika á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll í kvöld. „Þetta verða ekki jólatónleikar, þótt reyndar slæðist nokkur jólalög með inni á milli," segir Ragnheiður. „Ætlunin er að gefa fólki frí frá jólalögunum sem dynja á því allan vinnudaginn, og bjóða upp á huggulegheit á aðventunni."

Ragnheiði til halds og traust verða fjögurra manna hljómsveit og strengjakvartett. „Ég ætla að flytja lög af gömlu plötunum mínum, Vetrarljóð, Þjóðlög og After the Rain. Þetta er í fyrsta skipti sem ég flyt svo fjölbreytta tónlist á einum tónleikum," segir Ragnheiður, en hún mun einnig kynna lög af nýrri plötu sem er í vinnslu og kemur líklega út í vor.

Tónleikarnir byrja klukkan 21 og miða má nálgast á midi.is.

- eá

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL Heldur tónleika á Nasa í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Góðir hlutir í KAFFIBOÐI!

Þetta er Capricci espressovélin. Þetta er snjalla kaffivélin sem gerir öllum kleift að laga espresso og cappuccino á einfaldan hátt. Þú lagar espresso með því að setja kaffihylki í vélina og ýtir svo á einn takka og þá lagar vélin kaffið undireins. Kaffivélin skilar korginum í korggeymslu sem auðvelt er að tæma. Ekkert vesen og engin sóðaskapur.

Hugmyndarík og falleg hönnun. Capricci vélin er einföld og þægileg í notkun Síðast en ekki síst þá lagar Capricci frábært kaffi eða te á innan við 30 sekúndum. Cappuccino, espresso, latte eða te Pronto

Verð á Capricci vél er kr. 16.900. Capricci er tilvalin í eldhúsið, sumarbústaðinn, á vinnustaðinn, á hótelherbergið, eiginlega hvar sem er svo fremi sem vatn og rafmagn sé við höndina. Fæst einnig hjá Kaffifélaginu á Skólavörðustíg og á www.espressokaffi.is

Brauðrist úr stáli og með FM útvarpi. Fallegt gamaldags útlit. Ristar samlokur og hitagrind fylgir með

Waring blandarinn er hin upprunalega mulningsvél frá Ameríku. Tveggja hraða mótorinn er kannski öflugri en eldhúsið þarf, en hann fer líka létt með erfiðustu verk. Bara massíft stál og gler! Auðveldur í þrifum, bara að setja könnuna í uppþvottavélina. Fæst líka hjá Kaffifélaginu og í Pottum og Prikum, Akureyri

Silvia cappuccinovélin

Silvia cappuccinovélin frá Rancilio er goðsögn meðal kaffiunnenda. Nú er þessi frábæra vél komin í nýrri gerð sem notar líka grisjur (POD)auk malaðs kaffis. Lagar espresso og cappuccino eins og á bestu kaffibörum.

Fæst einnig hjá Kafffélaginu á Skólavörðustíg 10 og Pottum og Prikum á Akureyri

Einnig kvarnir í úrvali

Opið á Þorláksmessu

Verslunin KAFFIBOÐ
Á horni Grettisgötu og Barónsstígs.
Sími: 562 1029
www.kaffibod.is

RANCILIO coffee for the World

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hin brjóstgóða **Pamela Anderson** hefur sótt um skilnað við eiginmann sinn Rick Salomon eftir aðeins tveggja mánaða hjónaband. Ástæðan er ósættanlegur ágreiningur. Þrátt fyrir það voru myndir teknar af þeim í verslunarleiðangri á sunnudag og eftir það sagði Anderson að þau væru að reyna að ná sáttum. Eins og Salomon á Anderson tvö hjónabönd að baki, við rokkarana Tommy Lee og Kid Rock. Salomon var kvæntur Elizabeth Daily og Shannen Doherty.

Hljómsveitin R.E.M. ætlar að gefa út nýja plötu hinn 1. apríl á næsta ári. „Mig langar að segja ykkur leyndarmál. Við erum búnir að taka upp frábæra plötu. Hún er frábrugðin því sem við höfum gert áður," sagði söngvarinn **Michael Stipe** á góðgerðauppboði í New York. Síðasta plata R.E.M., Around the Sun, kom út árið 2004.

Handtökuheimildin sem var gefin út á leikarann **Daniel Baldwin** hefur verið felld niður. Baldwin átti að mæta fyrir rétt 7. desember til að ræða skilorð sitt eftir að hafa verið dæmdur fyrir fíkniefnabrot á síðasta ári. Mætti hann ekki á svæðið og var handtökuheimildin því gefin út. Dómari í málinu ákvað að fella heimildina niður eftir að Baldwin tjáði honum að um misskilning hefði verið að ræða. Hann hefði einfaldlega ekki vitað að hann ætti að mæta í réttarsalinn.

Leikkonunni **Kate Hudson** þykir ennþá vænt um fyrrverandi kærastann sinn Owen Wilson. Gamanleikarinn reyndi að fremja sjálfvíg í ágúst eftir að hann frétti af sambandi hennar við leikarann Dax Sheperd. „Owen er yndisleg manneskja og mér þykir ákaflega vænt um hann. Ég óska honum alls hins besta. Ég vona að hann verði heilsuhraustur og fái allt sem hann óskar eftir í lífinu," sagði Hudson.

X-mas í níunda sinn í kvöld

Mugison, Sprengjuhöllin, Hjaltalín og Jakobínarína verða á meðal þeirra sem koma fram á níundu jólatónleikum X-ins 977, X-mas, á Gauki á Stöng í kvöld. Eins og áður er miðaverð 977 krónur og rennur allur ágóðinn til samtakanna Foreldrahús.

„Þetta er með því glæsilegra sem hefur verið boðið upp á. Þessir tónleikar hafa alltaf verið gríðarlega vel sóttir og það er klárt mál að það verður einnig núna. Menn hafa horft afbrýðisemisaugum á þennan glæsilega viðburð í gegnum árin enda klikkar X-mas aldrei," segir Þorkell Máni Pétursson á X-inu.

Allar hljómsveitirnar sem koma fram spila jólalag og þau eru tekin upp og spiluð daginn eftir á X-inu. „Sprengjuhöllin verður með frumsamið lag og svo gerði Lada Sport jólalag í fyrra sem Lödumenn ætla að spila í fyrsta skipti á X-mas. Það er einstaklega vel heppnað og svo býst ég við „massífu" frá Ultra Mega Technobandinu Stefáni og Muga, enda er Mugison með langbestu plötu ársins ásamt Sprengjuhöllinni," segir Þorkell Máni. - fb

SPRENGJUHÖLLIN Hljómsveitin Sprengjuhöllin spilar á árlegum jólatónleikum X-ins á Gauki á Stöng.

Skrifar um kynlíf

Heather Mills, sem á í harðvítugum skilnaði við Paul McCartney, ætlar að semja kynlífshandbók fyrir konur. Mills, sem er fyrrverandi nærfatafyrirsæta, vonast til að miðla af reynslu sinni til annarra kvenna með bókinni.

„Heather telur að það sé markaður fyrir góða kynlífshandbók," sagði kunningi hennar. „Hún sagði að kynlífshandbækur séu venjulega skrifaðar frá sjónarhóli karla og telur að hún geti samið eina góða fyrir konur."

Mills er sögð hafa áhyggjur af viðbrögðum almennings vegna deilu sinnar við McCartney og ætlar hugsanlega að gefa bókina út undir fölsku nafni. „Hún vill miðla leyndarmálum sínum um það hvernig á að laða til sín mann og halda honum ánægðum í svefnherberginu," sagði kunninginn.

Mills hefur áður gefið út tvær sjálfsævisögur sem komu út 1994 og 2002.

HEATHER MILLS Mills vill skrifa kynlífshandbók handa konum.

ULLARHATTARNIR Ullarhattarnir halda sína tíundu Þorláksmessutónleika á sunnudaginn.

Ómar með Ullarhöttunum

Ómar Ragnarsson verður á meðal þeirra sem taka lagið með Ullarhöttunum í tilefni af tíundu Þorláksmessutónleikum þeirra á sunnudaginn. Í þetta sinn verða þeir haldnir á skemmtistaðnum Domo, sem er í sama húsi og Sportkaffi var, þar sem Ullarhattarnir spiluðu fyrst 1998.

„Það verður miklu tjaldað til í þetta skiptið. Við verðum með nokkra góða gesti sem heiðra okkur með nærveru sinni. Þetta er fólk sem hefur tengst jólunum dálítið og Ómar Ragnarsson tekur lagið með okkur. Hann hefur aldrei gert það áður," segir Eyjólfur Kristjánsson. Auk hans skipa hljómsveitina þeir Stefán Hilmarsson, Jón Ólafsson, Friðrik Sturluson og Jóhann Hjörleifsson.

„Þetta hefur alltaf verið alveg meiri háttar og gengið rosalega vel. Við flytjum aðallega íslensk dægur- og jólalög og ég veit að þetta setur punktinn yfir i-ið hjá sumum í jólastemningunni. Við byrjum um leið og búðirnar loka á Þorláksmessunni," segir Eyjólfur.

Forsala miða á tónleikana fer fram á Domo á föstudag á milli 15 og 17.

ÓMAR RAGNARSSON Ómar ætlar að syngja í fyrsta sinn með Ullarhöttunum.



Glæsilegt úrval úra og skartgripa

Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • Sími 511 1900

Sesar A efnir til rappveislu

Rapparinn Sesar A efnir til rappveislu á Gauki á Stöng á föstudag í tilefni af útgáfu þriðju sólóplötu sinnar, Of gott... Á meðal gesta verður hinn margverðlaunaði DJ Static frá Danmörku, Diva de la Rosa úr Sometime, Dóri DNA og 7Berg.

Tónleikaviðburðurinn Fullorðins verður einnig haldinn í fyrsta sinn á höfuðborgarsvæðinu þar sem tónlist XXX Rottweiler, Sesars A og Intró úr Forgotten Lores rennur saman í eitt. „Þetta er tilraun sem ég er að reyna að hnoða saman og er eitthvað sem fer væntanlega í gagnið á næsta ári. Ég er búinn að vera úti í fjögur ár og búinn að vinna með níu manns frá átta löndum með hljómsveitinni IFS. Þetta er tilraun til að brjóta upp þetta hefðbundna rapptónlistarform. Mér finnst mest spennandi að auka vægi plötusnúðsins í þessu því hann vill oft gleymast.“

SESAR A Rapparinn knái efnir til rappveislu á Gauki á Stöng í kvöld.

Hann segist lengi hafa haft mætur á DJ Static og ákvað að hringja í hann og fá hann til að spila hér á landi. „Hann er búinn að fá góð viðbrögð við því sem hann hefur verið að gera og nýtur mikillar virðingar á meðal plötusnúða og þeirra sem til þekkja.“

Sesar lofar skemmtilegum tónleikum í kvöld. „Það fer allt púðrið í þessa tónleika. Platan er að koma út frekar seint og ég er með myndbönd sem ég hef ekki sett í birtingu. Þetta ferli hefur verið svolítið langt þannig að við eigum örugglega eftir að sprengja Gaukinn og gera allt vitlaust.“

Gaukurinn opnar klukkan 21 og tónleikarnir byrja stundvíslega kl 22.30. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og fylgir platan Of gott ... með í kaupunum. **- fb**

Metár hjá meistara Megasi

Meistari Megas hefur selt um níu þúsund eintök af plötum sínum á þessu ári, sem er vafalítið besti árangur hans til þessa. Platan Frágangur hefur selst í tæpum 3.900 eintökum.

MEGAS Tónlistarmaðurinn Megas hitti rækilega í mark með plötu sinni Frágangur.

„Það verða tíu þúsund platna jól,“ syngur Megas í laginu (Minnst tíu milljón) Flóabitanótt á Frágangi og svo virðist sem honum ætli að verða að ósk sinni ef fram heldur sem horfir. Auk hins góða gengis Frágangs, sem kom út í sumar, hafa um 2.800 eintök selst af Holdi er mold sem kom út þremur mánuðum síðar. Þar fyrir utan hafa yfir tvö þúsund eintök selst af endurútgefnum plötum Megasar á árinu. Plötur Megasar seljast venjulega í um tvö þúsund eintökum og því kemur þessi góði árangur Frágangs og Holds er mold, sem Megas tók upp um með Senuþjófunum, verulega á óvart.

Afgerandi árangur

„Það er sérstakt að listamaður með 35 ára útgáfusögu sé að ná svona afgerandi sterkum árangri eins og Megas hefur náð á þessu ári,“ segir Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Skífunnar, sem átti alls ekki von á þessum sölutölum í byrjun ársins. „Eftir að Frágangur kom út og maður heyrði plötuna þá kemur þetta ekkert stórkostlega á óvart. Að sama skapi kemur það ekkert á óvart að Hold er mold er þúsund eintökum á eftir því hún er fyrst og fremst þyngri. Frágangur er léttari plata og þess fyrir utan má segja að rýmið fyrir Megas á markaðnum var meira í sumar en í haust. Hann naut einstakrar velvildar í fjölmiðlum og það voru allir tilbúnir að flykkjast á bak við hann. Það er erfitt að endurtaka það þremur mánuðum síðar,“ segir Eiður.

FRÁGANGUR Frágangur er orðin ein söluhæsta plata Megasar frá upphafi.

Ein sú söluhæsta

Frágangur er orðin þriðja til fjórða söluhæsta plata Megasar frá upphafi. Söluhæsta plata hans er Loftmynd sem kom út 1987 sem hefur selst í sjö til átta þúsund eintökum. Næst á eftir henni kemur Í góðri trú sem kom út 1986 og hefur selst í fimm til sex þúsundum. Á eftir þeim koma Frágangur og Í bleikum náttkjólum, sem Megas gerði með Spilverki þjóðanna árið 1977, með álíka mörg seld eintök.

freyr@frettabladid.is

BT

JÓLIN ERU AÐ KOMA

BESTA VERÐIÐ! MESTA ÚRVALIÐ!! FLESTAR VERSLANIR!!!

AÐEINS 50 STK!

MEDION

PC6671
MEDION V18 BLURAY
Intel® Core 2 Quad Q6600
- 2,40 GHz, 8M cache, 1066 MHz FSB
nVidia GeForce 8600GT 256MB
- HDCP - HDMI/DVI-I - DX10
4GB DDR2 Vinnsluminni (667MHz)
720GB Harður diskur (2x360GB 7200rpm)
Panasonic BluRay skrifari (SW5583)
DVD drif (16x/48x)
FireWire tengi
Gigabit LAN
Medion Media Bay

Windows Vista Premium
Home CCinema 2007
(incl. Authoring SW)
Nero Burning ROM
Nero Recode 2SE

Logitech X-530 hátalarakerfi fylgir!

FYLGIR 12.999

FYLGIR

MD30222
MEDION 22" WIDESCREEN

720GB Harður diskur
GeForce 8600GT
4GB Vinnsluminni
Intel Quad Core
Blu-Ray Skrifari

VAR AÐ LENDA

189.999

BT LÁN
Verð frá: 5.279
59 mánaða

Panasonic

TX-32LE7F
PANASONIC 32" LCD LE7
Myndstýring: VIERA
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 1

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

89.999
99.999

BT LÁN
Verð frá: 2.897
59 mánaða

Panasonic

TX-32LX70F
PANASONIC 32" LCD 100HZ LX70
Myndstýring: V Real 2 Engine
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
100Hz Motion Picture Pro
IPS Alpha panel
Intelligent Scene Controler
3D Color management
Sub Pixel Control
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 2

100Hz Motion Picture Pro
Tæknin skilar mun betri myndgæðum þegar mikil hreyfing er á myndinni.

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

129.999

BT LÁN
Verð frá: 3.691
59 mánaða

SONY

SONY 32" LCD SJÓNVARP D3000
KDL32D3000

169.999

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN
Verð frá: 4.750
59 mánaða

SAMSUNG

SAMSUNG 32" SJÓNVARP S86
LE32S87BDX

119.999

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN
Verð frá: 3.426
59 mánaða

MEDION

MEDION 26" LCD SJÓNVARP
MD30036

69.999

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN
Verð frá: 2.103
59 mánaða

MEDION

MEDION 19" LCD SJÓNVARP
MD30039

39.999

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN
Verð frá: 4.042
12 mánaða

ALLAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA

> Kristinn fer á EM 2008

Milliríkjadómarinn frá KR, Kristinn Jakobsson, er einn af átta dómurum sem munu gegna starfi fjórða dómara á EM 2008 sem fram fer í Sviss og Austurríki næsta sumar. Alls voru tólf dómarar valdir til að dæma á EM og 24 aðstoðardómarar en tríóin koma öll frá sömu löndum. Þetta er mikil upphefð fyrir Kristin sem hefur sífellt verið að fá stærri verkefni hjá UEFA og nú síðast var það leikur Everton og Zenit á Goodison Park. Þrátt fyrir að hafa ranglega gefið rautt spjald sagðist Kristinn hafa fengið góðan heildardóm frá eftirlitsmanni leiksins.

sport
sport@frettabladid.is

HLYNUR SIGMARSSON: REYNIR ÁKAFT AÐ SAFNA FÉ FYRIR LEIK FLENSBURG OG GUMMERSBACH

Hlyni gengur illa að finna styrktaraðila

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum hefur Hlynur Sigmarsson, stjórnarmaður hjá HSÍ, fengið umboð frá þýska úrvalsdeildarfélaginu Flensburg til að halda leik félagsins gegn Gummersbach í þýsku úrvalsdeildinni hér á landi. Leikurinn mun fara fram hinn 2. febrúar næstkomandi og eigi draumur Hlyns að verða að raunveruleika þarf hann sárlega stuðning fyrirtækja eða fjársterkra aðila.

Hlynur fær ekki mikinn tíma til viðbótar í að ganga frá fjárhagslegu hliðinni en staðan er ekki björt í augnablikinu þar sem Hlyni hefur ekki gengið sem skyldi að finna stóra styrktaraðila.

„Þeir aðilar sem ég hef þegar rætt við eru ekki eins spenntir fyrir þessu dæmi og ég er. Það er miður og staðreyndin er sú að ég fæ ekki mikinn tíma í viðbót til þess að ganga frá þessu. Ég þarf að gefa Flensburg einhver svör fljótlega," sagði Hlynur en það kostar sitt að flytja slíkan stórleik hingað til lands.

„Ég þarf að borga Flensburg 22 milljónir fyrir leikinn og svo þarf að borga flugið fyrir mannskapinn sem kostar svona 7 milljónir. Þess utan er kostnaður við leigu á íþróttahúsi og ef ég til að mynda fer með leikinn í Egilshöll þá er kostnaður við hvert sæti 1.000 krónur að lágmarki. Svo á eftir að koma upp klukku, leggja gólf, fá starfsfólk og fleira þannig að kostnaðurinn er mjög mikill en ekki það mikill að þetta sé ekki hægt með góðri aðstoð, til að mynda stórfyrirtækis."

Um er að ræða stórleik í þýska boltanum enda hér á ferðinni tvö af betri liðum deildarinnar og með liðunum leika íslenskir landsliðsmenn. Einar Hólmgeirsson og Alexander Peterson spila með Flensburg en Guðjón Valur Sigurðsson, Róbert Gunnarsson og Sverre Jakobsson með Gummersbach en liðið þjálfar síðan Alfreð Gíslason.

Hlynur segist verða á ferðinni einhverja næsta daga í leit að stuðningi og vonast eftir góðum móttökum. „Annars verður ekkert af þessu og það væri miður enda um sannkallaðan stórviðburð að ræða."



SLEGIÐ Á LÉTTA STRENGI Leikmenn Bobcats voru ánægðir að fá Jordan á æfingu með sér. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Michael Jordan:

Æfði með Bobcats

KÖRFUBOLTI Michael Jordan skellti sér á æfingu með Charlotte Bobcats en hann hefur þó ekki í hyggju að rífa fram skóna á nýjan leik.

Jordan, sem er einn af eigendum liðsins, ákvað að vera með til þess að rífa upp stemninguna í liðinu en liðið hefur tapað tíu af síðustu tólf leikjum sínum. Jordan hefur einnig verið að mæta á liðs- og myndbandsfundi liðsins.

Jordan, sem orðinn er 44 ára, keypti sig inn í félagið á síðasta ári og hefur lokaákvörðun um körfuboltalegar ákvarðanir félagsins. Hann hefur algjörlega dregið sig úr sviðsjósinu og horfir á leiki þar sem ekki sést til hans. Starfsmönnum hallarinnar hefur síðan verið meinað að birta myndir af honum á skjám hallarinnar.

Jordan hefur ekki gengið sem skyldi utan vallar en hann var rekinn sem forseti Washington Wizards og Bobcats-liðið er ekki beint að kveikja í deildinni. - hbg

Nýr landsliðsþjálfari hjá konunum

Körfuknattleikssambandið samdi við A-landsliðsþjálfara karla og kvenna í gær. Sigurður Ingimundarson, þjálfari karlaliðsins, framlengdi um tvö ár en Ágúst Björgvinsson þjálfar kvennaliðið næstu fjögur árin.

KÖRFUBOLTI Körfuknattleikssambandið samdi við A-landsliðsþjálfara sína í gær. Ágúst Björgvinsson verður nýr landsliðsþjálfari kvenna í körfubolta en Sigurður Ingimundarson, sem hefur þjálfað karlaliðið frá árinu 2004, heldur áfram með liðið næstu tvö ár.

Það kom fram á blaðamannafundi í gær að Körfuknattleikssambandið ætlar sér að færa landsliðsstarfið upp á hærra plan. Hannes Jónsson, formaður KKÍ, segir drauminn að komast með bæði karla- og kvennaliðið upp í A-deild Evrópukeppninnar og nýr styrktarsamningur við Skeljung hefur gefið sambandinu tækifæri á að yfirfara mál landsliðanna.

Sigurður Ingimundarson gerði frábæra hluti í sumar með karlalandsliðið, sem vann þá Smáþjóðaleikana í fyrsta sinn í fjórtán ár og endaði Evrópukeppnina á þremur sigurleikjum í röð.

„Þetta sumar segir mér það að liðið sé á réttri leið. Það er alveg klárt að við erum með gott lið og það er alveg framkvæmanlegt að komast upp í A-deildina," segir Sigurður en verkefnið er erfitt.

„Við erum að keppa í tvö ár í þessari keppni og annaðhvort verðum við meðal 24 bestu þjóða í Evrópu eða mistekst. Ég held að við höfum sýnt það að við eigum erindi í þessa Evrópukeppni og rúmlega það," segir Sigurður.

„Uppistaðan í liðinu er ungir leikmenn sem eru að komast á fínan aldur. Þeir hafa farið frá því að vera ungir og efnilegir í það að vera góðir leikmenn í dag. Þeir vita líka betur út í hvað þeir eru að fara. Ég sé fyrir mér mikla samkeppni um að komast í hópinn og við munum að sjálfsögðu nota marga menn og vera með nokkuð stóran hóp til þess að finna réttu blönduna," segir Sigurður, sem getur vel hugsað sér að þjálfa Keflavíkurliðið áfram.

VELKOMNIR Hannes Jónsson, formaður KKÍ, óskar þeim Ágústi Björgvinssyni og Sigurði Ingimundarsyni til hamingju með nýja starfið en þeir þjálfa A-landsliðin næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Þetta eru tvær ólíkar ákvarðanir og allir sem þjálfa landslið í dag eru félagsþjálfarar og verða eigilega að vera það. Þú nærð ekkert að vera á tánum með því að þjálfa bara landslið í tvo til þrjá mánuði," segir Sigurður.

Þekkir vel til hjá stelpunum

Ágúst Björgvinsson þekkir vel til kvennaboltans. Hann náði frábærum árangri með Haukaliðið, vann níu titla með því á síðustu þremur árum, og þá hefur hann þjálfað margar stelpurnar í unglingalandsliðinu undanfarin ár.

„Það er mjög spennandi að fá að þjálfa íslenska landsliðið. Það hefur verið eitt af mínum markmiðum að þjálfa A-landslið Íslands og þetta er því frábær áfangi fyrir mig," segir Ágúst, sem vonast til að sem flestir af eldri og reyndari leikmönnunum gefi kost á sér.

„Mitt fyrsta markmið með liðið er að stilla saman sterkasta liðinu og ég vonast til þess að allar séu tilbúnar að leggja á sig það sem þarf til að ná árangri. Ég veit að það vilja allir vinna en það eru ekki allir tilbúnir að leggja það á sig sem þarf til þess að vinna," segir Ágúst, sem veit að liðsins bíða erfiðir leikir.

„Það væri mjög flott markmið til þess að byrja með að vinna heimaleikina og sjá síðan til hvað við getum gert í útileikjunum. Ég held að þetta séu allt þjóðir sem við eigum alveg að geta unnið á góðum degi. Það er engin þjóð sem við eigum enga möguleika í en ég veit að þarna eru þjóðir sem eru sterkar og við þurfum að eiga góðan dag til þess að vinna þær. Við erum ekki stór þjóð í kvennakörfunni en í framför ef við tökum mið af þeim úrslitum sem við höfum náð í yngri landsliðunum. Ég veit að ef ég næ að þjappa liðinu saman geta ótrúlegustu hluti gerst," segir Ágúst, sem ætlar að láta liðið æfa meira en það hefur gert undanfarin ár.

ooj@frettabladid.is

Ragna Ingólfsdóttir komin í átta manna úrslit á alþjóðlegu badmintonmóti í Grikklandi:

Ég kláraði leikinn á keppnishörkunni

BADMINTON Ragna Ingólfsdóttir tryggði sér sæti í átta liða úrslitum á alþjóðlega badmintonmótinu Hellas Victor International í gær þegar hún vann þýsku stúlkuna Carolu Bott. Ragna byrjaði leikinn illa og tapaði fyrstu lotunni 15-21 en sigraði næstu tvær örugglega 21-11 og 21-10.

„Ég var svo stressuð í fyrstu lotu að ég náði ekki að spila minn leik og tapaði. Síðan náði ég að róa mig aðeins niður og náði að vinna næstu tvær loturnar," sagði Ragna Ingólfsdóttir sem var mjög ánægð með fyrsta daginn sinn á mótinu sem fer fram í Thessaloniki í Grikklandi.

Ragna Ingólfsdóttir vann dönsku stúlkuna örugglega 21-13 og 21-10 í fyrsta leik. „Þetta var frekar léttur sigur í morgun en svo gekk illa í byrjun gegn þýsku stelpunni en svo náði ég yfirhöndinni og kláraði þetta á keppnishörkunni," segir Ragna sem segist hafa orðið reið eftir slaka fyrstu lotu og það hafi hjálpað henni í seinni tveimur lotunum.

Ragna var sátt við spilamennskuna á mótinu á Ítalíu um síðustu helgi. „Mótið á Ítalíu var miklu sterkara mót og það að vinna einn leik gaf jafn mörg stig eins og ég kæmist í undanúrslitin á þessu móti. Ég var sátt við spilamennskuna á Ítalíu þar sem ég tapaði fyrir stelpu sem var átján sætum fyrir ofan mig á heimslistanum," segir Ragna en játar að þétt mótadagskrá sé farin að taka sinn toll.

„Ég er orðin mjög þreytt og er eiginlega illt í öllum skrokknum. Ég er með hitakrem á öllum líkamanum," segir Ragna í léttum tón en hún ætlar að taka sér gott frí eftir mótið í Grikklandi en fyrst er að klára mótið og ná í einhver stig. Ragna vonast til að þetta borgi sig og hjálpi henni við að komast inn á Ólympíuleikanna.

„Ég hlakka til að fara í frí en ætla að reyna að klára þetta mót áður en ég fer að hugsa um það. Ég mæti annarri þýskri stelpu í átta liða úrslitunum en ég veit ekkert hvernig hún er og hef aldrei séð hana spila," segir Ragna og bætir við í léttum tón.

„Ég passa bara upp á að taka hitakremið með og hita vel upp," segir Ragna en hún mætir CaroluBott í næstu umferð sem hefst kl. 15.20 að íslenskum tíma.

Miðað við heimslistastöðu þeirra Carolu og Rögnu ætti Ragna að teljast sigurstranglegri fyrirfram en miðað við árangur hinnar þýsku undanfarin ár og öfluga æfingafélaga verður um erfiðan leik að ræða fyrir Rögnu. - óój

BT

JÓLIN ERU AÐ KOMA

Senseo á besta verðinu í BT

Fjórir pakkar af ljúfengu Merrild Senseo kaffi fylgja

FYLGIR

Aðeins 1 stk á mann

PHILIPS
Senseo
Tveggja bolla kaffivél
fljótlegt og þægilegt

• 4.999
• 8.999
Almennt verð

Hárblásari

TRISTAR
HD-2322
HÁRBLÁSARI
• 1.999

Eldhúsvog

TRISTAR
KW-2430
ELDHÚSVOG DIGITAL
• 1.999

Blandari

TRISTAR
BL-4417
BLANDARI 500W
• 5.999

Brauðrist

TRISTAR
BR-2113
BRAUÐRIST - STÁL
2 SNEIÐA
• 3.999

Töfrasproti

TRISTAR
MX-4115
TÖFRASPROTI
MATVINNSLU
• 1.999

Safapressa

TRISTAR
SC-2281
SAFAPRESSA
• 5.999

Töfrasproti

TRISTAR
MX-4138
TÖFRASPROTI
MEÐ SKÁL
• 3.499

Hrísgrjónapottur

TRISTAR
RK-6103
HRÍSGRJÓNAPOTTUR
• 1.999

Samlokugrill

TRISTAR
SA-2129
SAMLOKUGRILL STÁL
• 2.499

Handryksuga

• 14.999
Dyson
HANDRYKSUGA

Ryksuga

Dyson
RYKSUGA
• 29.999

ALLAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA



Munnsöfnuður áhorfenda orðinn að stóru vandamáli

Ensk knattspyrnuyfirvöld hafa áður tekið fast á knattspyrnubullum og kynþáttafordómum í stúkunni. Nú vilja samtök atvinnumanna í Englandi að tekið sé á munnsöfnuði áhorfenda sem sé sífellt að verða stærra vandamál.

FÓTBOLTI Andlegt ofbeldi hefur verið talsvert í umræðunni í sambandi við ensku úrvalsdeildina og bæði leikmenn og stjórar í deildinni hafa kvartað sáran undanfarið yfir óhefluðum munnsöfnuði áhorfenda í þeirra garð.

Gordon Taylor, stjórnarformaður samtaka atvinnumanna í knattspyrnu á Englandi, vill að leikmenn njóti betri verndar frá munnlegu ofbeldi á leikjum á Englandi og telur að félögin í deildunum verði að axla meiri ábyrgð í þeim efnum.

„Ef menn hafa til að mynda vitneskju um að líklega verði mikið um munnlegt ofbeldi eða óheflað málfar gagnvart einhverjum sérstökum aðila, þá verður viðkomandi heimalið og starfsmenn þess að gera ráðstafanir og búa sig sérstaklega undir að kveða allt slíkt í kútinn ef það fer yfir ákveðin mörk.

Verður að stöðva menn með meiðandi athugasemdir

Auðvitað er ekki hægt að setja út á smá stríðnisköll frá áhorfendunum en um leið og menn eru með meiðandi athugasemdir verður að taka fyrir það og segja stopp. Englendingar geta verið stoltir af baráttu sinni gegn bullum á knattspyrnuleikjum og kynþáttahatri og nú verðum við að halda baráttunni áfram og fara að taka munnsöfnuð áhorfenda í gegn," sagði Taylor.

Nokkrir leikmenn og knattspyrnustjórar í ensku úrvalsdeildinni hafa komið fram og gagnrýnt munnsöfnuð áhorfenda á leikjum í ensku úrvalsdeildinni í vetur en þeirra á meðal eru Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, Avram Grant, stjóri Chelsea, Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, og Sol Campbell, leikmaður liðsins.

Menn í úrvalsdeildinni þurf að hafa þykkan skráp

Campbell kallaði eftir því í viðtali við útvarpsstöðina BBC 4 að Knattspyrnusamband Englands axlaði meiri ábyrgð.

„Maður þarf vissulega að vera með þykkan skráp til þess að þola alls kyns munnsöfnuð á leikjum í ensku úrvalsdeildinni, en mér finnst ástandið nú vera orðið óbærilegt og mér finnst að maður eigi ekki skilið að standa undir slíkum fúkyrðum undir neinum kringumstæðum.

Ég veit að ég yfirgaf ákveðið lið við misjafnlega góðar undirtektir og ég skil alveg að einhverjir séu ósáttir en andlegt ofbeldi á ekki rétt á sér og ég geri í raun lítinn mun á því og kynþáttafordómum.

Þetta á engan veginn rétt á sér og mér finnst enska knattspyrnusambandið verða að taka betur í taumana," sagði Campbell, sem yfirgaf Tottenham árið 2001 til þess að ganga til liðs við erkifjendurna í Arsenal og er vegna þess enn afar óvinsæll á White Hart Lane, heimavelli Tottenham, þó svo að hann leiki ekki lengur með liði Arsenal.

ÓSÁTTUR Sol Campbell lét í ljós óánægju sína með munnlegt ofbeldi sem leikmenn ensku úrvalsdeildarinnar þyrftu að þola frá sumum áhorfendum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

omar@frettabladid.is

Lögreglan rannsakar kæru vegna meintrar nauðgunar í jólafagnaði Man. Utd:

Evans sleppt gegn tryggingu

FÓTBOLTI Lögreglan í Manchester færði 19 ára gamlan mann til yfirheyrslu í fyrrakvöld í tengslum við meinta nauðgun á 26 ára gamalli stúlku á Great John Street-hótelinu í Manchester þar sem jólafögnuður leikmanna Manchester United fór fram á mánudagskvöld.

Í gær var það svo staðfest í fjölmiðlum að umræddur maður í haldi lögreglu væri norður-írski landsliðsmaðurinn Jonny Evans, sem lék síðast með United-liðinu gegn Roma í Meistaradeildinni á dögunum. Talsmaður lögreglunnar í Manchester sagði í gær að Evans hefði gefið sig sjálfur fram við lögreglu þegar spurðist út um ákæru stúlkunnar, en talsmaður Manchester United vildi ekki tjá sig um málið.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem mál sem þetta kemur upp í ensku úrvalsdeildinni og samkvæmt Ian Dovaston hjá Sky News er ekki alltaf allt sem sýnist í þessum málum.

„Margir knattspyrnustjórar í ensku úrvalsdeildinni kvíða jafnan þessum leikmannafögnuðum þar sem þeir eru meðvitaðir um það að leikmennirnir sjálfir geta verið skotmörk. Þetta eru í sumum tilfellum ungir menn sem eiga nóg af peningum og fá mikla athygli og liggja því vel við höggi. Það hafa margar ásakanir um nauðganir komið fram í tengslum við fagnaði og veislur leikmanna í ensku úrvalsdeildinni, en engin þeirra hefur leitt af sér að dómsfellingu," sagði Dovaston.

Málsatvik í umræddu máli Jonny Evans eru aftur á móti enn sem stendur óljós en honum var í gær sleppt úr varðhaldið gegn tryggingu og málið mun verða tekið fyrir að nýju þann 23. febrúar á næsta ári. **- óþ**

LAUS ÚR VARÐHALDI Jonny Evans gaf sig sjálfur fram til lögreglu vegna ákærunnar á þriðjudagskvöld og yfirheyrslur stóðu yfir þangað til í gær þegar honum var sleppt gegn tryggingu.

NORDIC PHOTOS/AFP

GLÆSILEGAR JÓLAGJAFIR FYRIR HESTA OG MENN

MADDOX útivistarvörur

Tölt skórnir komnir,
með og án stáltá.
Á frábæru verði
VERÐ 9900,-

Barbour
útivistarfatnaður

Vandaðir reiðjakkar og
fatnaður frá MADDOX

Dekraðu við gæðinginn!
úrval af vörum
f. umhirðu hesta

Hnakktöskur og
skálmar frá
COMANCHEROS

CASCO
reiðhhjálmar
– margar gerðir
VERÐ FRÁ KR. 4900,-

Stallmúlar í
miklu úrvali



Vandaðir reiðjakkar og
peysur frá MADDOX

VAndaðar vörur frá
SOUL HORSE

MADDOX Kuldagallar
frábærir f. íslenskar aðstæður

Mikið úrval af
reiðtygjum
BEISLISSETT
FRÁ KR. 8900,-

Geysivinsælar snyrtivörur
frá COWBOY MAGIC

DVD diskar í úrvali
um hesta og hestamennsku

Glæsilegir reiðhanskar
frá ROECKL. Flottir í jólapakkann

HESTAR MENN

Ögurhvarfi 1, Kópavogi, Sími: +354 567 3300 Netfang: info@hestarogmenn.is

ÚRSLIT

N1-deild karla:

Fram-Stjarnan 26-35

Mörk Fram (skot): Haraldur Þorvarðarson 6/1 (8/1), Rúnar Kárason 5 (14), Guðjón Finnur Drengsson 3 (4), Stefán Baldvin Stefánsson 3 (4), Filip Kliszcyk 3 (6), Einar Ingi Hrafnsson 2 (3), Jóhann Gunnar Einarsson 2/2 (7/4) Hjörtur Hinriksson 1 (1), Halldór Jóhann Sigfússon 1 (5/2), Zoltan Belanyi (1), Jón B. Pétursson (1).
Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 12/2 (31/3) 38.7%, Björgvin Páll Gústavsson 5/1 (21/1) 24%.
Hraðaupphlaup: 7 (Einar 2, Haraldur 2, Rúnar 2, Stefán)
Fiskuð víti: 7 (Haldór 2, Hjörtur, Jón Þorbjörn, Stefán, Rúnar, Einar)
Utan vallar: 10 mínútur
Mörk Stjörnunnar (skot): Heimir Örn Árnason 8/1 (13/2), Gunnar Ingi Jóhannsson 7 (8), Björgvin Hólmgeirsson 6 (10), Ragnar Helgason 5 (7), Ólafur Víðir Ólafsson 4 (6/1), Björn Friðriksson 3 (3), Bjarni Þórðarson 1 (1), Daníel Einarsson 1 (1), Rati Miskhvildize (2), Volodimyr Kysil (1), Guðmundur Guðmundsson (1/1)
Varin skot: Roland Valur Eradze 18/2 (43/4) 41.8%, Hlynur Morthenz 2/2 (3/3) 66.6%.
Hraðaupphlaup: 8 (Ragnar 3, Heimir 3, Ragnar 2)
Fiskuð víti: 4 (Kysil, Heimir, Ragnar, Björgvin)
Utan vallar: 8 mínútur

Valur-HK 33-26

Mörk Vals: Ernir Hrafn Arnarson 9 (17), Baldvin Þorsteinsson 7 (10/1), Fannar Þór Friðriksson 5 (11), Ingvar Árnason 3 (3), Arnór Malmquist Gunnarsson 3/1 (3/1), Sigfús Páll Sigfússon 2 (4), Elvar Friðriksson 2 (5), Hjalti Þór Pálmason 1 (3), Anton Rúnarsson 1 (3)
Varin skot: Pálmar Pétursson 15 (44/2) 34,1%
Hraðaupphlaup: 10 (Baldvin 6, Arnór, Sigfús Páll, Ernir, Fannar)
Fiskuð víti: 2 (Ernir 2)
Utan vallar: 6 mínútur
Mörk HK: Augustas Strazdas 5 (9), Ragnar Hjaltested 5/2 (6/2), Brynjar Hreggviðsson 4 (4), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3 (7), Arnar Þór Sæþórsson 2 (3), Sergey Petraytis 2 (5), Gunnar Steinn Jónsson 2 (5), Tomas Eitutis 2 (7), Bjarki Gunnarsson 1 (1), Sigurgeir Árni Ægisson (1), Ragnar Snær Njálsson (2)
Varin skot: Egidijus Petkcevicius 11 (41/1) 26,8%, Guðlaugur Tryggvi Karlsson (3) 0%
Hraðaupphlaup: 7 (Ragnar 2, Brynjar 2, Eitutis, Ólafur Bjarki, Gunnar Steinn)
Fiskuð víti: 2 (Petraytis, Gunnar Steinn)
Utan vallar: 6 mínútur

Iceland Express-deild kvk:

Grindavík-KR 86-84

Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 39 (26 frák.), Joanna Skiba 20 (7 stoðs.), Petrúnella Skúladóttir 11, Ingibjörg Jakobsdóttir 8, Íris Sverrisdóttir 6 (5 mín.), Ólöf Helga Pálsdóttir 2.
Stig KR: Monique Martin 37 (14 frák.), Hildur Sigurðardóttir 16 (12 frák., 9 stoðs.), Sigrún Ámundadóttir 10 (10 frák.), Helga Einarsdóttir 5, Guðrún Ósk Ámundadóttir 5, Lilja Oddsdóttir 4, Þorbjörg Friðriksdóttir 3, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 2, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir 2.

Keflavík-Hamar 100-81

UEFA-bikarinn:

Tolouse-Spartak Moskva	2-1
Zurich-Bayer Leverkusen	0-5
Bayern Munchen-Aris Saloniki	6-0
Braga-Rauða Stjarnan	2-0
Getafe-Anderlecht	2-1
Hapoel Tel Aviv-AaB Aalborg	1-3
Galatasaray-Austria Vín	0-0
Panionios-Bordeaux	2-3

37 STIG NÆGÐU EKKI Monique Martin skoraði 37 stig fyrir KR í gær en það dugði ekki til sigurs. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Iceland Express-deild kvenna:

Grindavík lagði KR í Röstinni

KÖRFUBOLTI Grindavík stöðvaði sex leikja sigurgöngu KR með 86-84 sigri í æsispennandi leik í Grindavík í gær.

KR, sem var 68-73 yfir fyrir lokaleikhlutann, skoraði þá ekki í fyrstu sex mínútur og 44 sekúndur fjórða leikhlutans og á meðan skoraði Grindavík 11 stig í röð og komst 79-73 yfir. KR-liðið gafst ekki upp og átti möguleika á að tryggja sér sigurinn í lokin en Ingibjörg Jakobsdóttir sá til þess að stigin urðu eftir í Grindavík þegar hún varði þriggja stiga tilraun Monique Martin á lokasekúndu leiksins. - óój

Einn leikur fór fram í enska deildarbikarnum í gær:

Chelsea skellti Liverpool á Stamford Bridge

FÓTBOLTI Chelsea tók á móti Liverpool á Stamford Bridge í enska deildarbikarnum í gær. Chelsea vann 2-0 sigur með mörkum frá Frank Lampard og Andriy Shevchenko og Chelsea er þar með komið í undanúrslit keppninnar.

Fyrri hálfleikur var frekar líflegur framan af en báðum liðum gekk þó illa að skapa sér opin færi. Nokkuð fjaraði undan leiknum í lok hálfleiksins og því markalaust í leikhléi. Leikar æstust fljótlega í síðari hálfleik enda talsvert meiri hraði í leiknum. Frank Lampard kom Chelsea yfir á 58. mínútu en nokkur heppnisstimpill var á markinu þar sem hann fór af Jamie Carragher og í markið.

Aðeins tveim mínútum síðar fékk Peter Crouch beint rautt spjald fyrir að brjóta á John Obi Mikel. Grófur dómur að einhverra mati en tilburðir Crouch voru alveg glóru- og ástæðulausir.

Liverpool reyndi að jafna í kjölfarið en sóknir þeirra voru máttlitlar. Andriy Shevchenko gerði svo út um leikinn á lokamínútunni með ekkert sérstöku skoti sem markvörður Liverpool átti að verja. - hbg

1-0 Frank Lampard kemur hér Chelsea yfir. Skot hans fór í Carragher og þaðan sveif boltinn í markið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Viljinn var Valsmanna

Valur vann góðan og þýðingarmikinn sigur á HK í gær og tryggði sér um leið sæti í deildarbikarnum sem fram fer milli jóla og nýárs. Valur mátti ekki við tapi ætli liðið sér að taka þátt í toppbaráttunni eftir áramót.

HANDBOLTI Valur vann gríðarlega þýðingarmikinn sigur á HK, 33-26, í N1 deild karla í gærkvöldi. Valur náði HK að stigum en er sæti ofar vegna betri úrslita í innbyrðisviðureignum liðanna. Valur er sex stigum á eftir toppliðinu.

Valur hóf leikinn af krafti og komst fjórum mörkum yfir, 6-2. Egidijus Petkcevicius, jafnan góður markvörður HK, virtist hálf lamaður í markinu og allt lak inn. HK náði þrátt fyrir það að svara fyrir sig og jafna í 8-8. Þá skiptu Valsmenn um gír, skoruðu þrjú mörk í röð og skömmu seinna var munurinn aftur orðinn fjögur mörk, 13-9. HK náði að minnka muninn í tvö mörk en síðasta mark fyrri hálfleiks var Valsmanna og munurinn í hálfleik því þrjú mörk, 16-13.

Seinni hálfleikur var aldrei spennandi. Valur skoraði þrjú fyrstu mörkin og hélt sex marka forystu lengst af síðari hálfleik. HK náði aldrei að minnka muninn í minna en þrjú mörk og frábær endasprettur Vals varð til þess að alls munaði sjö mörkum á liðunum í lokin, 33-26.

Baldvin Þorsteinsson átti fínan leik fyrir Val og var sérstaklega drjúgur í hraðaupphlaupum þar sem hann skoraði úr sex slíkum. „Þetta var góður leikur. Það kom smá bakslag gegn Fram þar sem við spiluðum ekki okkar besta leik og það vantaði smá kraft í okkur. Við þjöppuðum okkur vel saman fyrir þennan leik og ákváðum að gefa allt í þetta. Þetta er búið að vera langt og strangt og nú fáum við smá hvíld um jólin enda langt í næsta leik," sagði Baldvin kátur í leiklok. „Þeir spiluðu ekki góða sókn en á móti vorum við að spila góða vörn og þá náðum við að keyra hraðaupphlaup, þá erum við góðir. Við hikstuðum aðeins í fyrri hálfleik en við héldum áfram og áttum mjög góðan seinni hálfleik."

Með sigrinum hélt Valur lífi í von sinni um að verja titilinn. „Þetta var uppá líf og dauða en þetta er svo jafnt að við eigum fína möguleika eins og hin efstu liðin. Það geta allir unnið alla nema ÍBV," sagði Baldvin enn fremur. - gmi

ÁTÖK Það var ekkert gefið eftir í Vodafonehöllinni í gær og HK-ingurinn Arnar Þór Sæþórsson fær hér að finna til tevatnsins hjá varnarmönnum Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EFTIRSÓTTUR Berbatov er búinn að eiga erfitt tímabil í vetur en ku enn þá vera á óskalista Ferguson. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Ferguson enn á eftir Berbatov?

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, er víst ekki búinn að gefa upp vonina um að landa loksins Dimitar Berbatov, leikmanni Tottenham, en United varð að lúta í lægra haldi fyrir Lundúnaliðinu á sínum tíma. Samkvæmt breska dagblaðinu Daily Mirror mun Berbatov vera efstur á óskalista Ferguson þegar félagsskiptaglugginn opnast í janúar og er hann tilbúinn að láta Louis Saha og Wes Brown ganga upp í kaupin á búlgarska framherjanum.

Wes Brown verður samningslaus hjá United næsta sumar og hefur hingað til ekki viljað framlengja samning sinn við liðið. Hann var reyndar orðaður við frjálsa sölu til Newcastle næsta sumar í nokkrum bresku blaðanna í gær. - óþ

Framarar voru í jólaskapi og útdeildu gjöfum er sterkir Stjörnumenn komu í heimsókn í Safamýrina í gær:

Framarar fóru snemma í jólafrí þetta árið

HANDBOLTI Stjarnan valtaði yfir Fram í Safamýrinni í gær þegar þeir unnu níu marka sigur, 26-35, í bráðfjörugum leik. Aðeins var jafnræði með liðunum fyrstu mínúturnar en eftir það átti Fram ekki möguleika gegn frískum Stjörnumönnum.

Liðin bæði virtust tilbúin í verkefnið og vildu ekki fara með tap á bakinu inn í jólafríið. Stjarnan náði tveggja marka forystu, 2-4, en góður leikkafli Fram í kjölfar þess sá þá jafna leikinn í 6-6. Það var í síðasta skiptið sem Fram átti eftir að sjá í skottið á Stjörnunni. Stjarnan skoraði þá sex mörk í röð og breytti stöðunni í 6-11. Alls skoraði Stjarnan tólf mörk gegn fjórum það sem eftir lifði hálfleiks og leiddi fyrri hálfleikinn, 10-18.

Garðbæingar gáfu ekkert eftir í seinni hálfleik og leyfðu Fram aldrei að komast nær en sex mörk. Varnarleikur Stjörnunnar var frábær og Roland í góðu formi sem gerir hvaða liði sem er erfitt fyrir. Hinum megin stóð Magnús Erlendsson sig ágætlega í markinu en átti lítil svör við öllum dauðafærunum sem Stjarnan komst í.

Á lokamínútunum reyndi Fram að saxa niður forskotið með hinni skemmtilegu maður á mann-vörn en það breytti engu. Roland Eradze blandaði sér þá bara með í sóknarleikinn og átti tvær stoðsendingar. Undir lokin var leikurinn orðinn eins og æfing. Bæði lið gengu upp og niður völlinn og skoruðu að vild en sigurinn var Stjörnumanna, 26-35.

Heimir Örn Árnason átti góðan dag eins og margir í Stjörnunni og skoraði átta mörk. „Leikur okkar hefur verið óstöðugur og margir leikmenn verið misjafnir milli leikja. Nú stíga miklu fleiri upp og það munaði um það hjá okkur. Það voru loksins allir góðir á sama tíma," sagði Heimir við Fréttablaðið eftir leik.

Ferenc Antal Buday, þjálfari Fram, sagði mikið hafa munað um að skytturnar í sínu liði voru daprar í leiknum. „Þetta er erfitt þegar við erum með tvo menn frá og Filip (Kliszcyk) að spila meiddur. Svo eru Rúnar og Jóhann Gunnar ungir og þreyttir eftir síðasta leik og það er mjög erfitt að vinna leiki án bakvarðanna. Ég er auðvitað mjög ósáttur því ég býst við betri leik frá mínu liði en í dag spilaði Stjarnan bara betur," sagði Buday. - tom

ÁTÖK Volodymir Kysil, línumaður Stjörnunnar, tók takmarkaðan þátt í leiknum í gær en hann var rekinn af velli með rautt spjald í fyrri hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Europris

Opið frá kl. 9 til 20 í dag
Frá kl. 9 til 22 á föstudag
Frá kl. 9 til 22 á laugardag
Frá kl. 9 til 23 á sunnudag
Frá kl. 9 til 14 á aðfangadag

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Lágvöruverslunin Þín!

36.990
19'' FLATSJÓNVARP
- WXGA, upplausn: 1440x900
- Scart, PC Audio, VGA, Video, S-video, RF

400 gr

199
PIPARKÖKUR
- 400 gr

3990
HLJÓMBORÐ
- Fjöldi stillimöguleika

5990
BORÐ - STEP2
- Hægt að leggja saman

JÓLATRÉSSALA
á lifandi trjám við allar Europris verslanir

45
COCA COLA
- 33 cl

199
SPRITTKERTI
- 100 í pk

pr. stk **950**
PS2 LEIKIR
- X Box - GameBoy - Nintendo

2990
FERÐATASKA
- Með snyrtitösku

pr. stk **299**
ROBBY BUBBLE
- Freyðandi drykkur f/börn
- 750 ml

2790
FJARSTÝRÐUR BÍLL
- Nikko

www.europris.is

Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi

> Alan Arkin

Alan Arkin er einn þeirra leikara sem allir kannast við en fæstir þekkja almennilega. Arkin hlaut hins vegar heldur betur uppreisn æru í fyrra þegar hann vann Óskarinn fyrir leik sinn í hinni hugljúfu mynd Little Miss Sunshine. Þá voru liðin, hvorki fleiri né færri, en fjörutíu ár frá því Arkin hafði fengið sína fyrstu Óskarstilnefningu en það var fyrir myndina The Russians Are Coming - The Russians Are Coming. Arkin leikur aukahlutverk í myndinni Grosse Point Blank sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON FANN ROKKIÐ AFTUR:

Nú er það svart´mar það vantar meiri Bjartmar

Eftir að hafa séð ógrynni af sykurhúðuðum poppurum á skjánum í alltof langan tíma tala líkt og markaðsfræðingar um tónlist sína sem selst svo vel hér og þar og er síðan að fara á markað í hinu eða þessu landinu að þá var ég farinn að sakna alvöru rokkara sem tala um afurð sína sem list en ekki söluvarning. Ég fylltist því fögnuði þegar ég sá Bjartmar Guðlaugsson í viðtali hjá Erpi Eyvindarsyni. Ég var farinn að trúa því að rokkið væri dautt en komst að því að það er bara ekki inn hjá útgefendum. Bjartmar beit ekki í tunguna á sér og ræddi um fyllirí, leiðinlega útgefendur og gaf markaðsmönnum og -öflum langt nef. „Allir eru til sölu nema Bjartmar," hafði hann eftir Dr. Gunna og undirstrikaði að þetta væru orð að sönnu. Samt var gamli rokkarinn sanngjarn og sagði að það hefðu ekki verið útgefendur heldur hann sjálfur sem „fokkaði upp ferlinum" eins og hann orðaði það.

Ég hef því vitnað í meistara Megas innra með mér og raulað: „nú er það svart´mar, hann er ekki eftir Bjartmar þessi söngur en við syngjum hann þó" meðan ég hef raulað með í miðlungs popplögum í fjarveru trúbadorsins gamla. Nú vona ég sem sagt að súkkulaðihjúpurinn bráðni af íslenska tónlistarbransanum þegar gamli jaxlinn kemur funheitur og þá verður rokkað hart´mar því lög eftir Bjartmar munu líða úr tækjunum. Þá mun þjóðin líka fá það óþvegið annað slagið sem væri ágætis tilbreyting frá sálfræðilegum vangaveltum sætabrauðsdrengja og -stúlkna í ástarsorg.

EKKI MISSA AF

17.50 American Dad SIRKUS

20.00 Elektra STÖÐ 2 BÍÓ

20.40 Brothers and Sisters SJÓNVARPIÐ

21.50 Numbers STÖÐ 2

22.00 C.S.I: Miami SKJÁR

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ævintýri Friðrikku og Leós
17.55 Stundin okkar
18.20 Svona var það (14:22)
18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 07/08 bíó leikhús Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir.
▶20.45 Bræður og systur (20:23) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
21.30 Trúður (8:10) (Klovn)
22.00 Tíufréttir
22.25 Krakatá - Síðustu dagarnir (1:2) Leikin bresk heimildamynd í tveimur hlutum um sprengigosið mikla á eldfjallaeynni Krakatá í Indónesíu 27. ágúst 1883. Gosið olli gríðarlegum flóðbylgjum og innan tveggja sólarhringa höfðu meira en 36 þúsund manns farist og strandbyggðir á Súmötru og Jövu voru í rúst. Seinni hlutinn verður sýndur fimmtudaginn 27. desember.
23.20 Manstu gamla daga?
00.30 Kastljós
01.05 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Elektra
08.00 Slap Shot 2. Breaking The Ice
10.00 Two Family House
12.00 Wide Awake
14.00 Slap Shot 2. Breaking The Ice
16.00 Two Family House
18.00 Wide Awake
▶20.00 Elektra Ævintýramynd þar sem Jennifer Garner snýr aftur í hlutverki ofurhetjunnar Elektru sem beitir ofurkröftum sínum í baráttunni við ill og myrk öfl.
22.00 Taking Lives
00.00 Dahmer
02.00 Invincible
04.00 Taking Lives

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Jesús og Jósefína
07.45 Kalli kanína og félagar
07.55 Kalli kanína og félagar
08.05 Kalli kanína og félagar
08.10 Studio 60 (18:22)
08.55 Í fínu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love
10.15 Commander In Chief (16:18)
11.15 Veggfóður (17:20)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Wings of Love
13.55 Wings of Love
14.45 Osbournes 3 (10:10)
15.10 Pirate Master (9:14)
15.55 Nornafélagið
16.18 Doddi litli og Eyrnastór
16.28 Doddi litli og Eyrnastór
16.38 Magic Schoolbus
17.03 Jesús og Jósefína
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag
19.25 The Simpsons (8:22) (e)
19.50 Næturvaktin (8:13).
20.20 Hjá Jóa Fel (9:10)
21.00 Two and a Half Men (18:24)
21.25 ´Til Death (18:22)
▶21.50 Numbers (10:24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. 2006.
22.35 Silent Witness (7:10)
23.30 Tekinn 2 (14:14)
00.00 Damages (11:13)
00.45 Grosse Point Blank (e)
02.30 Hellraiser. Hellseeker
04.00 Crime and Punishment in Suburbia
05.35 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.00 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik Chelsea og Liverpool í 8-liða úrslitum enska deildarbikarsins sem fór fram í gær.
18.00 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik Chelsea og Liverpool í 8-liða úrslitum enska deildarbikarsins sem fór fram í gær.
19:40 AZ Alkmaar - Everton UEFA Cup Bein útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða. Með liða AZ Alkmaar leikur landsliðsmaðurinn Gréta Rafn Steinsson.
21.45 Inside Sport (Graham Poll, dómari) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
22.15 NFL - Upphitun Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
22.45 Heimsmótaröðin í Póker (Heimsmótaröðin í póker 2007) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
23.40 AZ Alkmaar - Everton UEFA Cup Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða. Með liða AZ Alkmaar leikur landsliðsmaðurinn Gréta Rafn Steinsson.

SÝN 2

15.40 Man. City - Bolton Útsending frá leik Man. City og Bolton.
17.20 Liverpool - Man. Utd. Útsending frá stórleik Liverpool og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 16. desember.
19.00 Ensku mörkin 2007/2008 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
20.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar)
20.30 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar)
21.30 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
22.30 4 4 2
23.55 Coca Cola mörkin

SKJÁREINN

07.00 Innlit / útlit (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.00 Vörutorg
17.00 7th Heaven (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 Dýravinir (e)
19.30 Game tíví - lokaþáttur Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 The Office - NÝTT Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Fyrsti þátturinn í nýrri þáttaröð. Þegar skrifstofustjórinn Michael slysast til að koma upp um samkynhneigð eins starfsmannsins lendir hann á hættulegri braut. Við fáum líka að sjá hvað varð um Jim og Pam.
20.30 30 Rock (14:21) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum.
21.00 House (16:24) Fyrrum hermaður með undarleg einkenni og ástæðan fyrir veikindunum á eftir að koma House í opna skjöldu.
▶22.00 C.S.I. Miami (8:24) Kona er myrt og annarri rænt af manni sem þykist vera ljósmyndari og lokkar ungar konur í myndatökur. Málið verður persónulegt fyrir meðlimi rannsóknardeildarinnar þegar í ljós kemur að stúlkan sem hann hafði á brott með sér er systir einnar úr rannsóknardeildinni.
22.50 The Drew Carey Show
23.15 America's Next Top Model (e)
00.15 Backpackers (e)
00.40 NÁTTHRAFNAR
00.41 C.S.I. Miami
01.25 Ripley's Believe it or not!
02.10 Trailer Park Boys
02.35 Vörutorg
03.35 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Jói Fel

Jói Fel er kominn heim úr Ítalíuför sinni og farinn að huga að jólamatnum. Í þessum sérstaka jólaþætti ætlar sjónvarpskokkurinn vinsæli að reiða fram sannkallaða þriggja rétta hátíðarmáltíð, sem allir geta leikið eftir. Í forrétt býður Jói upp á létteldaðar rjúpubringur, í aðalrétt er hann með hangikjötslæri á beini með uppstúf og rauðkáli. Í eftirrétt hefur Jói Fel útbúið ljúffengt pannacotta.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

The Office

Skjár einn kl. 20.00

Ekki höfðu margir mikla trú á Bandaríkjamönnunum sem ætluðu að gera sína eigin útgáfu af hinum stórfenglegu bresku þáttum The Office. Steve Carell og félagar hafa hins vegar sýnt sig og sannað og það er því mikið fagnaðarefni að önnur þáttaröð af bandarísku Office-þáttunum skuli loks hefja göngu sína.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Færeyingar
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Seiður og hélog
19.27 Tónlistarkvöld Útvarpsins
22.10 Veðurfregnir
22.15 Útvarpsleikhúsið: Bláa eyjan
23.25 Rithöfundasjóður Ríkisútvarpsins
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

15.25 Þristurinn
16.00 Hollyoaks (83:260)
16.30 Hollyoaks (84:260)
17.00 Mangó (4:6)
17.25 Talk Show With Spike Feresten
▶ **17.50 American Dad 3** Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans.
18.15 Wildfire (1:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
19.00 Hollyoaks (83:260)
19.30 Hollyoaks (84:260)
20.00 Mangó (4:6)
20.25 Talk Show With Spike Feresten
20.50 American Dad 3 (e)
21.15 Wildfire (1:13)
22.00 Grey´s Anatomy (8:22)
22.45 The Closer (4:15)
23.30 Þristurinn
00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson veltir fyrir sér mönnum og málefnum og fær til sín góða gesti í myndver ÍNN.
20.30 Óhreinu börnin hennar Evu Kolfinna Baldvinsdóttir sviptir hulunni af „þessu fólki", fólkinu sem við viljum helst ekkert vita af.
21.00 Reynslunni ríkari Ásdís Olsen býður til sín litríkum einstaklingum, sem hafa reynt sitt lítið af hverju.

DR 1

11.35 Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.25** Dødens Detektiver **12.50** Hvad er det værd **13.20** Søren Ryge præsenterer - Elin og træerne **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Liga **15.00** Fighter - Bag Kameraet **15.30** Robotboy **15.45** Julie **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Chris på chokoladefabrikken **19.00** Julehilsen til Grønland 2007 **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** Old School **22.25** Antiglobetrotter **22.55** Wicked Minds

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.10** Faktor: Året det var så bratt **11.40** Jentene i Belfast **12.40** 'Allo, 'Allo! **13.05** Billedbrev fra Europa: Venezia **13.15** Vinbaronen **14.00** Fabrikkenprisen 2007 - vinterspesial **14.30** Fjortis **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Verdensarven **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen **21.30** Beste av Bye & Rønning **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Hunden fra Baskerville **23.50** Sorte orms jul **0.35** Norsk på norsk jukeboks **2.00** Sport Jukeboks

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** Flickan som trodde hon kunde flyga **13.00** Matiné: Kvinnohuset **14.30** Mitt i naturen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.15** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** BoliBompa **17.25** Dagens visa **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Felicias magiska ring **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Solens mat **19.30** Vrakletarna **20.00** Rösten från St Anna - Peter Johansson **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Toppform **23.50** Out of Practice

KÆST SKATA
VESTFIRSK SKATA
SALTFISKUR
SIGINN FISKUR
GRÁSLEPPA
HARÐFISKUR
STÓR HUMAR

Opið
Fimmtudaginn 20 des 9-19
Föstudaginn 21 des 9-19
Laugardaginn 22 des 9-19
Þorláksmessa 23 des 9-19

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686

MORGUNMATURINN

„Maður fær sér espresso og croissant með og ávaxtasafa. Svona einu sinni í mánuði fer ég líka á Gráa köttinn og fæ mér trukk að ameríkskum sið. Áramótaheitið hjá mér er að fara yfir í heilbrigðari morgunmat.“

Halldór Bragason blúsari.

Bó í tónlistarveislu Kastljóss

„Þarna verður 60 manna stórsveit hljóðfæraleikara og öllu til tjaldað. Og Björgvin syngur. Þannig að þetta verður glæsileg tónlistarveisla í Kastljósinu á föstudagskvöld – síðasta Kastjósinu fyrir jól,“ segir Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss.

Þórhallur furðar sig jafnframt á mola sem birtist í Fréttablaðinu í gær, hér á þessari síðu, þess efnis að Bó sé ekki í náðinni hjá sér vegna þess að hann hafi afþakkað boð um að koma fram í Kastljósinu til að syngja. Ekkert er hæft í því eins og mun sýna sig á föstudagskvöld. Eru hlutaðeigandi beðnir velvirðingar á því sem mishermt var og ljóst að sú heimild sem stuðst var við er ekki áreiðanleg.

„Auðvitað kem ég í Kastljósið og syng! Í sjónvarp allra landsmanna,“ segir Björgvin Halldórsson. Segir sig og Þórhall mestu máta og hann á leiðinni með hersingu manns upp í Útvarpshús: Karlakórinn Fóstbræður, Gospelkór Reykjavíkur, Reykjavík Sessions Orcestra strengjasveit auk Þóris Baldurssonar og Einars Scheving. Í anda jólanna verður tekið hátíðlegt lag sem heitir Við vöggu í Betlehem.

„Ég hef ákveðið að gefa greiðsluna til hjálparstarfs ABC. Þetta er stór hópur sem kemur fram en lítil upphæð. Þú gætir farið með hana út í búð og værir búinn með hana um kaffileytið. Hrekkur skammt í lífsgæðakapphlaupinu hér en drífur langt í Afríku. Þar mun hún kosta skólagöngu, kaup á bókum, fatnaði og fæði fyrir þrjú börn í heilt ár. Við vildum bara að við gætum gefið meira og kannski gerum við það. Bætum við þetta. Það er aldrei að vita,“ segir Bó.

- jbg

BÓ Hefur ákveðið að gefa greiðsluna til barna í Afríku enda hrekkur féð skammt í lífsgæðakapphlaupi innanlands.



LÁRÉTT 2. báru að **6.** skóli **8.** heldur brott **9.** vætla **11.** tveir eins **12.** strunsa **14.** mjaka **16.** í röð **17.** málmur **18.** hætta **20.** tveir eins **21.** útungun eggja.

LÓÐRÉTT 1. arabískur héraðshöfðingi **3.** ógrynni **4.** mælieining **5.** sarg **7.** hænsn **10.** regla **13.** gerast **15.** nabbi **16.** nam burt **19.** átt.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. komu, **6.** ma, **8.** fer, **9.** ila, **11.** gg, **12.** rigsa, **14.** flikra, **16.** tu, **17.** eir, **18.** ógn, **20.** öö, **21.** klak.

LÓÐRÉTT: 1. emir, **3.** of, **4.** megaríð, **5.** urg, **7.** alifugl, **10.** agi, **13.** ske, **15.** arða, **16.** tók, **19.** na.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Randver Þorláksson.
2. Júlía Tymosjenkó.
3. Margrét Lára Viðarsdóttir.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

JÓHANN PÁLL: VERÐUR SJÁLFSAGT STUNGIÐ Í TALIBANASAMFÉLAGIÐ

Umdeild erótík í auglýsingu

„Nei, þetta er bara undirstrikun á innihaldi bókarinnar,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi hjá JPV forlagi, aðspurður hvort nýleg auglýsing frá honum sé ekki hreinlega karlrembuleg.

Í vikunni birtist heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu þar sem bók Þórunnar Erlu-Valdimarsdóttur er auglýst. Auglýsingin samanstendur af lofsamlegum umsögnum gagnrýnenda en svo til hliðar má sjá nakinn kvenmann án þess að ljóst sé í fljótu bragði hvernig það tengist efni bókarinnar í augum þeirra sem ekki hafa lesið.

„Þetta er erótísk mynd og fólk hlýtur að draga þá ályktun. Eða eins og segir í texta auglýsingarinnar, enginn venjulegur krimmi, og þá hlýtur hann væntanlega að vera með erótísku ívafi,“ segir Jóhann Páll og dregur hvergi af sér þegar hann lýsir ágæti bókarinnar: „Listilega skrifuð erótík. Enginn skrifar betur um erótík en Þórunn.“

En spurt er hvort auglýsingin sé ekki dæmigerð hlutgerving kvenlíkamans?

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi og formaður mannréttindanefndar, segir auglýsinguna til marks um sláandi metnaðarleysi og lítið og lélegt hugmyndaflug auglýsingagerðarfólks. „Að fólk skuli ekki vera frumlegra en svo. Jafnvel þó þetta tengist efni bókarinnar, og þetta er svo sem ekkert hræðileg mynd þannig, sé ég ekki tenginguna. Þessi bók er markaðssett sem glæpasaga. Ég hef ekki vitað til þess að þær séu markaðssettar með beru kvenfólki jafnvel þótt það komi við sögu í bókinni. Annars finnst mér að hætta eigi að láta femínista svara fyrir klámvæðinguna heldur fólkið sem er að hlutgera konurnar. Auglýsingastofurnar,“ segir Sóley.

Jóhann Páll dregur hins vegar hvergi í land og aðspurður hvort hann óttist ekki að femínistar muni fetta fingur út í auglýsinguna eða hvort hann jafnvel skáki í því skjólinu að höfundur sé kona segir hann:

„Satt best að segja get ég ekki hagað lífi mínu, orðum mínum og gjörðum eftir þeim rétttrúnaði sem veður uppi í samfélaginu nú um stundir. Þannig að ég leiði hugann ekki að því. Mér verður sjálfsagt stungið inn í talibanasamfélagið en það verður þá bara svo að vera.“

„Ég skipti mér ekkert af auglýsingum. Ég bara skrifa bókina,“ segir sjálfur höfundur bókarinnar aðspurð hvað henni sýnist. Þórunn neitar því ekki að auglýsingin fari eilítið í taugarnar á sér. „Ekki síst vegna þess að það sem ég er að skrifa um, það finnst mér eðlilegt en ekki blautlegt. Hlutgerving? Ég vona að sagan sé fremur frelsandi. Það eru sterkar konur í minni bók sem stjórna atburðarásinni. Alveg eins og í Njálu.“

jakob@frettabladid.is

JÓHANN PÁLL Ætlar ekki að haga lífi sínu eftir þeim rétttrúnaði sem nú veður uppi.

HIN UMDEILDA AUGLÝSING Klámvæðing eða vísað til efnis bókar? Höfundur skiptir sér ekki af auglýsingum heldur „bara“ skrifar bókina.

SÓLEY TÓMASDÓTTIR Sér ekki samhengið markaðssetningar glæpabókar og þess að setja nakta konu í auglýsingu um hana.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá á mánudaginn var **Gísli Örn Garðarson** í Sjanghæ við tökur á auglýsingu. Leitt var að því líkum að Gísli væri jafnvel að leggja sjálfu Eimskipsfélaginu lið en annað hefur komið á daginn. Fyrirtækið Atorka fékk nefnilega Gísla til liðs við sig og nýja herferð sína. Engum sögum fer þó af því hvaða hlutverki Gísli gegndi þótt vissulega megi reikna með því að leikarinn leggi til meira en bara röddina.

Fréttastofa Stöðvar 2 hefur verið á fullu við að undirbúa fréttaannál sinn en þetta verður í fyrsta skipti sem **Steingrímur Sævarr Ólafsson** stjórnar honum í stóli fréttastjóra. Steingrímur og hans fólk hyggjast taka hressilega á málum og fengu meðal annars lánaða fjóra, glæsilega Range Rovera sem verða í aðalhlutverki í annál stöðvarinnar. Ekki verður þó kastljósinu beint að bílakaupum landsmanna heldur einfaldlega þeirri staðreynd að Ísland er best, fallegast og ekki síst, langríkast.

Og það færist í aukana að nota kristna trú í auglýsingum. Eins og flestum ætti enn að vera í fersku minni fór þjóðfélagið á hvolf þegar **Jón Gnarr** og Síminn notuðu svik Júdasar í auglýsingarskyni. Flugfélagið **Iceland Express** birtir á heimasíðu sinni nokkuð skondna auglýsingu þar sem „fjárhús og jata geti alveg passað við ákveðnar aðstæður en flest viljum við rúm til að sofa. Ekki lenda því í því sama og María og Jósef.“ Kristindómurinn virðist því vera orðin gullnáma fyrir markaðsfólk og þá ekki síst yfir hátíðirnar. **- fgg**

Notendavæn klámsíða fyrir blinda

„Þetta er frábær síða, þarna eru góðar hljóðupptökur, hægt er að stækka myndirnar mjög mikið og allt er notendavænt fyrir blinda,“ segir Bergvin Oddsson, formaður ungmennahreyfingar Blindrafélagsins, um erótíska heimasíðu sem hentar blindum og sjónskertum vel.

Bergvin segist hafa fengið upplýsingar um síðuna frá alþjóðafulltrúa blindra sem staddur var í Hollandi en á heimasíðu blindrasamtakanna þar var vísað á heimasíðuna soundsdirty.com. Bergvin segir blinda og sjónskerta eiga erfitt með að nota tölvumús. Þess í stað noti þeir tab-takkann til að fara á milli hlekkja. Þetta sé sérstaklega auðvelt á SoundsDirty og þá sé hægt að stækka myndir mikið og njóta hljóðupptakna af kynlífi.

„Ég man bara ekki eftir að hafa rekist á klámsíðu sem kemur jafn vel til móts við þarfir sjónskertra, en reyndar hef ég ekki lagt metnað minn í að leita slíkar síður uppi,“ segir Bergvin og skellir upp úr.

„Ég er bara virkilega ánægður með hollenska kollega mína. Margir blindir hafa gaman af klámi, rétt eins og annað fólk, og því finnst mér rétt að benda öðrum á síðuna,“ segir Bergvin. **- kdk**

NOTENDAVÆNT Blindir og sjónskertir eiga erfitt með að nota tölvumýs en nota þess í stað tab-takkann. Á mörgum síðum er það þó erfitt.

GLEÐST YFIR FRAMTAKINU Bergvin segir marga blinda og sjónskerta hafa gaman af klámi og rétt sé að benda á jafn notendavæna síðu líkt og hollensku blindrasamtökin geri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

Jóladressið hefur aldrei kostað jafn lítið

Jakkaföt
- 8 mismunandi litir
- stærðir 42 til 64

Skyrta

Bindi

Belti

Skór

3 pör af sokkum

14.990,-

Nýjar vörur komnar í hús

Smart að spara – Outlet 10

Faxafeni 10

Opið alla daga til jóla frá 11 til 22

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

jol.is



BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Jólaskraut

Ég hef fastmótaðar skoðanir á jólaskrauti. Mér finnst að í jólaskreytingu fjölskyldunnar eigi öllu að ægja saman, stíllinn á að vera sundurlaus, jafnvel smekklaus. Fimm ára heimagerður músastigi má alveg hanga við hliðina á nýjustu gullkúlunni frá Georg Jensen. Dapurlegt finnst mér útúrhannað jólaskraut og sú viðleitni að allt skrautið sé í stíl. Ég hélt að svörtu jólatrén og svörtu kúlurnar sem voru vinsælar í fyrra væru botninn, en nú þegar berast fréttir af fólki sem fær verktaka til að skreyta hjá sér með fokdýru snobbskrauti veit ég að það má alltaf komast neðar.

NÚ eru tímar forgengileikans. Dót er ekki búið til til að endast. Oftast eyðileggst dót daginn eftir að það dettur úr ábyrgð. Minna kostar að fá sér nýtt en að gera við. Líttu í kringum þig. Hvað er elsta dótið sem þú átt? Hefur eitthvað fylgt þér síðan úr æsku? Elsta dótið mitt er Sharp-vasareiknir síðan 1980. Það er enn þá á upprunalegu batteríunum sem er örugglega kraftaverk. Ég man greinilega að líftími batteríanna var sagður sirka fimm ár.

GAMALT dót hefur tilfinningagildi og jólaskraut er oft það elsta á heimilum. Skrautið hefur safnast saman í gegnum árin. Það kaupir enginn allt jólaskrautið sitt í einu. Jólaskraut hjá fjölskyldu er eins og húðflúr á einstaklingi. Það segir sögu hennar. Skrautið er geymt í kössum meirihluta ársins. Þegar það er tekið upp fer hlý tilfinning um mann, sama tilfinningin og maður fær þegar maður rekst á sams konar dót og maður átti í bernsku á fornsölu. Hjá foreldrum mínum sé ég gamla plastjólasveininn uppi á sjónvarpi. Hann hefur birst á jólum síðan ég man eftir mér. Ég veit af fenginni reynslu að hann er svartur undir brókinni. Svona minningarbrot gera mann að því sem maður er.

MÉR finnst leiðinlegt að henda gömlu dóti. Ég kveð það stuttlega og þakka því fyrir samfylgdina. Ég býst við að ég hafi erft þessa hlutahluttekningu frá móður minni. Ein falleg saga af henni er að hún keypti sér einu sinni nýtt bjútíbox á Kanarí. Hún tók samt það gamla með sér heim af því hún vildi ekki henda því á erlendri grundu. Að lokum segi ég gleðileg jól og farið vel með jólaskrautið ykkar!

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 20. desember, 354. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.21	13.25	15.30
Akureyri	11.37	13.10	14.43

Heimild: Almanak Háskólans